

skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




**Þjálfun svengdarvitundar**
*Njóttu þess að borða heitir meðferð fyrir konur í yfirvigt sem tveir hjúkrunarfræðingar innan heilsugæslunnar hafa þróað.*
**allt 2**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**15. nóvember 2011**
267. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Grínar í Hollywood**
*Ragga Magg, fyrrverandi útvarpskona, hefur stofnað grínhóp í Los Angeles.*
**fólk 34**

**Ímynd Íslands**
*Sumarliði R. Ísleifsson segir bæði horft til fortíðar og samtímans í greinum fræðimannanna.*
**menning 24**



**Endurvekja landsliðið**
*KKÍ mun senda A-landslið karla á EM eftir tveggja ára fjarveru.*
**sport 30**

**veðrið í dag**




**MILT Í VEÐRI** Í dag verða víðast sunnan 5-10 m/s. Rigning S-lands og V-til í kvöld en annars úrkomulítið. Hiti 7-14 stig.
**VEÐUR 4**



**AFHENTU SKJALASAFN SÆVARS** Sigurþór Sævarsson, tvítugur sonur Sævars Ciesielski, ber kassa fullan af skjölum um Guðmundar- og Geirfinnsmálið til starfshóps innanríkisráðherra. Gögnin sem börn Sævars færðu starfshópnum í gær fylltu alls ellefu kassa. Gögnunum hafði Sævar viðað að sér í baráttu sinni fyrir endurupptöku málsins. **Sjá síðu 8**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heimilin eiga 622 milljarða í lausafé

**Heimili landsins eiga samanlagt digra sjóði og hafa mikla getu til fjárfestinga. Um 83% af skuldum þeirra eru verðtryggð. Eru að mestu við Íbúðalánasjóð og LÍN.**

**VIÐSKIPTI** Heimili landsins áttu 622,4 milljarða króna í innstæðum, seðlum og myntum um mitt ár 2011. Þetta kemur fram í fjármálareikningi fyrir íslensk fjármálafyrirtæki sem Seðlabanki Íslands birti í fyrsta sinn fyrir helgi. Til stendur að birta slíka reikninga ársfjórðungslega.

Heildareignir fjármálakerfisins voru 10.906 milljarðar króna í lok júní síðastliðins. Til þess telst í fyrsta lagi bankakerfið, í öðru lagi önnur fjármálafyrirtæki á borð við fjárfestingarbanka, fjármálafyrirtæki í slitameðferð, Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) og í þriðja lagi lífeyrissjóðir og tryggingafélög.

> **83%** útlána til heimila í júní síðastliðnum voru verðtryggð lán.

Útlán kerfisins voru 4.213 milljarðar króna, eða um 39% af eignum þess. Þar af skulduðu heimili landsins um 1.507 milljarða króna, sem nemur rétt tæplega árlegri landsframleiðslu. Um 83% útlána til heimila voru verðtryggð lán, 11% voru óverðtryggð og um 4% gengisbundin.

Stærstu lánveitendur heimilanna, með tæplega 55% af öllum útlánum, voru önnur fjármálafyrirtæki en bankar. Þar eru Íbúðalánasjóður og LÍN langstærstu lánveitendurnir.

Á móti áttu heimili landsins 622,4 milljarða króna í innstæðum, seðlum og myntum sem hægt væri að fjárfesta fyrir. Upphæðin er ekki sundurliðuð frekar í tölum Seðlabankans og því er ekki hægt að sjá hversu mörg heimili eru á bak við þessa miklu lausafjáreign.

Tæp 29% af skuldum fjármálakerfisins, sem samtals eru 15.365 milljarðar króna, eru innlán, eða 4.429 milljarðar króna.

Fyrirtæki sem eru í slitameðferð eða nauðasamningum skulda samtals 9.552 milljarða króna, en eiga 2.992 milljarða króna. Staða þeirra er því neikvæð um 6.559 milljarða króna, sem gefur ágæta mynd af tapi erlendra kröfuhafa á íslenska bankahruninu. **- þsj**

Mæðgur í nærfataauglýsingu:
# Umdeild auglýsingaherferð með mæðgum

**FÓLK** „Gagnrýnin á netinu hefur ekki farið framhjá okkur,“ segir Jóhanna Metúsalemsdóttir skartgripahönnuður. Jóhanna situr fyrir í auglýsingaherferð nærfatahönnuðarins The Lake&Stars ásamt dóttur sinni, Indíu Salvör Menuez.

Herferðin hefur vakið misjöfn viðbrögð og á vefsíðu The Huffington Post er að finna grein þar sem greinarhöfundur getur hreinlega ekki ákveðið hvort honum finnst herferðin snilldarlega framsett eða hreinlega vandræðaleg. „Kynþokkafullt? Fallegt? Mjög vandræðalegt? Við bara getum ekki ákveðið okkur,“ segir í greininni og viðbrögð lesenda láta ekki á sér standa. Flestum finnst myndirnar óþægilegar enda óvanalegt að sjá mæðgur saman í nærfatnaði einum klæða. **- áp /** **sjá síðu 34**

Óbreytt hjá borgarfulltrúa:
# Borgi sjálf síma í fæðingarorlofi

**REYKJAVÍKURBORG** **Forsætisnefnd Reykjavíkur hefur ákveðið að leggja ekki til breytingar á farsímareglum fyrir borgarfulltrúa.**

**Málið var á dagskrá nefndarinnar í síðustu viku og var þá rætt um mögulegar breytingar á verklagsreglum um farsíma borgarfulltrúa þannig að Reykjavíkurborg greiði kostnað vegna símnotkunar borgarfulltrúa í fæðingarorlofi. Einn nefndarmanna, Júlíus Vífill Ingvarsson, sat hjá við afgreiðslu málsins.**



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

**Flokkssystir Júlíusar úr Sjálfstæðisflokki, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, sem er eini borgarfulltrúinn í fæðingarorlofi um þessar mundir og ver því á Spáni, vildi vita hvort hægt væri að gera slíka breytingu. - gar**


Lactocare daily
Bætir meltinguna



Með daglegri inntöku á Lactocare daily stuðlar þú að bættri þarmaflóru og jafnar ástand meltingarinnar.
Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag. Lactocare fæst í apótekum.






Gráða & feta
ostateningar í olíu
Nýtt




ms.is

## SPURNING DAGSINS



*Reynir, er þetta ekki bara grátkór?*

„Nei, það held ég ekki, og vonandi hefur hann ekki sungið sitt síðasta.“

Kirkjukór Hvalsneskirkju er orðinn svo þreyttur á starfinu að hann hefur ákveðið að hætta. Reynir Sveinsson er formaður sóknarnefndar Hvalneskirkju.

Flugumaður segist oftast hafa verið pantaður af lögregluyfirvöldum til að njósna:

# Kennedy dulbjóst í 22 löndum

**LÖGREGLUMÁL** Flugumaðurinn Mark Kennedy, sem smaug inn í raðir mótmælenda á Kárahnjúkum fyrir nokkrum árum í þjónustu bresku lögreglunnar, virðist hafa iðinn við kolann í svipuðum erindagjörðum vítt og breitt um Evrópu.

Breska sjónvarpsstöðin Channel Four frumsýndi í gærkvöldi heimildarmynd um Kennedy þar sem meðal annars kom fram að hann hefði smyglað sér inn í raðir hústökumanna í ungdómshúsinu í Kaupmannahöfn árið 2007. Kennedy segist hafa aflað upplýsinga fyrir dönsku lögregluna, sem hún hafi síðan nýtt sér til þess að ráðast til atlögu við hústökufólkið.

Kennedy, sem nú er atvinnulaus, staðhæfir að hann hafi heimsótt 22 lönd á sjö ára ferli sínum sem lögreglumaður í dulargervi, en hann þóttist yfirleitt vera umhverfissinni. Kennedy segir að yfirleitt hafi hann verið pantaður af þarlendum lögregluyfirvöldum til þess að smjúga inn á meðal aðgerðasinna í viðkomandi landi og afla upplýsinga.

Enn hefur því ekki verið svarað hvort íslensk lögregluyfirvöld hafi vitað af veru Marks Kennedy hér á landi.



**FLUGUMAÐUR** Mark Kennedy laumaði sér í raðir mótmælenda á Kárahnjúkum.

Meðalhiti í Reykjavík 6,3 stig:

# Nóvember sá fjórði heitasti

**VEÐUR** Meðalhitinn í Reykjavík það sem af er mánuðinum er 6,3 stig, sem gerir mánuðinn að fjórða heitasta nóvembermánuði frá því að mælingar hófust. Þetta segir Trausti Jónsson veðurfræðingur á bloggsíðu sinni.

Heitast var þó á sömu dögum í nóvember 1945 en þá var meðalhitinn 8 stig, 7,2 stig árið 1956 og 6,6 stig árið 1964.

Á Akureyri hefur meðalhitinn það sem af mánuðinum er verið 4,5 stig, en var mest 6,7 stig á sama tíma 1956. - jhh

Kosið í Sjálfstæðisflokknum:

# Hanna Birna laðar meira

**KÖNNUN** Almennir kjósendur segjast líklegri til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef Hanna Birna Kristjánsdóttir verður kjörin formaður flokksins. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Capacent sem stuðningsmenn hennar létu framkvæma.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Samanlagt sögðust 33,4% örugglega, mjög líklega eða frekar líklega mundu kjósa flokkinn með Hönnu Birnu sem formann. Sambærileg tala hjá Bjarna var 22,6%.

14,6 prósent sögðust örugglega mundu kjósa flokkinn ef Hanna Birna væri formaður en 10,7 prósent ef Bjarni Benediktsson væri formaður. Þeir voru jafnframt færri sem sögðust örugglega eða líklega ekki myndu kjósa flokkinn ef Hanna Birna væri formaður en ef Bjarni væri í forystu.

Könnunin var framkvæmd í síðustu viku og svarhlutfall var 61,7 prósent. - jmi, jhh

Vegfarendur lágu í valnum:

# Níu létust í gassprengingu

**KÍNA Níu létust og rúmlega 30 særðust eftir að sprenging átti sér stað á veitingastað í Kína í gær. Sprengingin var gríðarlega öflug og splundruðust rúður í allt að þriggja kílómetra fjarlægð.**

**Atvikið átti sé stað í borginni Xi‘an, en hún er höfuðstaður Shaanxi-héraðs. Talsmaður slökkviliðsins í borginni greindi frá því að orsök sprengingarinnar hefði líklega verið gasleki á veitingastaðnum.**

**Þeir sem létust voru aðallega vegfarendur fyrir utan veitingastaðinn.**

# 138 ferðamenn dáið hér síðan árið 2000

**Hátt í 140 innlendir og erlendir ferðamenn hafa látist hér á landi á síðustu tíu árum. Flestir láta lífið í umferðarslysum. Banaslysum hefur þó fækkað á síðustu árum, þrátt fyrir fjölgun ferðamanna. Slysum í útivist fækkar ekki.**

**SLYS** Árlega deyja um 12 ferðamenn að meðaltali hér á landi af slysförum. Flest dauðsföllin eru tengd umferðinni en þeim hefur fækkað töluvert á síðustu árum. Alls hafa 138 manns látist á ferðalagi um Ísland síðan árið 2000.

Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri slysavarna ferðamanna hjá Landsbjörgu, segir að þótt banaslysum hafi fækkað hlutfallslega á síðustu árum séu þau enn of mörg.

„Þetta er enn of mikið, það er alveg á hreinu,“ segir Jónas, sem vann að því fyrir Slysavarnarfélagið Landsbjörg fyrr á árinu að taka saman og greina banaslys í ferðaþjónustu síðasta áratuginn. Notuð var sú skilgreining að viðkomandi hefði verið á ferðalagi frá heimili sínu í að minnsta kosti sólarhring, en einnig tekið inn í ef viðkomandi hefði verið að stunda afþreyingu í dagsferð.

Næststærsti flokkurinn utan umferðarslysa er banaslys í almennri ferðamennsku, sem eru 33 talsins, eða um þrjú á ári. Í grein sem Jónas skrifaði fyrr á þessu ári segir hann að nauðsynlegt sé að hafa í huga að ferðamönnum hafi fjölgað hér á landi á síðustu árum og því hafi slysum fækkað hlutfallslega. Hann segir þó að brýnt sé að huga að forvörnum er varða náttúru landsins, þar sem rúm 80 prósent ferðamanna koma hingað til lands vegna náttúrunnar.

„Svo mörg af þessum slysum eru sárgrætilega óþörf,“ segir hann og nefnir þar atvikið sem átti sér stað um síðustu helgi þegar ungur Svíi lét lífið á Sólheimajökli. „Hvort sem það var hans að vita eða okkar að fræða, þá eiga menn að vita að fara ekki upp á íslenskan skriðjökul nema á mannbroddum. Og helst ekki nema í för með ferðaþjónustuaðilum.“

Jónas segir að með handstýringu ferðamanna, enn frekari reglugerðum og lagasetningum og aukinni fræðslu ætti að vera hægt að fækka slysum og dauðsföllum á ferðalögum hér á landi.

sunna@frettabladid.is



**BJÖRGUN** Verkefnastjóri hjá Landsbjörg segir að auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir mörg slysanna sem orðið hafa á síðustu árum.






**ASSAD OG ABDULLAH** Samskiptin voru betri á síðasta ári. NORDICPHOTOS/AFP

Abdullah Jórdaníukonungur:

# Hvetur Assad til afsagnar

**JÓRDANÍA, AP Abdullah Jórdaníukonungur hvetur Bashar al-Assad Sýrlandsforseta til að segja af sér.**

**Abdullah er fyrsti leiðtogi arabaríkis sem hvetur Assad til afsagnar, en áður hafði Arababandalagið rekið Sýrland úr félagsskapnum. Þá samþykkti Evrópusambandið í gær að herða refsiaðgerðir gegn Sýrlandi.**

**Ástæða alls þessa eru harkaleg viðbrögð Sýrlandsstjórnar við mótmælum, sem staðið hafa síðan í vor. Viðbrögð stjórnarinnar hafa kostað hátt á fjórða þúsund manns lífið.** - gb

Bætir sjón og viðbrögð:

# Herlið Rússa fær hnitbúnað

**RÚSSLAND** Yfirmenn rússneska hersins hafa ákveðið að útvega öllum deildum hersins badmintonbúnað, sem á að hjálpa þeim að skerpa á færni sinni á ýmsum sviðum.

Verið er að ganga frá kaupum á tíu þúsund badmintonspöðum og tugþúsundum fjaðrabolta. Hnitiðkuninni er ætlað að styrkja hjarta- og æðakerfið og vöðva í augum og bæta viðbrögð, að sögn Alexanders Schepelev, yfirmanns líkamsþjálfunar í varnarmálaráðuneytinu.

„Badminton er mjög gagnlegt fyrir alla hermenn án undantekninga, en sérstaklega fyrir leyniskyttur og aðra byssumenn,“ segir Schepelev. - sh


Voltaren Gel 100g
20% afsláttur
Verð áður: 3.073 kr.
Verð nú: 2.458 kr.




Reykjavíkur Apótek
Seljavegi 2 101 Reykjavík Sími 511 3340 www.reyap.is
Afgreiðslutími: 9-18.30 alla virka daga og 10-16 á laugardögum


Breivik reyndi að koma málstað sínum á framfæri í fyrsta opna dómþinginu:

# Einangrunarvistin framlengd

**NOREGUR** Anders Behring Breivik, norski fjöldamorðinginn sem myrti tugi manna, einkum unglinga, í Ósló og á Úteyju í sumar, virkaði dálítið taugastrekktur á blaðamenn, sem fylgdust með þegar hann kom fram í réttarsal í gærmorgun, en það var í fyrsta sinn frá því hann var handtekinn að fjölmiðlum og almenningi er leyft að fylgjast með dómþingi í málinu.

Breivik sagðist ekki viðurkenna dómstólinn. Hann reyndi að nota tækifærið til að ræða almennt um bakgrunn og ástæður voðaverkanna, en dómarinn greip ítrekað fram í fyrir honum og bað hann um að halda sig við efni dómþingsins, sem er einangrunarvistin og aðstæður í fangelsinu. Niðurstaða dómsins varð sú að einangrunarvist hans var framlengd.



**LÖGMENN BREIVIKS** Breivik féllst ekki á myndatöku af sjálfum sér í réttarsalnum. NORDICPHOTOS/AFP

Nokkur þeirra ungmenna sem sluppu lifandi frá Útey fylgdust með í réttarsalnum og sögðu það hafa verið óþægilega upplifun.

Talið er að sjálf réttarhöldin hefjist varla fyrr en um páska. John Arild Aasen, lögmaður Breiviks, segist telja að réttarhöldin geti tekið fleiri ár. - gb


burt
með leiðindin
meira fjör!
færri krónur!

## GENGIÐ 14.11.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,64 | 116,20 |
| Sterlingspund | 184,52 | 185,42 |
| Evra | 158,45 | 159,33 |
| Dönsk króna | 21,286 | 21,410 |
| Norsk króna | 20,461 | 20,581 |
| Sænsk króna | 17,425 | 17,527 |
| Japanskt jen | 1,5022 | 1,5110 |
| SDR | 181,94 | 183,02 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 214,2978

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mario Monti reynir að hraða stjórnarmyndunarviðræðum á Ítalíu:

# Reynir að fá fylgi við stjórnina

**ÍTALÍA, AP** Mario Monti, arftaki Silvios Berlusconi, hóf í gær stjórnarmyndunarviðræður á Ítalíu. Ráðherrar verða einkum ópólitískir sérfræðingar, sem fá það hlutverk að koma efnahag landsins á réttan kjöl.

Hann sagðist ætla að hraða ráðherravalinu eftir föngum, en þó vanda sig við að finna réttu mennina.

Monti mætti einnig á fundi hjá stjórnmálaflokkum í von um að fá stuðning þeirra við nýju stjórnina.

Gianfranco Fini, forseti neðri deildar ítalska þingsins, bjóst við að nýja stjórnin verði tilbúin á föstudag.

Mikill þrýstingur er á Ítalíu að efla sem fyrst traust markaða á stjórn fjármála, í von um að landið þurfi ekki að leita eftir fjárhagsaðstoð frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eins og Grikkland, Írland og Portúgal hafa þurft að gera.

Svipað ástand er í Grikklandi, þar sem nýr forsætisráðherra reynir að takast á við það erfiða verkefni að koma landinu í gegnum verstu skuldakreppuna. - gb




**MÓTMÆLA MONTI** Hópur hægrimanna efndi til mótmæla gegn nýja forsætisráðherranum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sækja í sund í Bolungarvík:

# Fleiri í sund með göngum

**BOLUNGARVÍK** Um 30 þúsund gestir hafa sótt sundlaug Bolungarvíkur það sem af er árinu eða rúmlega 700 gestir að jafnaði í viku hverri. Þetta er um 28% aukning en 23.500 gestir höfðu sótt laugina á sama tímabili í fyrra. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.

Aðsóknin var mest í júlí, tæplega 7.000 gestir, eða á þriðja hundrað gestir á hverjum degi mánaðarins.

Ljóst þykir að tilkoma Bolungarvíkurganga hafi haft veruleg áhrif á aukna aðsókn í sundlaugina.

Mengun í Garði:

# Fundu saurgerla í neysluvatnsbóli

**UMHVERFISMÁL** E. coli-bakteríur fundust í sýni af neysluvatni í vatnsbóli í Garði við reglubundið eftirlit í síðustu viku. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og Víkurfréttir segja frá.

Niðurstöður lágu fyrir í gærmorgun og var vatnsbólinu, sem er við Heiðarbraut, þegar lokað og dreifikerfið hreinsað.

Heilbrigðiseftirlitið mun ráðast í frekari rannsóknir á neysluvatninu og er gert ráð fyrir því að rannsóknarniðurstöður liggi fyrir í vikunni. - þj

Sif fann flóttamenn við Ítalíu:

# Fann 37 flóttamenn í skipi

**LANDHELGISGÆSLAN Sif, flugvél Landhelgisgæslunnar, fann skip með 37 flóttamönnum við Ítalíu á aðfaranótt föstudags. Sif var að fljúga fyrir landamærastofnun Evrópusambandsins þegar eftirlitsbúnaður flugvélarinnar greindi grunsamlegan bát og á þaki hans sást uppblásinn slöngubátur og nokkrar manneskjur.**

**Flóttamennirnir, 27 karlmenn og 10 drengir, voru frá Pakistan, Afganistan, Bangladess og Srí Lanka. Var þeim bjargað og þeir fluttir til hafnar á Ítalíu. Tveir skipuleggjendur smyglsins voru einnig um borð, Rússi og Úkraínumaður, og voru þeir handteknir.** - sv

## LEIÐRÉTT

Ranglega var farið með nafn dansarans Freyþórs Össurarsonar í forsíðumyndatexta í blaðinu í gær. Þá urðu hann og Hrefna Dís Halldórsdóttir í 5. sæti í fullorðinsflokki á WDFS Iceland Open.

# Nýnasistar myrtu tíu óáreittir af lögreglu

**Tveir þýskir nýnasistar drápu tíu manns á árunum 2000 til 2007, en sviptu sig lífi í byrjun mánaðarins þegar lögregla komst loks á sporið. Samstarfskona þeirra gaf sig fram á föstudag og nú hefur fjórði maðurinn verið handtekinn.**

**ÞÝSKALAND** Þýskir stjórnmálamenn og þýska lögreglan sæta harðri gagnrýni í þýskum fjölmiðlum fyrir að hafa ekki verið nægilega vakandi gagnvart hættunni af ofbeldissinnuðum nýnasistum.

Þriggja manna hópur þýskra nýnasista komst í meira en áratug upp með að myrða fjölda manns og fremja bankarán víða um land, þrátt fyrir að lögreglan í borginni Jena hafi strax árið 1998 fundið og upprætt verkstæði þeirra, þar sem búnar höfðu verið til sprengjur.

Þau komust þá undan og árið 2000 tóku þau til við að myrða. Átta árum síðar höfðu þau myrt tíu manns, þar af átta af tyrkneskum uppruna, einn af grískum uppruna og loks eina þýska lögreglukonu, en það morð var framið árið 2008.

Flestir hinna myrtu voru skotnir í andlitið að kvöldi til, oftast á kebabstöðum, þar sem hinir myrtu unnu flestir við afgreiðslu.

Eftir þetta hafði hópurinn hægt um sig, en hinn 4. nóvember síðastliðinn lét hann til skarar skríða á ný og reyndi að ræna banka í borginni Eisenach. Eitthvað fór þó úrskeiðis og lögreglan komst loks á spor þeirra aftur.

Höfuðpaurarnir, þeir Uwe Mundlos og Uwe Böhnhardt, báðir á fertugsaldri, virðast hafa hlustað á fjarskiptasamskipti lögreglunnar og áttað sig á því, að nú væri að komast upp um þá. Síðar um daginn fundust þeir látnir í húsbíl, sem þeir höfðu kveikt í.




**NÖFN HINNA MYRTU** Málið hefur vakið hörð viðbrögð í Þýskalandi og um helgina var efnt til mótmæla í Berlín. NORDICPHOTOS/AFP

Byssukúlur voru í þeim báðum, og virðast þeir annað hvort hafa skotið hvor annan, eða annar þeirra skotið hinn fyrst og síðan sjálfan sig. Í bifreiðinni fundust skotvopn, meðal annars byssa sem notuð var við morðin 2000 til 2008

Á föstudaginn var gaf svo Beate Zschäpe, 36 ára gömul vinkona þeirra, sig fram við lögreglu. Þau þrjú höfðu búið saman í íbúð í borginni Zwickau. Zschäpe hafði kveikt í íbúð þeirra stuttu eftir að þeir Mundlos og Böhnhardt sviptu sig lífi, að því er virðist eftir að þeir höfðu tilkynnt henni um þau áform sín að svipta sig lífi.

Fjórði maðurinn sem tengist hópnum er í þýskum fjölmiðlum aðeins nefndur Holger G. Hann virðist hafa afhent þeim ökuskírteini sitt árið 2007 og svo lét hann þau einnig fá vegabréfið sitt fyrir fjórum mánuðum. Íbúðin sem þau þrjú bjuggu í var á nafni Holgers. Auk þess er hann sagður hafa leigt húsbíla sem þau notuðu við voðaverk sín.

Í brunarústum íbúðarinnar fannst meðal annars fimmtán mínútna myndband þar sem þeir Mundlos og Böhnhardt stæra sig af morðunum.

gudsteinn@frettabladid.is

Vaðlaheiðargöng samþykkt:

# Forsendur ekki endurskoðaðar

**ALÞINGI** Fjáraukalög voru samþykkt til þriðju umræðu í gær og samkvæmt áætlun verða þau samþykkt á morgun. Þar með verður samþykkt heimild til láns og ábyrgðar vegna Vaðlaheiðarganga.



**ÞÓR SAARI**

Þingmenn gagnrýndu vinnubrögðin á þingi í gær. Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, sagði að um einkaframkvæmd í boði Vinstri grænna væri að ræða. Klára ætti málið án þess að gerð yrði úttekt á forsendunum, þó að umhverfis- og samgöngunefnd hefði farið fram á að ríkisendurskoðun færi yfir forsendurnar. Fleiri þingmenn gagnrýndu málið og sögðu ljóst að ríkisstjórnin hefði ekki tekið upp ný vinnubrögð eftir hrun. - kóp

LA ræður verkefnastjóra:

# Helga ráðin til sex mánaða

**AKUREYRI Helga Mjöll Oddsdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri hjá Leikfélagi Akureyrar. Ráðið er til sex mánaða og er starfssvið verkefnastjóra að fylgja eftir í verki leikárinu sem búið er að kortleggja og hafið er nú þegar. Ellefu manns sóttu um starfið. Frá þessu er greint á fréttavef N4.**

**Helga er 31 árs Akureyringur, með BA í leiklistarfræðum. Hún hefur starfað áður fyrir LA, fyrst árið 2007 sem aðstoðarmaður við búninga og nú í haust við búningahönnun.** - sv






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÁFRAM MILT** Litlar breytingar í veðrinu næstu daga en við verðum í suðlægum áttum og áfram í óvenjulega mildu lofti. Heldur vætusamt á köflum um sunnan- og vestanvert landið en þurrt og fínt norðan til á landinu.




Á MORGUN 3-10 m/s.

MÁNUDAGUR 5-10 m/s.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 11° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 17° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 1° |
| París | 11° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# ferð.is

## Ný ferðaskrifstofa á netinu

# Fljúgðu fyrir minna

**Skráðu þig í netklúbb ferð.is**
og þú átt möguleika á að fá
**300.000 kr.**
**ferðavinning**



## Verona
### Flugsæti
19. janúar.
**Verð frá 69.900 kr.**
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

## Tenerife
### Flug og gisting
**Playa Olid**
31. janúar - 1 vika.
**Verð frá 93.390 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherbergi.
Flug, flugvallarskattar og gisting.

## Kanarí
### Flugsæti
29. nóvember.
**Verð frá 69.900 kr.**
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.



Ferð.is flýgur til Verona, Tenerife og Kanarí með Icelandair

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

góða ferð

**ferð.is**
**sími 570 4455**

ferð.is

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að upplýsingagjöf til erlendra ferðamanna á Íslandi sé ábótavant?*

| | |
|---|---|
| Já | 75% |
| Nei | 25% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú skoðun á því hver á að vera biskup yfir Íslandi?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Sóknarprestar segja umræðu um kynferðisbrot í samfélaginu hafa góð áhrif:

# Frásögnum þolenda kynferðisbrota fjölgar

**ÞJÓÐKIRKJAN** Umræðan um kynferðisbrot innan þjóðkirkjunnar hefur gert það að verkum að fólk sækir í auknum mæli til presta og annarra starfsmanna kirkjunnar vegna kynferðisbrota. Þetta er mat sóknarpresta í Ísafjarðarkirkju og Akureyrarkirkju.

Magnús Erlingsson, sóknarprestur í Ísafjarðarkirkju, segir að frásögn Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur af ofbeldi sem hún varð fyrir af hendi föður síns hafi hjálpað fólki að horfast í augu við fortíð sína og leitað sér hjálpar. Hann segir presta í sóknum í nágrenninu hafa svipaða sögu að segja.

„Hingað til hefur það verið mjög óvenjulegt að fólk leiti til okkar með vandamál sem þessi," segir hann. „En þegar verið er að ræða um áföll í samfélaginu þá rifjast þau upp og rifnar ofan af gömlum sárum. Umræðan hefur áhrif."

Svavar Alfreð Jónsson, sóknarprestur í Akureyrarkirkju, tekur undir orð Magnúsar og segir að fólki sem leiti til kirkjunnar með vandamál sín eftir að Guðrún Ebba steig fram, hafi fjölgað.

„Það er enginn vafi á því að það hefur verið aukning í þessu á síðustu árum. Guðrún Ebba og þær konur sem hafa komið fram eiga miklar þakkir skildar," segir Svavar og bætir við að hann voni að kirkjan muni bæta sitt kerfi er varðar mál sem þessi og dragi lærdóm af fortíðinni.

„Við eigum von á því að það kerfi sem verður til staðar í kirkjunni, verði til fyrirmyndar," segir hann. „Auðvitað voru þessi mál í ólestri hjá okkur."

- sv



**ÍSAFJARÐARKIRKJA** Sóknarprestur á Ísafirði segir óvenjulegt að fólk leiti til starfsmanna kirkjunnar vegna kynferðisbrota.

# Kvótinn og náttúran helstu deiluefni ríkisstjórnarinnar

**Margir Samfylkingarþingmenn vilja vinda ofan af tillögum um breytingar á fiskveiðistjórn. Möguleiki á sátt talinn felast í gjaldtöku og nýtingarsamningum. Málið verður stjórninni erfitt sem og rammaáætlun.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða mál munu reynast stjórninni erfið?

Innan þingflokks Samfylkingarinnar gerast þær raddir háværari sem telja að ná þurfi samkomulagi við sjávarútveginn um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar. Það muni ekki gerast nái ítrustu kröfur stjórnarflokkarnna fram að ganga. Þess vegna sé rétt að ná fram þeim grundvallarbreytingum sem taldar eru nauðsynlegar, en einfalda útfærslu kvótafrumvarpsins.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, lagði fram frumvarp um breytt fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar í vor. Málið fékkst ekki afgreitt og var því vísað aftur til ráðherra sem hyggur á framlagningu nýs frumvarps nú í haust.

Þingmenn Samfylkingarinnar sem Fréttablaðið ræddi við töldu að ekki yrði fram hjá því litið að hagsmunaaðilar hefðu allir sent inn neikvæða umsögn um frumvarpið. Útilokað væri að ná sátt um málið með því að keyra hörðustu stefnu fram varðandi kvótann.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vex þeirri skoðun fiskur um hrygg að sömu reglur eigi að gilda um fiskinn í hafinu og aðrar auðlindir landsins. Þannig yrði samið um nýtingarrétt til lengri tíma, með möguleika á framlengingu. Fyrir þyrfti að greiða gjald.

Náist samstaða um þessa leið snúast álitaefnin um lengd á nýtingarrétti og upphæð gjaldsins. Fyrirkomulagið yrði það sama og er þegar samið er um nýtingu orkuauðlinda. Útfærsluatriði eru enn óljós, en líkur eru á að hluti fiskveiðiheimilda færi áfram í pott sem stæði utan við hinar og allir gætu sótt í.

Heimildarmenn Fréttablaðsins eru sammála um að líkur séu á að sátt takist um þessa leið. Horfa þeir jafnvel til þess að þessar hugmyndir séu ekki langt frá þeim sem Framsóknarflokkurinn hefur ámálgað í kvótamálum. Með þeim væri því möguleiki á að sækja stuðning út fyrir raðir stjórnarflokkanna.

Ljóst er að kvótinn verður stjórninni óþægur ljár í þúfu. Samfylkingarþingmenn eru meðvitaðir um að tillögur stjórnarinnar eru óvinsælar hjá hagsmunaaðilum og því er verið að leita málamiðlunar. Slíkar málamiðlanir gætu fengið ágætis hljómgrunn hjá sumum þingmönnum Vinstri grænna.

Fiskveiðistjórnunin er ekki eina málið sem gæti reynst stjórninni erfitt. Heimildarmenn Fréttablaðsins telja til þrjú mál; kvótann, ESB og rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Umsagnarferli í síðasttalda málinu er lokið og brátt kemur það fyrir þingið.

Ljóst er að áherslumunur er hjá flokkunum í þeim efnum. Í grófum dráttum má segja að Vinstri græn vilji meiri áherslu á verndun en nýtingu, öfugt við Samfylkinguna. Það eru þó ekki hreinar línur í þeim efnum og hluti þingmanna Samfylkingarinnar hefur talað mjög fyrir grænum áherslum.

kolbeinn@frettabladid.is



**STRANDVEIÐAR** Hugmyndir um að einfalda útfærsluna á þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á kvótakerfinu hafa skotið upp kollinum á bak við tjöldin. Vonast er til að með þeim náist meiri samstaða um tillögur stjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Stjórnin styrkist

Atli Gíslason, þingmaður utan flokka, hefur sagt í viðtölum að hann hyggist hætta störfum á yfirstandandi þingi. Við það styrkist stjórnarmeirihlutinn þar sem varamaður hans, Arndís Soffía Sigurðardóttir, er í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, en Atli hefur sagt sig úr flokknum. Atli tók sæti að nýju á þingi í gær, en hann hefur verið fjarverandi.



**BJÖRN ZOËGA** Forstjóri Landspítalans segir óvíst hvort líknardeild á Landakoti verði lokað.

Ný álma við líknardeild:

# Oddfellow ekki tekið ákvörðun

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki er öruggt að Oddfellow-reglan útbúi nýja álmu við líknardeild Landspítalans í Kópavogi eins og sagði í Fréttablaðinu á laugardag. Málið er enn til skoðunar.

„Ef kemur í ljós að þeir ætla ekki að styðja við þetta þá skoðum við málið upp á nýtt og athugum hvaða leiðir eru færar," segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans.

Björn segir engar endanlegar ákvarðanir liggja fyrir hjá spítalanum. „Það er alveg óvíst um það en einhvers staðar þarf að ná peningum," svarar hann aðspurður hvort líknardeildinni á Landakoti verði jafnvel ekki lokað eins og til stóð.

- gar

Dæmdur fyrir fjársvik og dóp:

# Falsaði tjónstilkynningu á bíl

**DÓMSMÁL** **Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals, fjársvik og vörslu á eiturlyfjum.**

**Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa skilað til tryggingafélagsins Sjóvár-Almennra falsaðri og tilhæfulausri tjónstilkynningu um árekstur tveggja bifreiða og falsað nafn annars eigandans, systur sinnar á hana. Tryggingafélagið greiddi rúmlega 300 þúsund fyrir viðgerð á bifreiðinni.**

**Þá var maðurinn dæmdur fyrir að hafa á fórum sínum smáræði af amfetamíni og kókaíni sem lögreglumenn fundu í veski hans á skemmtistað í Reykjavík.**

- jss


▶ Innréttingar
▶ Sturtuhorn
▶ Handlaugar
▶ WC
▶ Speglar
▶ Bað fylgihlutir
▶ Blöndunartæki

OKKAR ÁRLEGA RÝMINGARSALA STENDUR YFIR Í BÆJARLIND 6

Aðeins frá 15.-22. nóvember

HREINLÆTISTÆKI

Flísa&Bað MARKAÐURINN

Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laug. 11-16.

Kynntu þér fjármögnunarleiðir Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans á www.landsbankinn.is eða í síma 569 2000



**VW Golf Trendline 1,4**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 38.000 km, beinskiptur

Ásett verð
**2.790.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Golf** Trendline 1,6 **TDi ST** Árgerð 2006, bensín
Ekinn 130.000 km, beinsk.
Ásett verð
**1.390.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Intense
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 76.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**5.740.000,-**



**VW Polo** Trendline 1,2
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 43.500 km, beinsk.
Ásett verð
**1.850.000,-**



**Skoda Octavia** TDi **4x4**, Árgerð 2010, dísel
Ekinn 44.000 km, beinsk.
Ásett verð
**3.750.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 150
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 25.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**9.390.000,-**



**Mercedes-Benz**
**ML500**, Árg. 2006, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.990.000,-**



**Toyota Avensis**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 48.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.790.000,-**



**Toyota Corolla**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.490.000,-**

Tilboðsverð



**Hyundai i30**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.
Ásett: 1.990.000
Tilboðsverð
**1.790.000,-**

Tilboðsverð



**Audi Q7** 4.2
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 73.000 km, sjálfsk.
Ásett: 6.490.000
Tilboðsverð
**5.890.000,-**

Tilboðsverð



**Toyota** Land Cruiser **120 VX**, Árg. 2007, dísel
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.
Ásett: 6.690.000
Tilboðsverð
**5.990.000,-**

Tilboðsverð



**VW Touareg** V10 TDi
Árgerð 2004, dísel
Ekinn 150.000 km, sjálfsk.
Ásett: 3.950.000
Tilboðsverð
**3.650.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hversu margir hafa látist úr offitu hér á landi á undanförnum árum?
2. Hversu margir Íslendingar segjast dafna í nýlegri könnun Capacent?
3. Hversu mörg Iceland International-mót í badminton hefur Ragna Ingólfsdóttir unnið í röð?

**SVÖR**

1. Níu manns. 2. 65,4 prósent. 3. Fimm.

Innbrotafaraldur í heimahúsum á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum dögum:

# Lögreglan varar við tveim meintum þjófum

**LÖGREGLUMÁL** Undanfarna daga hefur verið töluvert um innbrot í heimahús á höfuðborgarsvæðinu og varar lögreglan fólk við vegna þessa. Flest innbrotin eru í sérbýli sem staðsett eru við jaðar byggðar og eru þau dreifð um höfuðborgarsvæðið.

Sést hefur til tveggja karlmanna nálægt innbrotsstað, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu, sem hugsanlega eru taldir tengjast málinu. Þeir ganga í hús og bera upp ýmis erindi, að því er virðist til að kanna hvort fólk sé heima við.

Öðrum mannanna er lýst sem 180 til 185 cm háum, dökkum yfirlitum en þó ljósum á hörund, dökkhærðum með skallablett. Hann er talinn vera um það bil 35 ára. Hann var í svartri dúnúlpu með hvítum stöfum aftan á.

Hinn maðurinn er 20 til 25 ára, grannvaxinn og dökkklæddur. Hugsanlegt er talið að mennirnir séu á rauðri bifreið.

Mörg innbrotanna hafa verið framin á tímabilinu frá klukkan 17 til 22 þegar heimilisfólk hefur brugðið sér frá.

Þjófarnir fara gjarnan inn um glugga eða svalahurðir á svefnherbergjum og virðist það ekki hafa fælandi áhrif á þá að heimili séu tengd öryggisþjónustu. Þeir eru snöggir og ásælast einkum skartgripi, fé og aðra muni sem auðvelt að er grípa með sér.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hvetur fólk til að vera á varðbergi og koma til lögreglu upplýsingum um grunsamlegar mannaferðir í síma 444-1000. **- jss**



**SKARTGRIPIR** Þjófarnir ásælast einkum skartgripi og fjármuni.



**DÁDÝR** Tugir hjartardýra drepast dag hvern á dönskum vegum.

Harmleikir á dönskum vegum:

## Tugir hjarta deyja dag hvern

**DANMÖRK** Allt að 30 hjartardýr eru ekin niður á dönskum þjóðvegum á degi hverjum.

Í skammdeginu eiga bílstjórar oft erfitt með að sjá dýr sem ramba út á vegina, fyrr en það er um seinan.

Á vef danska ríkisútvarpsins er haft eftir talsmanni dýraverndunarsamtakanna að á milli klukkan sjö og níu á morgnana sé annatími í umferðinni og líka hjá dýrunum sem leiði til þess að á annan tug dýra verði fyrir bíl á hverjum klukkutíma.

Jafnan er atvikið tilkynnt til yfirvalda og dýrunum lógað ef þau hafa ekki drepist við ákeyrsluna. **- þj**

Brotist inn í veiðihús:

## Þriðja sófasettinu var stolið

**LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í veiðihús við Hlíðarvatn nýverið og þaðan stolið sófasetti. Þetta er í þriðja sinn á þremur árum sem brotist er inn í þetta veiðihús og þaðan stolið sófasetti.**

**Milli klukkan eitt og tvo aðfaranótt þriðjudagsins 8. nóvember síðastliðinn sáust bílljós við veiðihúsið. Lögregla fór þegar á vettvang. Lögreglumenn urðu einskis varir á leið sinni en sáu að brotist hafði verið inn húsið.**

**Ekki sást hvers konar bifreið var þarna á ferð við veiðihúsið og biður lögreglan á Selfossi þá sem veitt geta upplýsingar um málið að hafa samband í síma 480 1010.** **- jss**

# Afhentu starfshópi 11 kassa af gögnum

**Börn Sævars Ciesielski afhentu starfshópi um Guðmundar- og Geirfinnsmálin ellefu kassa af málsskjölum og gögnum sem faðir þeirra hafði safnað saman. Starfshópurinn er enn að viða að sér gögnum og hefur viðtöl á næstunni.**

**DÓMSMÁL** Börn Sævars Ciesielski og fyrrverandi sambýliskona hans afhentu starfshópi innanríkisráðuneytisins í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu í gær gögn sem Sævar hafði safnað saman um málin. Gögnin voru í vörslu Sævars þegar hann lést fyrr á árinu. Skjölin fylltu ellefu kassa.

„Faðir okkar eyddi stærstum hluta lífs síns í það að fá umrædd mál endurupptekin. Það tókst þó því miður ekki,“ segir í tilkynningu frá fjórum börnum Sævars. „Við erum sannfærð um sakleysi föður okkar, og teljum það skyldu okkar að gera allt sem í okkar valdi stendur til að fá sannleikann fram í dagsljósið.“ Þau segjast trúa því staðfastlega að ítarleg rannsókn á málunum muni sýna fram á ómannúðlega meðferð á föður þeirra og hreinsa nafn hans.

> Faðir okkar eyddi stærstum hluta lífs síns í það að fá umrædd mál endurupptekin.
>
> **ÚR TILKYNNINGU FRÁ BÖRNUM SÆVARS CIESIELSKI**

Í ágúst síðastliðnum sendu systkinin Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra bréf þar sem þess var farið á leit að skipaður yrði sjálfstæður lögmaður eða rannsóknarnefnd til að skoða málin. Þar segjast þau telja að rannsókn skipti ekki aðeins máli fyrir sakborningana heldur einnig lögregluyfirvöld og stjórnkerfið. Þau segja það mikilvægt fyrir þau og ekki síður fyrir þá sem rannsökuðu málið á sínum tíma að farið verði yfir málið og tekist á við þær efasemdir sem lengi hafi verið í umræðunni.

Ögmundur skipaði starfshóp til að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið hinn 7. október síðastliðinn. Hópurinn á að fara yfir málið í heild sinni en sérstaklega þá þætti sem snúa að rannsókn og framkvæmd rannsóknar málsins. Starfshópurinn mun skila áfangaskýrslu á næsta ári. Hópurinn óskaði eftir því í lok október að þeir sem vildu koma á framfæri upplýsingum, gögnum eða ábendingum hefðu samband við hann.

„Við höfum verið að vinna í gagnaöflun og kalla eftir gögnum, meðal annars hjá Þjóðskjalasafni og fleiri stofnunum,“ segir Arndís Soffía Sigurðardóttir, formaður starfshópsins. „Við erum enn þá í þeirri vinnu að viða að okkur gögnum og fara yfir það sem við höfum verið að fá, og við erum að hefja viðtöl. Þessi vinna er í fullum gangi.“ Auk gagnanna sem börn og fyrrverandi sambýliskona Sævars afhentu hópnum í gær hafa ýmsar ábendingar og upplýsingar borist honum að sögn Arndísar, bæði á netfangið gg@irr.is og í pósti.

**thorunn@frettabladid.is**





**Í INNANRÍKISRÁÐUNEYTINU** Aðstandendur Sævars afhentu starfshópnum ellefu kassa af gögnum og málsskjölum sem hann hafði viðað að sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LAUSN FYRIR ÞAULSETNA** Danskir vegfarendur þurfa ekki að stíga út úr bílnum til að henda rusli eftir að nýju trektirnar verða komnar upp. MYND/HOLD DANMARK RENT

Umhverfissóðar í Danmörku:

## Ruslatrektir settar við þjóðvegi

**DANMÖRK Nýstárleg úrræði til að minnka rusl við þjóðvegi Danmerkur koma til framkvæmda á næstunni. Samtökin Hold Danmark Rent munu setja upp ruslatrektir sem auðvelda ferðalöngum að henda frá sér rusli á réttan hátt.**

**Trektirnar munu liggja fast upp við áningarstaði og geta vegfarendur því hent af sér rusli án þess að stíga út úr bílnum.**

**Samkvæmt nýlegri könnun segjast um 60% bílstjóra þar í landi henda rusli út um gluggann.** **- þj**

Réðst á mann og stórslasaði:

## Fær 4,5 milljónir í bætur

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í níu mánaða fangelsi, þar af sjö á skilorði, fyrir gróf líkamsárás. Þá var honum gert að greiða manninum sem hann réðst á um 4,5 milljónir króna í skaðabætur.

Árásarmaðurinn réðst á hinn framan við veitingastað við Laugaveg skömmu eftir síðustu áramót. Hann sló hann með krepptum hnefa í andlit með þeim afleiðingum að fórnarlambið féll aftur og skall með hausinn í götunni. Fórnarlambið hlaut eymsli yfir höfði, skurð hægra megin á aftanverðu höfði, innanbastsblæðingu hægra megin á heila og höfuðkúpubrot.

Árásarmaðurinn játaði brot sitt. **- jss**


# Menningarkvöld Norðfirðingafélagsins

Hið árlega Menningarkvöld Norðfirðingafélagsins verður haldið í Fella– og Hólakirkju þann 17.nóvember n.k og hefst kl. 20.00.

Kvöldið verður tileinkað Haraldi Kristni Guðmundssyni prentara og tónlistarmanni. Fjallað veður ævi hans í máli, myndum og flutt tónlist. Á eftir formlegri dagskrá verður kaffi og ljósmyndasýning með myndum frá Norðfirði.

**Dagskrá:**

1. Gísli Gíslason og Sigurður Þorbergsson fjalla um ævi Haraldar
2. Leikin verða lög af gömlum hljóðupptökum frá Norðfirði
3. Sigurður Þorbergsson & Hlöðver Smári leika samleik á básúnu og píanó
4. "HG Sextett" leikur, en hann skipa m.a 3 kynslóðir afkomenda Haraldar, ásamt Sigurði Þorbergssyni og Bjarna F. Ágústssyni
5. Kaffi og ljósmyndasýning

Stjórnin


Íslensk málnefnd hefur áhyggjur af dvínandi lesskilningi barna og unglinga:

# Unglingar þurfa fleiri rafbækur

**MENNTAMÁL** Auka þarf framboð á íslenskum rafbókum fyrir spjaldtölvur í þeirri von að það veki áhuga unglinga á lestri. Þetta segir Íslensk málnefnd í ályktun um stöðu íslenskrar tungu frá því í síðustu viku.

Í ályktuninni er áhyggjum lýst af minnkandi bóklestri og hrakandi lesskilningi íslenskra barna og unglinga. Bent er á að á sama tíma hafi fjárveitingar til skólabókasafna dregist saman, minni tíma sé nú varið til móðurmálskennslu en í grunnskólum annars staðar á Norðurlöndum og að kennaranemar hér á landi fái sífellt minni kennslu í íslensku. „Þetta eru alvarleg tíðindi,“ segir málnefndin.

„Vitanlega hefur framboð á ýmiss konar afþreyingu aukist mikið undanfarin ár og það á sinn þátt í minni lestri barna og unglinga en mikilvægi lestrar hefur þó alls ekki minnkað [...] Börn og unglingar lesa mikið á ensku á netinu og í tölvuleikjum. Lestur á móðurmálinu gegnir lykilhlutverki í að auka mótstöðuafl íslenskrar tungu gagnvart áhrifum annarra tungumála,“ segir jafnframt í ályktuninni.



**BARNABÆKUR** Fjórðungur íslenskra ungmenna getur ekki lesið sér til gagns, samkvæmt nýjum könnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Nefndin leggur einnig til að móðurmálskennsla í grunnskólum verði aukin, íslenska verði ríkur þáttur í kjarna í kennaranámi og að rekstur skólabókasafna verði treystur. **- sh**




Fjölbreyttustu

# sturtulausnir á Íslandi

## Eitt hagstæðasta verð á markaðnum

Verslið þar sem úrvalið er mest!

# STURTUSKJÓL

Hæðir x breiddir: 70x220, 80x220, 90x220, 100x220, 110x220, 120x220 sm



8-10 mm rammalaust öryggisgler

# HURÐIR OG VEGGIR

**GLERVEGGIR með hurð**
Breiddir: 60, 70, 75, 80, 85, 90, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 150, 155, 160, 165, 170, 175 og 180 sm
Hæð: 193 sm

**GLERENDAVEGGIR**
Breiddir: 70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm, 110 sm og 120 sm
Hæð: 193 sm

# STURTUhorn

NÝTT!

## SOFT RUNNER

Hljóðlítið rennsli
Auðvelt að taka hurðir af og hreinsa
Mikil ending








**N-145** Stærðir: 80 x 80 og 90 x 90 sm




**JN-435** Stærðir: 80 x 80 og 90 x 90 sm




**JN-425** Stærðir: 80 x 80 og 90 x 90 sm

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**TIL Í SLAGINN** Grímuklæddur mótmælandi í Portland í Oregon í Bandaríkjunum fylgist með lögreglunni ryma svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fundur samstarfsnefndar Íslands og Rússlands um sjávarútvegsmál:

# Kvörtuðu yfir afstöðu Rússa

**SJÁVARÚTVEGUR** Ísland hefur komið á framfæri vonbrigðum vegna afstöðu Rússlands til ráðgjafar ICES um stjórnun úthafskarfa á Reykjaneshrygg. Þetta var gert á 12. fundi samstarfsnefndar Íslands og Rússlands um sjávarútvegsmál sem haldinn var í byrjun október.

Á fundinum var sérstaklega rætt um mikilvægi þess að Rússar yrðu aðilar að samkomulagi sem náðist fyrr á árinu um stjórnun veiðanna. Það er skoðun íslenskra yfirvalda að óhóflegar veiðar Rússlands dragi að óbreyttu úr möguleikum þess að rétta megi við bága stöðu stofnana.

Þá var jafnframt rædd staðan í samningaviðræðum um makríl og lýstu báðir aðilar yfir mikilvægi þess að fyrr en síðar náist samkomulag sem tryggi sjálfbæra nýtingu stofnsins.

Á fundinum skiptust fulltrúar landanna á upplýsingum um framkvæmd Smugusamningsins svokallaða á milli ríkisstjórnar Íslands, Noregs og Rússlands um samstarf á sviði sjávarútvegs. Fjallað var um samstarf á sviði veiðieftirlits, hafrannsókna og veiðistjórnunar sameiginlegra stofna á Norður-Atlantshafi.

- shá



**ÁTÖK** Árum saman hefur verið tekist á um nýtingu karfa á Reykjaneshrygg. Landhelgisgæslan hafði ítrekað afskipti af skipum sem þar voru að veiðum. MYND/LHG

Íslendingur dæmdur erlendis:

# Í 11 ára fangelsi fyrir dópsmygl

**DÓMSMÁL Erlingur Örn Arnarson var dæmdur í ellefu ára fangelsi í Vilnius í Litháen í júní síðastliðnum fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot. Þetta staðfestir utanríkisráðuneytið. Erlingur, sem er rúmlega fertugur, hefur búið í Litháen síðastliðin ár, en hann var handtekinn þar síðasta sumar með um eitt kíló af fíkniefnum.**

**Framsalssamningur er á milli Íslands og Litháens, en ekki er ljóst hvort Erlingur hafi óskað eftir að vera framseldur til Íslands.**


Málþing Heimilis og skóla - Landssamtaka foreldra 18. nóvember í Háskólanum í Reykjavík við Nauthólsvík

2011
FORELDRADAGURINN
FORELDRAFÆRNI

Foreldradagurinn er málþing Heimilis og skóla ætlað foreldrum. Markmiðið er að veita hagnýtar upplýsingar um uppeldisaðferðir. Hvatt er til umræðu um foreldrafærni og að foreldrar ígrundi foreldrahlutverkið.

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 12:30 | **Setning** – *Guðbjartur Hannesson, velferðaráðherra* |
| 12:45 | **Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi** |
| 13:00 | **Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur** |
| 13:15 | **Hugo Þórisson, sálfræðingur** |
| 13:30 | **Sófaspjall** – rætt við fyrirlesarana og dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, félagsráðgjafa HÍ, með fyrirspurnum úr sal |
| 14:00 | **Kaffihlé og markaðstorg þjónustuaðila** |
| 14:30 | **Vinnustofur** – þátttakendur geta valið úr fjórum stuttum vinnustofum:<br>*i.* ***Unglingar og samskipti*** – Hrafndís Tekla Pétursdóttir, sálfræðingur<br>*ii.* ***Uppbyggingarstefnan*** – Páll Ólafsson, félagsráðgjafi<br>*iii.* ***Umönnun ungbarna*** – Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir<br>*iv.* ***Tölvunotkun*** – Hafþór Birgisson, tómstunda- og félagsmálafræðingur og SAFT fyrirlesari |
| 15:30 | **Samantekt og umræður** |
| 16:00 | **Málþingslok** |

**Ráðstefnustjóri:** Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.

Skráning á www.heimiliogskoli.is

**Verð kr. 1.100 fyrir félagsmenn Heimilis og skóla og kr. 3.500 fyrir aðra (félagsaðild innifalin).**

Félagar fá send tímarit Heimilis og skóla sér að kostnaðarlausu, afslátt af fræðsluefni, fyrirlestrum og ráðstefnum auk þess að styðja við upplýsingaþjónustu og hagsmunabaráttu foreldra og skólabarna.

Heimili og skóli Landssamtök foreldra · Háskólinn í Reykjavík Reykjavik University · SAFT





# ESB-aðild þýðir meiri landbúnaðarstuðning

**Afkoma bænda versnar ef Ísland gengur í Evrópusambandið, nema stuðningur við landbúnað verði aukinn um 5 milljarða. Beingreiðslur tækju við af framleiðslutengdum styrkjum. Matvöruverð í ESB um 30 prósentum ódýrara en hér.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Auka þarf stuðning við íslenskan landbúnaðar um fimm milljarða króna verði Ísland aðili að Evrópusambandinu og innflutningsvernd afnumin. Ella versnar afkoma bænda. Stuðningurinn nemur í dag níu milljörðum. Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Skýrsluhöfundar, Daði Már Kristófersson, dósent í hagfræði við HÍ, og Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands, setja þann fyrirvara við útreikninga sína að gengisþróun ráði miklu um útkomuna.

Stuðningsgreiðslur til bænda í Evrópusambandinu eru árlegar eingreiðslur. Framleiðsluákvarðanir hvers bónda hafa ekki áhrif á hlut hans í framlögum hins opinbera. Markaðsskilyrði eiga því einungis að ráða þeim ákvörðunum.

Að mati OECD er stuðningur við íslenskan landbúnað með því mesta sem gerist í heiminum. Hér skiptist stuðningurinn að stærstum hluta í tvennt; markaðsstuðning í formi tollaverndar og beinar greiðslur til bænda. Samkvæmt tölum OECD eru um 48 prósent tekna bænda í formi stuðnings.

Afnám tollaverndar eykur, að mati skýrsluhöfunda, svigrúm smásölunnar til að afla sér aðfanga annars staðar og bæta stöðu sína á kostnað bænda. Þetta muni að öllum líkindum leiða til þess að smásalan fái stærri hluta af verðmyndun búvara.

Skýrsluhöfundar telja að innganga í Evrópusambandið mundi ekki hafa mikil áhrif á sauðfjárbændur, ekki yrði þörf á verðlækkun dilkakjöts þrátt fyrir afnám tollaverndar.



**KÚABÚ** Íslenskir kúabændur njóta beinna styrkja frá ríkinu. Stuðningur við mjólkurframleiðslu er hverfandi innan Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Stuðningsþörf landbúnaðarins við ESB-aðild**

| | % | milljónir ISK |
|---|---|---|
| Mjólk | 54% | 7.410 |
| Dilkakjöt | 48% | 3.420 |
| Nautakjöt | 8% | 130 |
| Svínakjöt | 41% | 730 |
| Kjúklingar | 53% | 1.170 |
| Egg | 44% | 390 |
| Blóm | 35% | 170 |
| Tómatar, gúrkur, paprika | 28% | 390 |
| Annað | 25% | 380 |
| Alls | 46% | 14.190* |

*Stuðningur í dag nemur 9.000 milljónum króna

„Gögn OECD benda til þess að verð lækki mikið á kjúklingum, eggjum, mjólk og mjólkurvörum, svínakjöti og blómum ef tollar falla niður á innflutningi frá Evrópusambandslöndum. Langmest yrði verðlækkunin á kjúklingum, rúm 50%, en 44% á eggjum og tæplega 25% á mjólkurvörum. Svínakjötsverð myndi lækka um 41% ef marka má þessa útreikninga,“ segir í skýrslunni.

Matvöruverð úr búð er að jafnaði um 30 prósentum lægra í Evrópusambandinu en á Íslandi. Það er um einu prósenti lægra í Danmörku en hér, 14 prósentum í Finnlandi og 26 prósentum í Svíþjóð.

Skýrsluhöfundar meta reynslu Finna af inngöngu í ESB og komast að því að verð til bænda þar í landi hafi lækkað um 40 til 50 prósent strax við inngönguna.

kolbeinn@frettabladid.is

Utanríkisráðherra segir skýrsluna skýra stöðu landbúnaðarins:

# Hissa á hvað kostnaðurinn er lítill

„Skýrslan skýrir mjög stöðu landbúnaðarins og sýnir að hvað varðar hefðbundnu framleiðslugreinarnar þá væri hægt, með pólitískum vilja, að mæta þörfum bænda innan þeirra með nokkuð góðu móti,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra um skýrsluna.

„Þannig kemur mér á óvart að þörf á stuðningi við hefðbundnu framleiðslugreinarnar, framleiðslu á mjólk, nautakjöti og dilkum, sé ekki nema rúmir tveir milljarðar til að þeir haldi óbreyttri stöðu, og 3,5 ef úrvinnsluiðnaðurinn er tekinn með.“ Það sé í sjálfu sér ekki mikill kostnaður miðað við þann mikla ávinning sem aðild hefði fyrir þjóðarbúið í heild.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

„Hitt vissu menn fyrir, eins og skýrslan staðfestir líka, að verksmiðjuvæddi landbúnaðurinn, hvíta kjötið, verður fyrir pústrum við aðild að sambandinu, og óvíst að jafnmikill vilji sé til að bæta það með sama hætti og í hefðbundnu greinunum,“ bætir hann við.

Niðurstaða skýrslunnar segi þó ekki til um heildaráhrifin af inngöngu í ESB. „Það féll ekki undir verksvið höfunda að reikna út ávinning bænda af miklu lægri fjármagnskostnaði en hann er í dag er mikill á búum landsins og að sliga mörg.“

Þá miði skýrslan við óbreytta framleiðslu, en Össur kveðst telja að aðild að Evrópusambandinu myndi leiða til breytinga líkt og gerðist þegar tollvernd á ákveðnum tegundum grænmetis var afnumin og greinin blómstraði.

„Á öðrum sviðum landbúnaðarins munu íslenskir bændur sýna hugvitssemi og aðlögunarhæfni að breyttum markaði og hagnýta sér ný tækifæri t.d. með aukinni á ræktun á byggi.“

- sh

Salmonella hjá Matfugli:

# Fimm tonn af kjöti innkölluð

**LANDBÚNAÐUR** Salmonella greindist í sláturhúsi hjá Matfugli í síðustu viku. Fyrirtækið innkallaði um fimm tonn af ferskum, heilum kjúklingi í kjölfarið.

Fyrirtækið hefur nú stöðvað dreifingu á vörunni. Fólk sem er með heilan, ferskan kjúkling með tilskilin rekjanleikanúmer getur skilað vörunni í viðkomandi verslun eða beint til Matfugls.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort varan verði hitameðhöndluð og sett aftur í sölu eða henni fargað. **- sv**

Neytendasamtökin hvetja stjórnvöld til aðgerða í ljósi nýrra atvika tengdra neyslu barna á orkudrykkjum:

# Merkingum á orkudrykkjum ábótavant

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin hvetja stjórnvöld til að skylda innflytjendur og seljendur orkudrykkja til að hafa merkingar og aðvaranir á umbúðum drykkjanna skýrar og greinilegar. Samtökin voru mjög andvíg því þegar reglum var breytt og sterkir koffíndrykkir og koffínskot tóku að flæða inn á markaðinn, eins og segir í frétt á vef þeirra.

Neytendasamtökin telja nauðsynlegt að settar verði reglur hér á landi sem skyldi innflytjendur og framleiðendur til að merkja þessa drykki á forsvaranlegan hátt. Ekki sé hægt að sjá að það hefti á nokkurn hátt frjálst flæði vöru eða sé íþyngjandi þótt ríkari krafa sé gerð um varúðarmerkingu á koffíndrykkjum sem ekki séu ætlaðir börnum eða þunguðum konum.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í síðustu viku er komum unglinga á bráðamóttökur vegna of mikillar neyslu orkudrykkja að fjölga. Tveir drengir á unglingsaldri hafa leitað til Barnaspítala Hringsins að undanförnu vegna hjartsláttartruflana, svima og annarra einkenna eftir neyslu á drykkjunum. Annar drengjanna þurfti að gista á spítalanum yfir nótt, þar sem hann sýndi óeðlilegar breytingar í hjartalínuriti. Báðir drengirnir drukku mikið magn af orkudrykkjum en hvorugur þeirra var með aðra undirliggjandi sjúkdóma. **- sv**



**ORKUDRYKKIR** Komur unglinga á bráðamóttökur sjúkrahúsa vegna ofneyslu orkudrykkja eru að færast í aukana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Forsetinn hélt setningarræðu á ráðstefnu Viðskipta- og þróunarstofnunar SÞ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsetinn á ráðstefnu í Genf:

# Ræddi um reynslu Íslands

**UTANRÍKISMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti setningarræðu á ráðstefnu Viðskipta- og þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um skuldavanda þjóða í gær. Ráðstefnan er haldin í Genf í Sviss.**

**Á ráðstefnunni er fjallað um nýjar reglur um ábyrga lánastarfsemi ríkja. Ólafur Ragnar talaði um nauðsyn slíkra reglna í ræðu sinni í gær. Þá talaði forsetinn um kreppuna á Íslandi og Icesave. Hann sagði meðal annars að reynsla Íslendinga sýndi fram á mikilvæg tengsl milli hagkerfis og ríkis og milli lýðræðis og frjáls markaðar. Þá mætti draga mikinn lærdóm af reynslu Íslendinga. - þeb**

Hefur fækkað eftir hrun:

# Færri fréttir af innflytjendum

**SAMFÉLAGSMÁL** Umfjöllun um innflytjendur og erlent vinnuafl hefur minnkað á undanförnum árum, samkvæmt greiningu Fjölmiðlavaktar Creditinfo.

Fréttum hefur fækkað eftir bankahrun, sérstaklega í prentmiðlum, en það útskýrir ekki að fullu hversu mikið fréttum um innflytjendur hefur fækkað. Creditinfo tók saman umfjöllun á árunum 2006 til 2010. Fréttirnar voru 4.501 talsins og birtust flestar árið 2007. Eftir það hefur fréttum fækkað mjög.

Umfjöllun um innflytjendur var jákvæð í 28 prósentum tilvika og neikvæð í 23 prósentum. Þá var umfjöllun um erlent vinnuafl jákvæð í tæpum 14 prósentum tilvika og neikvæð í tæpum 22 prósentum. **- þeb**

## LÖGREGLUMÁL

### Stungið á hjólbarða

Stungið var á alla fjóra hjólbarða bifreiðar sem stóð á bifreiðastæði við Álftarima 9 á Selfossi á tímabilinu frá klukkan 16 á laugardag til 12 á sunnudag. Allir hjólbarðarnir eru ónýtir. Þeir sem geta veitt upplýsingar eru beðnir að hafa samband við lögreglu í síma 480 1010.

### Sævaldur fundinn

Sævaldur Hörður Harðarson, sem lýst var eftir í fjölmiðlum á sunnudag og í gær, er fundinn. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu greindi frá því seint á sunnudagskvöld að upplýsingar hefðu borist um ferðir hans og því væri ekki þörf á að lýsa eftir honum lengur.



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sjálfstæðismenn kjósa um fortíðina.

## Tveir kostir

Sá tónn hefur verið sleginn í formannsbaráttu Sjálfstæðisflokksins að eini blæbrigðamunurinn á pólitískum áherslum frambjóðendanna tveggja sé að annar, Hanna Birna Kristjánsdóttir, vill afskrifa meira af skuldum almennings enn hinn, Bjarni Benediktsson, án þess að útskýra hvaðan peningar til þess eigi að koma. Bæði telja þetta samræmi eðlilegt, enda séu þau pólitískir bandamenn sem starfi í sama flokki.

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Það er þó gríðarleg einföldun á þeim suðupotti pólitískra stefna sem Sjálfstæðisflokkurinn er. Innan hans finnast örgustu sósíalistar og róttækir frjálshyggjumenn. Alþjóðasinnar og þjóðrembulegt afturhald. Hugsjónalausir sérhagsmunagæslumenn og kristnir siðbótarpostular. Alls konar fólk. Sjálfstæðismenn eru fjarri því að vera steyptir í eitt mót. Þess vegna er vart boðlegt að bjóða upp á pólitíska fegurðarsamkeppni. Að ætla landsfulltrúum að velja hvor líti betur út sem stærsta andlitið á næsta kosningabæklingi: karlinn Bjarni eða konan Hanna Birna. Slíkt mun enda aldrei ráða úrslitum.

Ef landsfundarfulltrúarnir eiga ekki að kjósa um framtíðina, sem verður hvort eð er eins undir stjórn beggja valkostanna, þá munu þeir kjósa um fortíðina. Um hvort þeirra beri meiri íþyngjandi farangur sem gæti skaðað flokkinn í næstu kosningum. Þar gætu bæði lent í ákveðnum vandræðum.

Flaggskip framboðs Hönnu Birnu er að hún hafi, sem borgarstjóri eftir hrun, ekki hækkað útsvar í Reykjavík. Hún hafi heldur ekki hækkað verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur. Hanna Birna sleppir því hins vegar að minnast á að nær gjaldþrota Orkuveitan greiddi 800 milljóna króna arð til eigenda sinna árið 2009, á meðan hún var borgarstjóri, til að brúa það bil sem skapaðist milli tekna og gjalda. Hún er heldur ekkert að rifja upp þann farsakennda stólaleik sem endurtekið var spilaður í Reykjavík á síðasta kjörtímabili með hennar þátttöku.

Bjarni á líka sína augljósu fortíðardrauga. Hann var stjórnarformaður hjá, og eigandi að, einni af stærstu viðskiptablokkum íslensks atvinnulífs fyrir bankahrun. Sú blokk, sem samanstendur af mörgum nánustu fjölskyldumeðlimum Bjarna, dembdi meðal annars N1 í tugmilljarðaskuldir sem útheimtu á endanum miklar afskriftir. Á meðal þeirra sem töpuðu voru lífeyrissjóðir. Vafningsmálið, þar sem Bjarni skrifaði undir pappíra til að gera Glitni kleift að lána rúma 30 milljarða króna í endurfjármögnun félags sem var meðal annars í eigu föður og föðurbróður Bjarna, mun líka ætíð vera pólitískur myllusteinn um háls hans.

Það virðist fara ógurlega í taugarnar á Hönnu Birnu og Bjarna þegar þessi atriði eru tínd til í umræðunni. Þeim verður hins vegar ekki sópað undir teppið og morgunljóst að þau muni hafa mikil áhrif á ákvörðun margra landsfundarfulltrúa þegar þeir velja leiðtoga Sjálfstæðisflokksins. Sérstaklega þegar frambjóðendurnir vilja ekki takast á um neina framtíðarsýn. Það væri þeim því kannski hollast að þróa með sér einhvern mun annan en kyn og háralit. Annars gæti þetta orðið sársaukafullur landsfundur fyrir þau bæði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Úr dimmu ganganna

Vaðlaheiðargöng eru mikið til umræðu þessa dagana. Alþingi samþykkti í gær að vísa fjáraukalögum til þriðju umræðu, en í þeim er fólgin heimild fjármálaráðherra til að lána fé til ganganna og gangast í ábyrgð fyrir fjármögnun. Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gaf lítið fyrir þær forsendur sem liggja fyrir framkvæmdinni. Hann taldi engar líkur á því að 90 prósent ökumanna veldu það að aka um dimm göng á sólríkum dögum, þegar falleg leið um Víkurskarð væri örlítið lengri. Ljóst er að forsendurnar verða ekki endurskoðaðar, þar sem fyrir liggur að fjáraukalög á að samþykkja á morgun.



### Hræðast upplýsingar

Þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hljóta að vekja athygli. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, sagðist í síðustu viku ekki skilja að nokkur setti sig upp á móti frekari upplýsingasöfnun um málið. Því ætti að fela Ríkisendurskoðun að fara yfir forsendurnar. Það verður ekki gert og því hlýtur sú spurning að vakna hvort ríkisstjórnin hræðist þær upplýsingar sem slík skoðun gæti leitt í ljós.



### Brigslað um lygi

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði fjármálaráðherra, Steingrím J. Sigfússon, á þingi í gær hvort hann hefði vitað um ráðningu forstjóra Bankasýslunnar áður en hún var tilkynnt. Steingrímur ítrekaði að það hefði hann ekki gert. Guðlaugur Þór var ekki sannfærður og talaði tæpitungulaust: „Svo maður spyrji hreint út, heldur hæstvirtur ráðherra, eða trúir hæstvirtur ráðherra því að einhver kaupi þetta …“ Með öðrum orðum: Þú ert að ljúga Steingrímur. Þau tíðkast nú breiðu spjótin.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sjálfstæðisflokkurinn aðhyllist ekki forsjárhyggju

Stjórnmál



Helgi Magnússon
framkvæmdastjóri

Innan Sjálfstæðisflokksins eru harðsnúin öfl sem vilja að flokkurinn samþykki að þegar í stað verði hætt við aðildarviðræður Íslands og ESB og umsóknin dregin til baka. Umsókn sem lýðræðislegur meirihluti samþykkti á Alþingi. Ef það yrði niðurstaða Alþingis fæ ég ekki betur séð en að Íslendingar yrðu sér til minnkunar á alþjóðavettvangi og dæmdu sig úr leik sem einangruð utangarðsþjóð.

Ef landsfundur sendir 16 þingmenn flokksins með slíkt veganesti til Alþingis bendir flest til þess að þeim yrði ekkert ágengt. Ríkisstjórnin virðist geta komið sér saman um að halda völdum. Flokkarnir deila um flest annað en að halda valdastólunum. Þetta hefði því væntanlega ekki önnur áhrif en þau að Sjálfstæðisflokkurinn gæti ekki efnt til samstarfs við þá sem vilja ljúka aðildarviðræðunum við ESB og leggja samninginn síðan í dóm þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar. Með því þrengdist staða Sjálfstæðisflokksins að óþörfu. Flokkurinn getur ekki lokað öllum dyrum til samstarfs, ætli hann sér áframhaldandi hlutverk í íslenskum stjórnmálum.

Er flokkurinn búinn að missa áhuga á að hafa áhrif á gang mála í samfélaginu eins og hann hefur gert myndarlega frá upphafi? Er flokkurinn ekki í stjórnmálum til að hafa áhrif og völd eða er það nýja stefnan að vera bara með og taka að sér hlutverk stjórnarandstöðunnar eins og nú er raunin á Alþingi og hjá stærstu sveitarfélögunum, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Akureyri? Ekki er langt síðan flokkurinn var forystuafl á öllum þessum stöðum.

Furðu vekur yfirlýsing Hönnu Birnu Kristjánsdóttur á Sprengisandi um að ekki verði samið um stjórnarmyndun við Samfylkinguna, verði hún formaður, nema Samfylkingin falli frá stefnu sinni í Evrópumálum. Hanna er komin í stjórnarmyndunarviðræður við sjálfa sig hálfu öðru ári fyrir kosningar og hefur þegar sett sér afarkosti!

Sjálfstæðisflokkurinn á að styðja það að landsmenn fái tækifæri til að kjósa um ESB samning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Flokkurinn á að treysta kjósendum enda er hann ekki forsjárhyggjuflokkur. Ég vona að það sé ekki að breytast.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hugleiðingar um lög og rétt

## – um jarðskjálfta á Hengilssvæðinu og friðhelgi heimilisins

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT



Róbert R. Spanó
prófessor og forseti lagadeildar HÍ

Jarðskjálftar eru í senn óhugnanlegt og merkilegt náttúrufyrirbæri sem við Íslendingar höfum oft upplifað. Sem betur fer hafa þó jarðskjálftar hér á landi, a.m.k. á síðari tímum, ekki valdið manntjóni þótt eignaspjöll hafi stundum orðið talsverð. Annað hefur verið uppi á teningnum erlendis, eins og nýleg dæmi í Tyrklandi, Japan og á Haítí sanna.

Jarðskjálftar eru óútreiknanlegir, láta á sér kræla af völdum náttúrufyrirbrigða en jafnan ekki af mannavöldum. Nýlega hafa þó heyrst fregnir af því að niðurdæling affallsvatns frá Hellisheiðarvirkjun, sem rekin er af Orkuveitu Reykjavíkur, kunni að vera orsakaþáttur í því að jarðskjálftar hafa fundist í miklum mæli á Hengilssvæðinu frá því í byrjun september. Fulltrúar fyrirtækisins hafa m.a. haldið fund með íbúum Hveragerðis sem ekki er rótt. Hafa íbúarnir krafist aðgerða svo þeir þurfi ekki að lifa við þessa auknu skjálftavirkni sem þeir telja orsakast af niðurdælingunni.

En hvað hefur þessi sérkennilega staða með lögin og lögfræðina að gera? Jú, vandfundið er það ágreiningsefni sem ekki varðar lög og rétt með einum eða öðrum hætti. Sem dæmi má spyrja þeirrar spurningar hvernig háttað sé mögulegri skaðabótaábyrgð vegna eignatjóns sem á sér stað í jarðskjálfta sem fer af stað vegna niðurdælingar frá Hellisheiðarvirkjun.

Að þessu sinni verður hins vegar varpað ljósi á annað lögfræðilegt álitaefni, þ.e. hvort starfsemi af þessu tagi kunni að ganga nærri friðhelgi heimilisins sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu.

**Ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi heimilis**

Samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Friðhelgi heimilisins nýtur líka verndar samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sem hefur verið lögfest hér á landi. Við túlkun stjórnarskrárákvæðisins verður að hafa hliðsjón af 8. gr. sáttmálans. Þar kunna dómar Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) að hafa talsvert vægi.

MDE hefur lagt til grundvallar að 8. gr. MSE verndi rétt einstaklings til þess að virðing sé borin fyrir fjölskyldulífi hans og heimili. Það kunni að skapa álitaefni á grundvelli ákvæðisins ef einstaklingur hefur beinlínis orðið fyrir verulegum óþægindum og röskun á heimilishaldi af völdum hávaða eða mengunar í umhverfinu. Hér má t.d. nefna dóma MDE um loftmengun af völdum efnaverksmiðju á Ítalíu frá 1998 og um hávaðamengun vegna flugsamgangna við Heathrow-flugvöll á Englandi frá 2003.

Ekki skiptir öllu máli hvort hið opinbera eða einkaaðili er valdur að umhverfisáhrifunum. Ef um hið síðarnefnda er að ræða skapar það jákvæðar skyldur fyrir ríkið til að gera virkar ráðstafanir svo að einstaklingur geti notað friðhelgi heimilisins. Ávallt reynir þó á erfitt samspil almannahagsmuna og einstaklingshagsmuna. Ríkið hefur töluvert svigrúm við það mat, en leita verður leiða til að takmarka óæskileg umhverfisáhrif eins og kostur er. Svigrúm ríkisins er ekki takmarkalaust.

> Hið lögfræðilega álitaefni stendur þó eftir hvort íbúar nærliggjandi byggða þurfi að sætta sig við þá skerðingu á kyrrlátu heimilishaldi sem niðurdæling Hellisheiðarvirkjunar virðist hafa í för með sér.

**Niðurdæling affallsvatns frá Hellisheiðarvirkjun og friðhelgi heimilisins**

Í minnisblaði Orkustofnunar frá 16. október sl., sem kynnt var á fundi Orkuveitu Reykjavíkur með íbúum Hveragerðis degi síðar, segir að niðurdæling þéttivatns og skiljuvatns frá Hellisheiðarvirkjun hafi „haft í för með sér aukna skjálftavirkni á svæðinu sem fram [hafi] komið á mælum og einnig [séu] upplýsingar um að stærstu skjálftarnir sem [hafi] verið allt að 4 á Richter hafi verið merkjanlegir í byggð“. Þá segir að niðurdæling OR sé „í samræmi við ákvæði gildandi starfsleyfis og virkjunarleyfis“. Sérfræðingar á þessu sviði geti sagt með nokkru öryggi að niðurdæling auki ekki líkur á því að stærri jarðskjálftar en þeir, sem verða án niðurdælingar, geti myndast á svæðinu. Hins vegar geti staðbundin tilfærsla á spennu haft áhrif í þá átt að flýta stærri skjálftum sem eru í aðsigi. Þá eru raktar fyrirætlanir Orkustofnunar, m.a. um að kannað verði hvernig hægt sé að bæta upplýsingagjöf til almennings áður en niðurdæling sé hafin á svæðum nærri byggð. Þess skal getið að stofnunin hefur nú opnað upplýsingavef af þessu tilefni.

Í minnisblaðinu virðist þannig lagt til grundvallar að mjög náin tengsl séu á milli niðurdælingar affallsvatnsins og tímasetningar skjálftavirkni á svæðinu. Í ljósi dómaframkvæmdar MDE kann því að skapast það álitaefni hvort og þá að hvaða marki niðurdælingin gangi nærri friðhelgi heimilis þeirra íbúa sem verða ítrekað fyrir óþægindum af þessum völdum. Þar skiptir máli hvort litið hafi verið til slíkra sjónarmiða við undirbúning niðurdælingarinnar, gerð áhættumats og útgáfu opinberra leyfa á grundvelli gildandi laga. Starfsemi af þessu tagi kann vissulega að hafa tiltekin óþægindi í för með sér sem menn verða að sætta sig við. Hið lögfræðilega álitaefni stendur þó eftir hvort íbúar nærliggjandi byggða þurfi að sætta sig við þá skerðingu á kyrrlátu heimilishaldi sem niðurdæling Hellisheiðarvirkjunar virðist hafa í för með sér. Ekki má heldur gleyma þeim andlegu óþægindum sem fylgja því að upplifa jarðskjálfta í tíma og ótíma. Í minnisblaði Orkustofnunar kemur fram að frá því að niðurdælingin hófst hafa um 1900 skjálftar átt sér stað á svæðinu, margir hverjir yfir 2,5 og allt að 4 á Richter.

Hér hefur til fróðleiks verið fjallað um þetta efni með almennum hætti. Það verðskuldar hins vegar ítarlegri umfjöllun opinberra aðila, ekki síst ef frekari skjálftavirkni er fyrirsjáanleg vegna niðurdælingar frá Hellisheiðarvirkjun.

# Verndum Bitru

Orkumál



Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi

Virkjun Bitru hefur neikvæð og óafturkræf áhrif á landslag, útivist og ferðaþjónustu. Um er að ræða lítt snortið, fjölsótt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis/höfuðborgarsvæðisins og býr svæðið yfir stórbrotnu landslagi sem m.a. einkennist af fjölbreyttri hveravirkni. Fyrirhuguð Bitruvirkjun myndi breyta landslagsásýnd þessa lítt raskaða svæðis í ásýnd iðnaðarsvæðis.

Þetta er ekki bara mitt álit og þess útivistar- og náttúruverndarfólks sem lagt hefur leið sína á austasta hluta Hengilssvæðisins, á Ölkelduháls og eða baðað sig í Reykjadal. Þetta er opinbert og orðrétt álit Skipulagsstofnunar frá árinu 2008 sem skoðaði mögulega virkjunaráform með færustu sérfræðingum. Í kjölfar þess og hundraða athugasemda frá almenningi ákvað stjórn Orkuveitunnar í maí 2008 að falla frá öllum virkjunaráformum á Bitrusvæðinu og að þeirri ákvörðun yrði ekki breytt nema með vilja eigendanna, þ.e. borgarstjórnar og bæjarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eiga OR.

Af sömu ástæðum er í drögum að rammaáætlun lagt til að Bitra fari í verndarflokk. Drögin hafa verið til umsagnar og lauk því ferli sl. föstudag.

Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur leggur stjórn fyrirtækisins á hinn bóginn til að Bitra fari í biðflokk til að OR hafi „svigrúm til að rannsaka orkukostinn Bitru í framtíðinni með nýtingu í huga þegar meiri reynsla hefur fengist af rekstri Hellisheiðarvirkjunar og væntanlegrar uppbyggingar Hverahlíðarvirkjunar.“

Umsögnin gengur gegn gildandi stjórnarsamþykkt og ekkert samráð var haft um hana við eigendur Orkuveitunnar. Í umsögn umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar sem borgarráð og umhverfis- og samgönguráð taka undir er sérstaklega fagnað þeirri tillögu í rammaáætlun að Bitra verði áfram í verndarflokki.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra munu leggja fram tillögu til Alþingis á grundvelli þeirra umsagna sem bárust um hverju verði raðað í nýtingarflokk, biðflokk eða verndarflokk. Mér þykir miður að þær skuli standa frammi fyrir tvenns konar umsögnum frá borginni og fyrirtæki sem er í miklum meirihluta í eigu borgarinnar. En ég bið ráðherrana og síðan Alþingi að taka sjónarmið Reykjavíkurborgar fram yfir umsögn stjórnar Orkuveitunnar. Eigendur Orkuveitunnar þurfa að ráða því hvaða sjónarmið á að hafa að leiðarljósi til framtíðar. Það er skýr vilji meirihlutaeigandans að þar ráði langtímahugsun, náttúru- og umhverfisvernd. Það á að vernda Bitru.

> Það er skýr vilji meirihlutaeigandans að þar ráði langtímahugsun, náttúru- og umhverfisvernd. Það á að vernda Bitru.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



# Hefur dauður maður hag af flugvelli?


Reykjavíkurflugvöllur

Ómar Ragnarsson
sjónvarpsmaður




Í grein Gunnars Guðmundssonar og Arnar Sigurðssonar um Reykjavíkurflugvöll í Fréttablaðinu er í greinarlok beðið um „rökstuðning, sanngirni og fagleg vinnubrögð“, sem skort hafi í grein minni í blaðinu nokkrum dögum fyrr.

Samt er síðasta setning greinar þeirra svona: „Skrif Ómars Ragnarssonar flugrekanda bera öll þessi einkenni“. Takið eftir orðinu flugrekandi sem er lokahnykkur greinar þeirra. Er þetta „rökstuðningur“?

Í grein minni reifaði ég rök og mótrök í 11 liðum í málinu.

Ekki er að sjá að Gunnar og Örn fari eftir kröfu þeirra sjálfra um málflutning því að þeir falla í gamla íslenska gryfju, að dæma mál ekki eftir rökum, heldur því hver setur þau fram.

Frá upphafi til enda í grein sinni gefa þeir í skyn að grein mín sé ekki marktæk með því að beina málinu sífellt að mér persónulega og nefna alls sjö sinnum orð eins og „flugvélareigandi og flugrekandi“, „hollvinur flugsins“, „hagsmunir flugrekenda“ og „persónulegir hagsmunir“.

Nú vill svo til að enda þótt ég eigi flugvél hefur hún ekki flogið síðan í fyrravetur og ekki verið í Reykjavík né lent þar í tvö ár.

Ég reikna með svipuðu ástandi hér eftir.

Samt kalla þeir mig flugrekanda, væntanlega til þess að gefa í skyn að ég hafi sérstakan hag sem flugrekandi af því að hafa flugvöllinn sem næst mér.

Hitt er enn verra fyrir þeirra málflutning, að samkvæmt ætlunum um að leggja Reykjavíkurflugvöll niður átti að ljúka því árið 2024 en ekki 2016 eins og þeir segja.

2024 verð ég 84 ára ef ég lifi.

Miðað við lífslíkur meðaljóns eru meiri líkur á því að ég verði dauður en lifandi þegar flugvöllurinn fer og því spyr ég: Hvernig getur dauður maður haft hag af flugvelli? Eða maður, kominn vel á níræðisaldur, ef hann lifir? Bera þessa skrif félaganna vitni um „rökstuðning og fagleg vinnubrögð“?

Með skrifum sínum mætti kannski segja að þeir félagar færi umræðuna niður á lágt plan, alveg niður á kistubotn í þessu tilfelli.

Ég hefði getað farið niður á þetta plan í grein minni og sagt sem svo að ef ákveðið yrði 2016 að leggja völlinn niður sköpuðust verkefni fyrir arkitekta og verkfræðinga í tengslum við það og að meiri líkur en minni væru á því að þeir Gunnar og Örn verði lifandi þá heldur en að ég verði lifandi átta árum síðar.

Ég hefði getað tönnlast á því í grein minni, að helstu forsvarsmenn þess að reisa byggð í Vatnsmýri væru „verkfræðingur og arkitekt með persónulega hagsmuni“ í stað þess að velta upp 11 rökum og mótrökum eins og ég gerði.

Elsku vinir mínir, er ekki hægt að lyfta þessari umræðu upp á örlítið hærra plan?

Tvenn af rökum sínum endurtaka þeir; að byggð í Vatnsmýri myndi minnka akstur á höfuðborgarsvæðinu um 40 prósent (!), og í tali þeirra um þjóðhagslegan gróða kemur fram að 20 milljarðar króna myndu fást í sölu ríkislóða í Vatnsmýri, rétt eins og að enginn borgaði þessa peninga.

Gamalkunnug rök: Hesturinn ber ekki það sem ég ber, þjóðfélagið borgar ekki það sem einstaklingar og fyrirtæki borga.

Þeir fara rangt með þegar þeir fullyrða að fyrir hernámið 1940 hafi ekki verið gert ráð fyrir flugvelli í Vatnsmýri. Hið rétta er að áður en Bretinn kom var búið að gera ráð fyrir flugvelli þar, hanna hann og framkvæmdir við stækkun hans komnar vel á veg.

Þeir félagar afgreiða flugvallarmálið þannig: „Þar takast á sýndarhagsmunir dreifðra byggða og bændasamfélagsins annars vegar og hins vegar meginhagsmunir hins unga borgarsamfélags.“

Þarna eru þeir dálítið langt á eftir tímanum því samkvæmt viðurkenndri skilgreiningu um „VBS, Virkt BorgarSamfélag“ (FUA, Functional Urban Area) er VBS minnst 15 þúsund manna byggð þar sem tekur minni tíma en 45 mínútur að fara frá jaðri til miðju.

Akureyri og svæðið frá botni Eyjafjarðar norður til Ólafsfjarðar og frá Öxnadal austur í Reykjadal fellur undir þessa skilgreiningu. Það er yngra borgarsamfélag en Reykjavíkursvæðið með alls 22 þúsund manns. En nei, Gunnar og Örn eru í sama fari og þetta mál var í fyrir 60 árum og horfa á Akureyri sem „bændasamfélag“ sem hafi „sýndarhagsmuni“ af Reykjavíkurflugvelli.

Þessi sýn þeirra angar af gamalkunnum fordómum sem magna átök á milli suðvesturhornsins og landsbyggðarinnar og setja landsbyggðina, „bændasamfélagið“, skör lægra.

Þeir standa enn í þeirri trú að miðja verslunar og þjónustu geti verið úti á nesi 5 kílómetra frá stærstu krossgötum landsins og 4 kílómetra frá núverandi þungamiðju íbúðabyggðar höfuðborgarsvæðisins. Í grein þeirra eru síendurteknar fullyrðingar um persónulega hagsmuni mína í þessu máli, sem ekki eru til, og gefið í skyn að „Reykvíkinginn Ómar“ svíki heimabyggð sína vegna hagsmuna sem „flugvélareigandi og flugrekandi“.

En höfum þetta klárt, Gunnar og Örn úr því að grein ykkar fer að stórum hluta í að skilgreina mig sem persónu: Ég tel mig í hópi þeirra sem hefur þá sýn að vera: Jarðarbúi, Íslendingur og Reykvíkingur þar sem þetta allt fer vel saman.

„Ich bin ein Berliner“ sagði Kennedy við Berlínarmúrinn. Ég hef þá sýn að sá tími komi að hver barnfæddur Reykvíkingur eins og ég geti sagt: „Ég er Eyfirðingur“ eða „ég er Hornfirðingur“ ef svo ber undir.

# Ný stjórnskipan og hvað svo?


Ný stjórnarskrá

Auðun Daníelsson
laganemi við Háskólann á Akureyri




Stjórnlagaráð sendi frá sér frumvarp til stjórnskipunarlaga nýverið og í kjölfarið hefur skapast umræða um breytingar á stöðu forseta lýðveldins, þá hvort að um valdameiri forseta sé að ræða eða ekki. Þetta er í raun spurning um túlkun en hver hefur vald til að túlka stjórnarskrána í reynd?

Handhafar ríkisvalds á hverjum tíma eru þeir sem hafa mótað túlkun á núverandi stjórnarskrá og framkvæmd hennar. Samkvæmt frumvarpi stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlaga er þessu fyrirkomulagi ekki breytt. Vert er að velta því fyrir sér með nýrri stjórnskipan hvort valdhöfum eigi sjálfum að vera frjálst að túlka verksvið og mörk valds síns samkvæmt nýrri stjórnarskrá?

Franski stjórnspekingurinn Montesquieu taldi að valdhöfum hætti til að misnota vald sitt og að vald þeirra yrði ekki takmarkað nema með valdi. Kenning hans gekk út á þrískiptingu ríkisvaldsins, það er löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald. Hver valdhafi ætti að tempra vald annars.

Þar af leiðandi er það hluti dómstóla í slíkri valdtemprun að hafa eftirlit með að löggjafar- og framkvæmdarvaldið fari í hvívetna eftir fyrirmælum stjórnarskrár. Gallinn er sá að dómstólum er ekki alltaf fært að sinna þessari eftirlitsskyldu sinni. Eðli málsins samkvæmt hafa dómstólar ekki heimild til að taka mál upp að eigin frumkvæði en ákvarðanir stjórnvalda eru stundum þess eðlis að enginn er þess bær að höfða dómsmál.

Að mínum dómi þyrfti að vera virkara eftirlit með nýrri stjórnarskrá og tryggja að rétt væri farið með hina nýju stjórnskipan. Slíkur eftirlitsaðili þyrfti því að hafa úrskurðarvald um hvort fyrirhuguð lagasetning væri samrýmanleg stjórnarskránni og hvort ákvarðanir handhafa framkvæmdarvaldsins væru í samræmi við stjórnarskrá. Eins þyrfti hann að geta verið ráðgefandi fyrir stjórnvöld, sem gætu óskað álits varðandi lögmæti tilvonandi athafna.

Hver gæti farið með þetta vald svo almenn sátt yrði? Ég tel að hugsanleg lausn á þessu væri að koma hér á millidómstigi, það er að hér á landi yrðu þrjú dómstig í stað tveggja. Með því myndi vinnuálag hjá Hæstarétti fara minnkandi og þá væri hægt í leiðinni að auka eftirlitshlutverk Hæstaréttar með stjórnarskránni. Hæstiréttur hefði þá heimild til að setja saman fjölskipaðan stjórnlaga- eða stjórnskipunardómstól sem færi með áðurnefnt eftirlitshlutverk. Málskotsréttur beint til dómstólsins lægi hjá löggjafar- og framkvæmdarvaldi. Almenningur hefði síðan málskotsrétt til stjórnlaga- eða stjórnskipunardómstólsins í gegnum almenna dómstóla.

> Eðli málsins samkvæmt hafa dómstólar ekki heimild til að taka mál upp að eigin frumkvæði en ákvarðanir stjórnvalda eru stundum þess eðlis að enginn er þess bær að höfða dómsmál.

Hvort þetta dæmi hér að ofan sé hið rétta skal kyrrt liggja en engu að síður er þetta hugmynd sem opnar vonandi á frekari umræðu um hvort handhafar ríkisvaldsins skuli vera frjálsir til að túlka valdsvið sitt og hvort þörf sé á frekari valdtemprun. Að lokum er það mín skoðun að stjórnlaga- eða stjórnskipunardómstóll myndi vera til þess fallinn að auka traust almennings á stjórnvöldum og auka líkur á að almenn sátt gilti um framkvæmd á nýrri stjórnskipan.


FRÁBÆRAR VÖRUR
ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR!
ÚTSÖLUMARKAÐUR N1 Í HOLTAGÖRÐUM
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!
Á útsölumarkaðinum eru gæðavörur á góðu verði: ferðavörur, fatnaður, radíóvörur, leikföng, bílamottur, mótorhjólavörur, slökkvitæki, ofl.
Frábært tækifæri til að gera kjarakaup á þekktum vörumerkjum eins og Movera,Draper, Förch, Skil, Fristads omfl.
MIKIÐ ÚRVAL!


ÚTSÖLUMARKAÐUR N1 Í HOLTAGÖRÐUM - EFRI HÆÐ
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11-18 OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ 12-18
WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
N1 Meira í leiðinni

Matreiðsluskóli
Hagkaups

# MATREIÐSLUSKÓLI
## konfektnámskeið

ÖRFÁ SÆTI LAUS

### KONFEKTNÁMSKEIÐ MEÐ HALLDÓRI
konditormeistara



Þátttakendur eru leiddir inn í leyndardóminn um hvernig á að búa til dýrindis konfekt. Hver og einn býr til sína mola úr súkkulaði frá Nóa Síríus. Farið verður í gerð fyllinga og meðhöndlun á súkkulaði og afrakstur námskeiðisins er tekinn með heim.

STAÐUR Hagkaup Smáralind/Akureyri

TÍMI 18:00 -20:00

SKRÁNING skoli@hagkaup.is eða í síma 563 5066

VERÐ kr. 3.900,- (greitt á staðnum)
kr. 2.990,- fyrir krakka (greitt á staðnum)

DAGSETNING

15. nóv. - Smáralind
16. nóv. - Smáralind
24. nóv. - Akureyri
28. nóv. - Smáralind
29. nóv. - Smáralind
30. nóv. - Smáralind
5. des. - Holtagarðar



KRAKKANÁMSKEIÐ
*aldurstakmark 7-12 ára*
22. nóv. - Smáralind
23. nóv. - Smáralind

*nammi namm...*

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Forseti án aðhalds og ábyrgðar?

Ný stjórnarskrá

Skúli Magnússon
lögfræðingur



Með júnístjórnarskránni árið 1849 var einveldi afnumið í Danmörku en konungur hélt þó verulegum valdheimildum, m.a. sem æðsti handhafi framkvæmdarvalds. Þrátt fyrir afnám einveldis skyldi konungur og áfram vera friðhelgur og ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum. Sú regla var hins vegar lögfest að konungi væri ætíð nauðsyn á atbeina ráðherra til þess að nýta valdheimildir sínar. Þótt ráðherrar bæru ekki pólitíska ábyrgð gagnvart þinginu (og konungur gæti því skipað þá án tillits til stuðnings eða hlutleysis þingsins) fyrr en mun síðar var þannig tryggt að einhver bæri alltaf lagalega ábyrgð gagnvart þinginu við meðferð framkvæmdarvalds. Þessi lagalega ábyrgð kom bæði fram í því að þingið gat kallað ráðherra fyrir til svara eða höfðað gegn þeim dómsmál vegna embættisfærslu þeirra.

Við lýðveldisstofnun árið 1944 tók forseti að mestu við stjórnskipulegu hlutverki konungs. Forsetinn var þó frábrugðinn konungi að því leyti að hann var kjörinn í beinum kosningum og naut því lýðræðislegs umboðs ásamt því að bera pólitíska ábyrgð gagnvart þjóðinni. Í annan stað var forseta fengin sérstök heimild til að synja lögum staðfestingar og skjóta þeim til þjóðaratkvæðis, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Líkt og konungur skyldi forseti hins vegar vera ábyrgðarlaus og þurfa á atbeina ráðherra að halda til hvers kyns stjórnarathafna, sbr. 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Í tillögum stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár er horfið frá því fyrirkomulagi að ákvarðanir séu teknar með sameiginlegri undirritun forseta og ráðherra, þar sem sá fyrrnefndi er ábyrgðarlaus en sá síðarnefndi beri lagalega (og einnig pólitíska) ábyrgð gagnvart þinginu. Þeim ákvörðunum sem forseta er ætlað að taka er fækkað með það fyrir augum að þær (fáu) ákvarðanir sem forseti hafi með höndum, taki hann persónulega og án atbeina ráðherra. Þetta er þó raunar ekki alls staðar skýrt, sbr. t.d. 63. og 85. gr. tillagnanna.

Eftir stendur hins vegar að forseta er ætlað tiltekið hlutverk sem handhafa framkvæmdarvalds, ekki síst við skipun æðstu embættismanna. Í tillögum stjórnlagaráðs er hvorki að finna ákvæði um ábyrgð né ábyrgðarleysi forseta sem framkvæmdarvaldshafa. Óljóst er t.d. hvort og hvernig unnt yrði að höfða einkamál gegn forseta vegna embættisathafna.

Hvað sem því líður virðist hæpið að um einhvers konar lagalega ábyrgð forseta gagnvart Alþingi yrði að ræða. Ef þetta er rétt yrðu athafnir forseta flokkur framkvæmdarvaldsathafna sem enginn, hvorki ráðherra né forseti, ber lagalega ábyrgð á gagnvart þinginu.

Þegar um er að ræða þátttöku forseta í lagasetningu (sbr. núgildandi málskotsheimild hans til þjóðarinnar) er e.t.v. rökrétt að ábyrgð forseta á ákvörðunum, sem eru í eðli sínu pólitískar, sé eingöngu pólitísk og komi fram í forsetakosningum.

> Vart er ætlunin að stofna til embættis sem ber enga lagalega ábyrgð og nýtur einskis aðhalds frá öðrum stofnunum ríkisins, þ.e. þingi og dómstólum?

Öðru máli gegnir hins vegar um framkvæmdarvaldsathafnir sem grundvallast eiga á lögum og stjórnast af lögbundnum sjónarmiðum, líkt og á ótvírætt við um skipun embættismanna. Því má svo bæta við að Stjórnlagaráð skilgreinir allar athafnir forseta sem framkvæmdarvaldsathafnir andstætt fyrri stjórnarskrá (sjá 2. gr. tillagna). Hefði því mátt ætla af þessu að ábyrgð forseta Íslands yrði betur skilgreind en áður var, ekki síst með hliðsjón af því að lýðveldið á framvegis að hafa „þingræðisstjórn“, sbr. 1. gr. tillagna. Vart er ætlunin að stofna til embættis sem ber enga lagalega ábyrgð og nýtur einskis aðhalds frá öðrum stofnunum ríkisins, þ.e. þingi og dómstólum?




# Ályktanir 33. landsþings NLFÍ í október 2011

Erfðabreyttar lífverur

Gunnlaugur K. Jónsson
forseti NLFÍ



Náttúrulækningafélag Íslands (NLFÍ) birti heilsíðu auglýsingu í Fréttablaðinu 15. október sl. þar sem fram koma ályktanir landsþings NLFÍ sem haldið var 1. október sl. Þær má finna á heimasíðu samtakanna. (www.nlfi.is) Hópur starfsmanna LbhÍ og HÍ birtir opið bréf til stjórnar NLFÍ í Fréttablaðinu 10. nóvember sl., tengt ályktunum þingsins, þar sem spurningarmerki er sett við það hvort erfðabreyttar lífverur séu hættulegar fólki.

Í umræddri grein er m.a. vísað í ítarlegar rannsóknir þar sem gögn bendi ekki til neinnar sérstakrar hættu sem heilsu fólks stafi af erfðabreyttum lífverum. Gera höfundar þá kröfu að samtökin hræði ekki almenning með staðlausum fullyrðingum. Stjórn NLFÍ beinir því til hlutaðeigandi að það hefur ekki farið framhjá samtökunum, frekar en öðrum þeim sem fylgjast með þessum málum, að því fer víðsfjarri að sátt ríki um þessi mál innan „vísindasamfélagsins“. Bæði hér á landi og erlendis.

Allt frá árinu 2003 hefur landsþing NLFÍ lagst gegn því að heimiluð verði í tilraunaskyni útiræktun erfðabreyttra plantna hér á landi og varað við þeirri hættu sem slík ræktun hefur í för með sér fyrir ímynd og hreinleika Íslands og opinber markmið um sjálfbæra þróun. NLFÍ telur sér skylt að beita sér fyrir því að náttúra og lífríki Íslands fái í öllu að njóta velvildar vafans.

NLFÍ hefur á undanförnum áratugum verið langt á undan sinni samtíð m.t.t. ýmissa mála sem haldið hefur verið á lofti í þeim tilgangi að stuðla að náttúruvernd, bættri heilsu og velferð landsmanna. Oftar en ekki í mikilli andstöðu við ríkjandi skoðanir „vísindasamfélagsins“. Nefna má áherslur NLFÍ á vægi heilbrigðra lifnaðarhátta á heilsufar, t.a.m. tengt mataræði, hreyfingu og þeirri staðreynd að einstaklingurinn verði að bera ábyrgð á eigin heilsu og velferð.

Á sínum tíma stóðu forsvarsmenn NLFÍ í miklum deilum við þáverandi stjórn Læknafélags Íslands. Deilan spratt af því að Jónas Kristjánsson læknir, þáverandi forseti NLFÍ, fordæmdi að tóbaksauglýsingar væru birtar í Læknablaðinu. Stuðningsmenn þessara auglýsinga, ekki síst menn úr „vísindasamfélaginu“, fóru hamförum og voru duglegir að vísa til ítarlegra rannsókna sem sýndu fram á skaðleysi tóbaks. NLFÍ var lýst sem óábyrgum öfgasamtökum sem héldi uppi hræðsluáróðri gagnvart almenningi með því að setja sig upp á móti tóbaksnotkun.

NLFÍ furðar sig á því hvers vegna yfirvöld sáu ástæðu til þess að fresta gildistöku matvælaþáttar reglugerðar nr. 1038/2010 („reglugerð um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs“), sem undirrituð var af ráðherra 14. desember 2010. Almenningur hefur mismunandi skoðanir á erfðabreyttum lífverum og erfðabreyttum matvælum. Hins vegar er með öllu óskiljanlegt að yfirvöld sjái ástæðu til þess að koma í veg fyrir að kaupandi matvæla hafi það val að ákveða sjálfur hvað hann leggur sér til munns eða gefur börnum sínum. Full ástæða er til þess að velta fyrir sér í þágu hverra ákvarðanir sem þessar eru teknar.

Í byrjun fimmta áratugs síðustu aldar var fullyrt að skordýraeitrið DDT væri nánast guðsgjöf sem myndi umbylta allri matvælaframleiðslu heimsins, mannkyni til heilla. Í dag efast enginn um þann skaða sem DDT hefur valdið vistkerfi jarðarinnar. Nú ber svo við að erfðatækninni er m.a. hampað sem bjargvætti m.t.t. matvælaframleiðslu jarðarinnar með svipuðum hætti og gert var á sínum tíma með DDT. Náttúrulækningafélag Íslands mun hér eftir sem hingað til halda sínu striki varðandi upplýsingamiðlun og fræðslu til almennings um hvaðeina sem samtökin álíta að varði náttúruvernd og heilbrigt líferni. NLFÍ krefst þess að í öllum málum þessu tengt fái almenningur og náttúra Íslands að njóta velvildar vafans. Berum ábyrgð á eigin heilsu!

# Gagn – rýni

Jafnréttismál

Ásta Jóhannsdóttir
doktorsnemi í félagsfræði



Hinn 10. nóvember síðastliðinn birtist í Fréttablaðinu og á visir.is pistill eftir Gunnar Hersvein þar sem hann fjallar um gagnrýna greiningu okkar á Öðlingsátakinu 2011. Við og Gunnar Hersveinn erum sennilega sammála í langflestum tilfellum þegar kemur að jafnréttismálum. Öllum þykir okkur fjarvera karla í umræðunni um jafnréttismál grafalvarleg og viljum endilega fá fleiri karla með í baráttuna þar sem jafnréttisbarátta er barátta allra, karla og kvenna. Okkur virðist hann þó rangtúlka orð okkar og rannsóknarniðurstöður í nokkrum atriðum og viljum því árétta þau atriði.

Fyrst viljum við þó koma á framfæri ábendingu frá einum öðlinganna sem benti á mistök af okkar hálfu. Á bls. 21 í greininni er talað um sameiginlega ábyrgð foreldra á umönnun barna og jafna þátttöku í rekstri heimilis. Við segjum að einungis Sigurður Magnússon hafi í sínum pistli fjallað um þessi mál, en Karvel Aðalsteinn Jónsson gerði það einnig í sínum pistli. Þar var hins vegar áhersla hans fyrst og fremst á rétt foreldra en ekki umönnun. Þess vegna var hans orða ekki getið í þessu samhengi.

Gunnar Hersveinn virðist telja að það þurfi mun víðtækari rannsókn og greiningu til að svara rannsóknarspurningum okkar. Við teljum okkur þó hafa svarað rannsóknarspurningunum á fullnægjandi hátt með orðræðu og þemagreiningu á pistlunum. Við takmörkuðum okkur hins vegar við pistlana sjálfa sem voru þær upplýsingar sem aðgengilegar voru. Við höfðum engar forsendur til þess að meta það hvernig fjallað var um innihald pistlanna úti í samfélaginu, hvort umræðan þar væri gagnrýnin eða ekki. Víðtækari rannsókn væri vissulega gagnleg og gæfi dýpri þekkingu. Það dregur hins vegar, að okkar mati, ekki úr gildi rannsóknarinnar.

Gunnar Hersveinn telur að draumapistlahöfundar okkar séu „menntaðir femínistar sem skrifa helst um jafnrétti á heimili og ábyrgð á börnum“ og að við viljum skammta þeim efnisflokka til að skrifa út frá. Í fyrsta lagi þá nefnum við það að enginn þeirra skilgreini sig sem femínista, en gerum alls ekki kröfu um slíka skilgreiningu. Karlar sem tjá sig um jafnréttismál þurfa hvorki að vera menntaðir né skilgreina sig sem femínista og hvað þá heldur að þeir megi einungis tala um jafnrétti á heimili og ábyrgð á börnum.

Gunnar Hersveinn virðist telja að það þurfi mun víðtækari rannsókn og greiningu til að svara rannsóknarspurningum okkar.

> Fjarvera karla er vandi, um það er ekki deilt hér. Jafnréttisátak þarf hins vegar alltaf að gagn-rýna, rýna til gagns.

Athugasemd okkar er við útgangspunkt átaksins, að útgangspunkturinn þurfi að vera persónulegri til þess að koma í veg fyrir bergmál kynjakerfisins. Ástæðan fyrir áherslu okkar á jafnrétti á heimilum og umönnun barna er sú að jafnrétti á persónulega sviðinu er ákveðin forsenda fyrir jafnrétti á opinbera sviðinu. Í öðru lagi, þá fengu öðlingarnir 2011 ákveðna efnisflokka til þess að velja úr þegar þeir voru beðnir um að taka þátt í átakinu. Ekkert slíkt er lagt til af okkur.

Gunnar Hersveinn leggur áherslu á mikilvægi þess að fjölga körlum í umræðunni og það hafi Þórdísi Elvu tekist. Þar erum við algjörlega sammála, en það er ekki þar með sagt að þetta átak sé yfir alla gagnrýni hafið. Ekki frekar en rannsókn okkar.

Gunnar Hersveinn virðist telja að við séum að hæðast að körlum sem skrifi undir öðlingsnafninu. Það gerum við ekki þó að við veltum því upp í greininni hvort öðlingshugtakið hafi haft áhrif á hvernig karlarnir nálguðust viðfangsefnið. Það má velta því fyrir sér hvort hann sé að vísa í greinina „Tussan“ sem birtist á hugras.is sem hann tiltekur sem heimild í pistli sínum. Hún er hins vegar ekki okkar verk.

Gunnar Hersveinn undirstrikar að Öðlingurinn 2011 hafi verið „… vitundarvakning sem fólst í því að heyra sjónarhorn nokkurra karla.“ Hann telur að „… markmiðið hafi einnig verið að kanna hvort karlar sem lesa aldrei neitt um jafnréttismál myndu ef til vill lesa þetta og síðan meira og fleira eftir bæði kynin og taka loks þátt í umræðunni. Ekki er vanþörf á“.

Frábær hugmynd og góðra gjalda verð. Ef fólk sem er ekki vant að lesa um jafnréttismál les svo pistla um jafnréttismál sem bergmála kynjakerfið og festa það í sessi, t.d. mýtur um að konur séu að sigra heiminn, þá er tilgangninum sennilega ekki náð.

Fjarvera karla er vandi, um það er ekki deilt hér. Jafnréttisátak þarf hins vegar alltaf að gagnrýna, rýna til gagns. Rannsóknir hafa sýnt að það sé alls ekki sjálfgefið að jafnréttisátak leiði til aukins jafnréttis. Við hljótum að vera sammála um að jafnréttisátak eigi að stuðla að jafnrétti. Orðræðugreining á pistlunum sýnir að þó nokkrir þeirra bergmála kynjakerfið. Það teljum við ekki líklegt til árangurs. Þaðan sprettur þessi tillaga okkar um að útgangspunktur næsta átaks verði persónulegri: Hver er persónulegur ávinningur minn af kynjajafnrétti? Sú tillaga er þó auðvitað alls ekki yfir gagnrýni hafin. Við vonumst því til að næsta átak, sama hvaða útgangspunktur verður tekinn, verði gagn – rýnt til þess að markmiðum þess verði betur náð.

# Tveggja daga **verðsprengja** í Lyfjum & heilsu



BARA ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG

OROBLU

20% afsláttur af Oroblu sokkabuxum – fáðu þér nýjar sokkabuxur fyrir jólahlaðborðið

**20%** Afsláttur af Oroblu sokkabuxum

**20%** Afsláttur af L'Oréal snyrtivörum

L'ORÉAL

20% afsláttur af L'Oréal dömu- og herra-snyrtivörum – frábær jólagjöf, gríptu tækifærið núna




Vöruúrval getur verið mismunandi eftir apótekum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kringlan | Eiðistorg | Keflavík | Þorlákshöfn |
| Austurver | Hamraborg | Dalvík | Hella |
| JL-húsið | Fjörður | Ólafsfjörður | Hvolsvöllur |
| Domus Medica | Glerártorg Akureyri | Selfoss | Vestmannaeyjar |
| Glæsibær | Hrísalundur Akureyri | Hveragerði | |

PIPAR\TBWA • SÍA • 113168

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

***www.lyfogheilsa.is***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



39 **JONNY LEE MILLER** leikari er 39 ára í dag.

*„Ef maður tekur starf sitt alvarlega verður maður að vera skýr í kollinum og fylgja tilfinningu sinni.“*



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Sigurðsson**
Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést fimmtudaginn 10. nóvember. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 19. nóvember kl. 11.00.

**Árndís Ólöf Pálsdóttir**
**Ragnar Kristinn Guðjónsson** **Hafdís Pálsdóttir**
**Ríkarður Guðjónsson** **Jóhanna Rósa Jónsdóttir**
**Björg Guðjónsdóttir** **Bjarki Björgólfsson**
**Guðmundur Þór Guðjónsson** **Aðalheiður Einarsdóttir**
**Hugrún Guðjónsdóttir** **Magnús Marinósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Guðmundsdóttir Jónsson**

lést á sjúkrahúsi í Northampton, Massachusetts, sunnudaginn 6. nóvember.

**Sigmundur Magnús Jónsson, Easthampton, Massachusetts**
**Ingveldur Sigmundsdóttir Potter** **Clifford Mark Potter**
**Arndís Edda Jónsson** **Bergþór N. Bergþórsson**
**Gunnar B. Jónsson**
**Ásthildur H. Jónsson** **Bjarni Jónsson**
**Ómar G. Jónsson** **Rannveig H. Hermannsdóttir**
**Tryggvi S. Jónsson** **Jennifer H. Jónsson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Þórir Karl Jónasson**

sem lést á heimili sínu, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 17. nóvember kl. 15.00.

**Jón Daði**
**Tinna Margrét** **Ámundi**
**Mikael Darri**
**Jónas Helgi** **Helena Ósk**
**Valgerður Sara**

**Jónas Helgi Helgason** **Guðrún Sveinsdóttir**
**Sveinn Jónasson**
**Birgir Jónasson** **María Kristjánsdóttir**
**Rakel Jónasdóttir**
**Kristín Fönn, Kristján og Þórdís**





## TILBOÐSDAGAR

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru í nóvember.

*MOSAIK*
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Okkar ástkæri*

**Ragnar Ragnarsson**
Goðatúni 12, Garðabæ,

lést miðvikudaginn 9. nóvember. Jarðsett verður í Garðakirkju 25. nóvember kl. 15:00.

**Júlíana, Jóhanna, Sveinn, Kristján, Ingibjörg Magnúsarbörn**
**Sigurjón, Arnleif Margrét, Hrefna, Bjarni Kristinsbörn**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dómhildur Ástríður Guðmundsdóttir**
Hrafnistu í Reykjavík,
áður Rauðalæk 25,

lést á Hrafnistu þriðjudaginn 8. nóvember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

**Sigríður Árnadóttir Bernhöft** **Birgir Bernhöft**
**Magnús Árnason** **Guðný Guðmundsdóttir**
**Marta Árnadóttir** **Hafsteinn Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sveinn Gunnar Kristinsson**
Vallarbraut 21, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landakotsspítala laugardaginn 12. nóvember. Útför hans verður frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 18. nóvember kl. 11.00.

**Elín Snorradóttir**
**Björgvin Sveinsson** **Rúna S. Einarsdóttir**
**Valgerður Sveinsdóttir** **Reynir Daníelsson**
**Gunnar Sveinsson** **Eva Arnardóttir**
**Snorri Sveinsson** **Toril Amundsen**
**Líney Sveinsdóttir** **Þórarinn Sveinsson**
**Berglind Sveinsdóttir** **Kristinn Bjarni Þorvaldsson**
**og barnabörn.**



*Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúðarkveðjur við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, stjúpföður okkar og tengdaföður, afa, bróður, mágs og frænda,*

**Ólafs H. Óskarssonar**
fv. skólastjóra,
Logalandi 16, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll,

**Ingibjörg Björnsdóttir**
**Vilhjálmur Þorsteinsson** **Anna Ragna Magnúsardóttir**
**Þorsteinn og Hlín**
**Björn Þorsteinsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Snædís, Matthildur og Lena Charlotta**
**Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir Ásgeir Thoroddsen**
**Tómas Jökull, Ingibjörg og Svanbjörn Orri**

**Signý Þ. Óskarsdóttir og börn**
**Anna H. Óskarsdóttir, Þorgrímur Ólafsson og synir**
**Þráinn Sigurbjörnsson og synir**
**Skarphéðinn P. Óskarsson, Valgerður G. Björnsdóttir**
**og dætur.**



**STOFNFUNDUR** Stuðningshópurinn verður stofnaður í húsi Krabbameinsfélags Íslands við Skógarhlíð 8.

# Nýr stuðningshópur stofnaður

Stofnfundur stuðningshóps fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein í lungum og aðstandendur þess verður haldinn 17. nóvember frá klukkan 17 til 18 í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands, Skógarhlíð 8, Reykjavík, fyrstu hæð. Þar mun Hrönn Harðardóttir lungnalæknir fjalla um greiningarferli lungnakrabbameina á Landspítala og Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir segja frá reynslu sinni af því að greinast með lungnakrabbamein.

Ingibjörg greindist með lungnakrabbamein fyrir átta árum og er einn af hvatamönnum að stofnun stuðningshópsins. Hún segir það skipta gífurlegu máli að geta leitað til fólks sem hafi sömu reynslu þegar greiningin kemur og í gegnum meðferðina. „Maður er svo óskaplega einn,“ segir hún. „Og með þennan sjúkdóm fær maður að heyra það, bæði frá heilbrigðisstarfsfólki og öðrum, að maður geti eiginlega bara sjálfum sér um kennt, þannig að ofan á allt annað situr maður uppi með skömmina.“

Fundurinn er öllum opinn og Ingibjörg hvetur sem flesta til að mæta og hrinda af stað öflugu stuðningsstarfi fyrir þá sem greinst hafa með lungnakrabbamein.

- fsb



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Loftur Jóhannsson**
áður til heimilis að Ljósafossi,

lést á heimili sínu, Hrafnistu í Reykjavík, laugardaginn 12. nóvember.

**Jónína Loftsdóttir** **Haukur Stefánsson**
**Jóhann B. Loftsson** **Elfa Eyþórsdóttir**
**Gíslunn Loftsdóttir** **Hermann Bragason**
**Heimir S. Loftsson** **Ásta Óladóttir**
**Svana Sigtryggsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Lilja Árnadóttir**
Þórsgötu 20,
áður Þórhól, Neskaupstað,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 3. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum sýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks A2 á Grund fyrir góða og hlýja umönnun.

**Salgerður Ólafsdóttir**
**Lára Ólafsdóttir**
**Hafsteinn Ólafsson** **Eygló Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Volgt bað** með 1½ bolla af borðsalti getur dregið úr þreytu í líkamanum. Eins getur fótabað með eplaediki dregið úr þreytu í fótum.

















**Sigríður Finnbogadóttir æfir íshokkí með kvennaliði Bjarnarins.**

# Féll fyrir íshokkí



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Besta vinkona mín var að æfa íshokkí og dró mig með sér. Það þurfti bara eina æfingu til og ég var kolfallin,“ segir Sigríður Finnbogadóttir, sem hefur æft íshokkí með Birninum síðan hún var 18 ára. Sigríður lagði reyndar skautana á hilluna í eitt ár en áttaði sig á þeim tíma á mikilvægi íþróttarinnar í lífi hennar. „Ég komst að því að ég gat ekki lifað án þess að æfa. Íshokkíið gefur manni svo mikið, eiginlega hálfgerða lífsfyllingu. Lífið fer að hafa ótrúlega skemmtilegan tilgang – maður hittir skemmtilegt fólk og er að æfa skemmtilega hreyfingu. Tilfinningin þegar maður finnur

;FRAMHALD | 2






**Lauk má nota á mar** Skerið gulan lauk í tvennt og haldið sári lauksins við mar á húðinni. Lauksafinn hvetur til gróanda og marið hverfur fyrr en ella.

# Svengdarvitundin þjálfuð

**Hjúkrunarfræðingarnir Helga Sævarsdóttir og Helga Lárusdóttir hafa þróað meðferð fyrir konur í yfirvigt sem byggir á hugrænni atferlismeðferð og þjálfun svengdarvitundar.**

Njóttu þess að borða – meðferð byggð á hugrænni atferlismeðferð fyrir konur í yfirvigt, er yfirskrift rannsóknar sem hjúkrunarfræðingarnir Helga Sævarsdóttir og Helga Lárusdóttir hafa framkvæmt í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Rannsóknin fólst í því að útbúa fimmtán vikna námskeið fyrir tíu þátttakendur og kanna árangur þess. „Við héldum tvö námskeið á síðasta ári og er von á fyrri hópnum í árs eftirfylgd í desember og hinum í apríl. Markmiðið var ekki endilega þyngdartap heldur að þátttakendur tileinkuðu sér heilbrigðari lífsstíl,“ segir Helga Sævarsdóttir. Hún segir helstu niðurstöður þær að þátttakendur léttust engu að síður að meðaltali um 3,7 kíló og eins var marktækur munur til hins betra á þunglyndis- og kvíðaeinkennum og almennum lífsgæðum að námskeiðinu loknu.

Þær Helgur hafa báðar starfað innan heilsugæslunnar í yfir tíu ár og hitt sífellt fleiri konur með offituvanda. „Okkur hefur fundist vanta úrræði og þegar við fórum í nám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands ákváðum við að vinna í þessa átt.“ Námskeiðið settu þær saman í samráði við leiðbeinendur sína, þau Eirík Örn Arnarsson, prófessor í sálfræði og sérfræðing í hugrænni atferlismeðferð, Laufeyju Steingrímsdóttur, prófessor í næringarfræði, og Ludvig Guðmundsson, yfirlækni á offitusviði Reykjalundar.

„Við lögðum áherslu á heilbrigða lífshætti og að breyta til lengri tíma ásamt því að vinna með sjálfsmat og hugarfar.“ Helga segir offitu fjölþætt vandamál og að orsakirnar séu margar. Það þarf því að nálgast vandamálið með ýmsum hætti. „Við byggðum á hugrænni atferlismeðferð og undirgrein hennar sem við köllum þjálfun svengdarvitundar sem er mikið að ryðja sér til rúms. Þá er talað um að borða innan frá – eftir merkjum líkamans. Fólk verður meðvitaðra um það hvernig því líður áður en það byrjar að borða og hversu svangt eða satt það er. Því er kennt að leiða hugann að því hvað stjórnar því að það borði; hvort það er svengd, tilfinningar eða ytra áreiti. Auk þess eru hreyfing og slökun hluti af námskeiðinu.“

Helga segir konurnar hafa metið námskeiðið að því loknu og uppfyllti það væntingar þeirra að miklu eða öllu leyti. Í ljósi reynslunnar er stefnt að því að bjóða upp á það innan heilsugæslunnar. Helga segir námskeiðið laust við öfgar. „Það er betra að beita skynseminni og stefna að því að vera heilbrigður. Kílóin skipta ekki öllu máli ef fólk lifir heilbrigðu lífi enda margsannað að megrunarkúrar skila sér yfirleitt í stærra vandamáli síðar.

*vera@frettabladid.is*



Helga Sævarsdóttir og samstarfskona hennar, Helga Lárusdóttir, hitta sífellt fleiri konur með offituvanda og ákváðu að beina sjónum sínum að þeim í lýðheilsuvísindanámi við HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Framhald af forsíðu

skautana renna á ísnum og finnur lyktina, þetta verður allt saman partur af lífinu.“

Kvennahokkí er íþrótt sem er í miklum vexti um allan heim, og hér heima er engin undantekning á því. Sigríður segir mikla nýliðun í liði hennar, Birninum, sem æfir í Egilshöll. Þá eru svo margar stelpur að æfa með Skautafélagi Akureyrar að félagið er með tvö kvennalið.

Sigríður æfir mikið þessa dagana því í desember fer fram val í kvennalandsliðshóp, sem heldur til Suður-Kóreu í byrjun næsta árs til að að taka þátt í 4. deild á HM í íshokkí. Hún hefur áður spilað með landsliðinu á þremur alþjóðlegum mótum en tekur engu sem gefnu. „Það er valið í hópinn á hverju ári, það er alltaf pressa að standa sig og slaka ekkert á.“

*bergthora@frettabladid.is*



Sigríður og liðsmenn taka vel á móti nýliðum og lána þeim galla og kylfur.


JÓLAGJÖFIN
hennar og hans
Verð 24.000.-
Vinsælu kuldaskórnir
með mannbroddunum
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

Fallega
Jólaskeiðin
frá Ernu
Verð 16.500,-
ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is

Hómopatanám
Kynning:
Námsflokkur í Mjódd
Nóv 19, Föstud. kl.19.00
á vegum College of Practical Homeopathy á Íslandi. Fjögurra ára nám, mæting 10 helgar á ári. Námið mun gefa þér djúpa fræðilega og hagnýta þekkingu á efninu.
Uppl: Martin í 897 8190 martink@hive.is
www.homeopathytraining.co.uk
The College of Practical Homoeopathy

Á FERÐINNI
Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

Meirapróf
ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Nýtt námskeið hefst 16 nóvember

Stelpur Konur 60 PLÚS
Staðurinn - Ræktin
Líkamsrækt á rólegri nótunum
Síðustu námskeið fyrir jól
innritun í síma 581 3730
Sérsniðin líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri.
Rólegri yfirferð, sérvalin tónlist og skemmtileg stemning.
Myndast hefur einstaklega góður andi og vinskapur í þessum tímum.
Mánudaga og miðvikudaga kl 9:30 - fullbókað
þriðjudaga og fimmtudaga laust kl 9:30 - laust
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
Verð kr. 13.300
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

**bílaborg.is**



AUDI A6 new quattro. Árgerð 2005, ekinn 114 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.990.000. Rnr.131297. Ásett verð 3690 þús uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is



BMW X5 3.0i 3,0i panorama. Árgerð 12/ 2005, ekinn 91 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.290 Rnr.114578. Uppl síma 517-1111 eða 822-1970 www.bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**BÍLA KAUP S:577.1111**
bilakaup.com



AUDI Q7 Quattro S line. Árgerð 2007, ekinn 88 Þ.KM, Dísel, sjálfskiptur. Verð 8.990.000. tilboð 7.400.000.- staðgreitt!!



HONDA Accord sedan 2,4 Executive. Árgerð 2009, ekinn 25 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.750.000. Rnr.102478.



TOYOTA Land cruiser 120 vx. 33" Árgerð 2007, ekinn 48 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.204652.



SSANGYONG Musso sport. Árgerð 2005, ekinn 74 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.102407.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

**STÓRA BÍLASALAN**



Isuzu D-Max Árgerð 2007, ekinn 115þ. km, bsk. Flottur bíll á frábæru verði! Bíll á staðnum! Verð aðeins 2.290.000kr. Raðnúmer 152134. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**SUZUKI**



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

**bilauppbod.is**

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

**100bilar.is**
bílasala



HEST GROUP A hestakerra. Árgerð 2007, Flott og lítið notuð 3 hesta kerra, Ásett verð 990þús.kr Rnr.115808, er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



OPEL VECTRA Station. Árg 1999, ek 158 Þ.KM - 1.6 16V Sjálfskiptur - Ný tímareim - Ný skoðaður - Heilsársdekk - Álfelgur Verð 490þ. Rnr.154318. Möguleiki á 100% Visa-rað láni



NISSAN TERRANO II Árgerð 1998, ekinn 236 Þ.KM, 2.4 bensín, 5 gírar 7MANNA. NÝSKOÐAÐUR heilsársdekk, topplúga, dráttarkúla Topp bíll! Verð 540þ Möguleiki á 100%Visa rað láni Rnr.154361.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



Skoda Fabia árg. 2000 ekinn 68.000 km margt nýtt. Verð 490 þús staðgr. góður bíll. Uppl. s.894-4708



**750 þ. staðgreitt**
hyundai h1 starex árg'02. Ek.140þús. 4x4 7 manna. 31" dekk, góður bíll. Uppl. s.666 6550



BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 750 þús. Uppl. s. 662 0510



Mazda 3 1,6l sj. árg '04 verð 750þús sími 662 0510



Musso sport árg 2004 ek 72þ.km breyttur 35" verð 1.4m simi 6620510



Plymouth Voyager 7 manna árg 2000 ek.170þús einn m. öllu. Verð 300þ simi 6620510



Ford Escape Limited 4X4DR '05. 3L bensín. Ek. 65 þús. Skoðaður 2012. Verð 1.650 þús. TILBOÐ 1.250 þús. S. 616 2597.



Peogeot Expert Turbo Disel árg. '00. Skoðaður. Ek. 180 þ. km. 5 gíra. V. 350 þ. S. 616 2597.



Kia Ceed '08 Diesel.Ek 75þ - Enn í ábyrgð Ásett 2.290 Tilboð 2.090 Ný dekk, ný smurður,Bíll til sýnis hjá Öskju. S.7704077




50% ódýrara eldsneyti og lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Reiknaðu sparnað á www.islandus.is. Engin útborgun. Greitt með rekstrarsparnaði! Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.



Benz TDI E270 árg 2002 ek. 310þ Uppl. í s. 897 1731 og bilauppboð.is



**TILBOÐ 4.400.000**
Landcruiser 120VX Diesel ekinn 149.000. Nýskr. 10/2005, krókur, sjálfsk. Uppl.s. 892 3999

**3 bílar á góðu verði Yaris-Opel Corsa-Kia Picanto**
Til sölu Toyota Yaris Sol Árgerð 2004 Ekinn c.a. 130.000. Verð kr kr 850.000,- Opel Corsa Árgerð 2004 Ekinn c.a. 135.000. Verð kr 750.000,- Kia Picanto Árgerð 2005 Ekinn c.a. 110.000. Verð kr 750.000,- Upplýsingar í síma 6964950

Grár VW Passat '01. Ek. 176 þús. Beinskiptur. Þarfnast lagfæringar. Verð 180 þús. S. 618 7829

Nissan Patrol árg. 01, elegance. Ek. 220 þkm. 70 á vél, bilað olíuverk, er á nýjum 35", álfelgur. Áhvl. 1.170.000 þ. Tilboð óskast. Uppl. 857 2349

## 0-250 þús.



**Smábíll tilboð 199þús!!!**
OPEL CORSA SWING árg'98 1,4 ek.147 þús beinskiptur,skoðaður 2012,ný heilsárdekk!tilvalinn sem skólabíll,sprækur og eyðir litlu um 6 ltr/100 í blöndumum! ásett verð 340 þús Tilboð fæst á 199 þús ekkert prútt! s.841 8955



**TILBOÐ 225 ÞÚS!**
HYUNDAI ACCENT árg'98 1500 ek 150þús,3ja dyra beinskiptur,skoðaður 2012,ásett eyðir litlu! verð 320 þús Tilboð 225 þús! s.841 8955



Hyundai Accent árg. '98 5 gíra sk. '12 ek. 190 þús. Verð 125 þús. Uppl. í s. 891 9847 & 860 3970

## Til sölu



## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eyja, **6. 49, 8.** farfa, **9.** pumpun, **11.** tveir eins, **12.** grastoppur, **14.** einkennis, **16.** pípa, **17.** klæði, **18.** rell, **20.** grískur bókstafur, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hland, **3.** járnstein, **4.** hrörnun, **5.** sigað, **7.** læstur, **10.** þokki, **13.** útdeildi, **15.** yfirbragð, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** il, **8.** lit, **9.** sog, **11.** tt, **12.** skegg, **14.** aðals, **16.** æð, **17.** föt, **18.** suð, **20.** pí, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** piss, **3.** al, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** lokaður, **10.** geð, **13.** gaf, **15.** stíl, **16.** æsa, **19.** óð.






# Starfsmaður mánaðarins

**BAKÞANKAR**
**Júlíu Margrétar Alexandersdóttur**



Það er ekki að ástæðulausu að Rauði kross Íslands ákvað að taka málefni geðsjúkra sérstaklega upp á sína arma fyrir nokkrum árum. Ástandið þá var svo slæmt að talið var að geðsjúkir hér á landi væru fátækasta fólkið á Íslandi. Rannsókn sem svo var gerð af Páli Biering, dósent í geðhjúkrun við Háskóla Íslands, árið 2005 staðfesti þann grun. Og var það þó í miðju góðærinu.

**FÁTÆKTINA** má oftar en ekki rekja til atvinnuleysis. Milli 85-90 prósent þeirra sem hafa átt við geðræn vandamál að stríða í Bandaríkjunum eru atvinnulaus. Þetta mikla atvinnuleysi er ekki eingöngu tilkomið vegna þess að þeir sem hafa verið veikir séu óvinnufærir. Margra mánaða og jafnvel áralöng atvinnuleit sjúklinga í bata skilar litlum árangri. Mikill áhugi og einbeittur vilji fyrir því að fá vinnu hefur jafnvel lítið að segja.

**HÉRLENDIS** er það tilfinning margra sem hafa átt við geðræn vandamál að stríða að atvinnuumsóknin sé slegin út af borðinu vegna fyrri veikinda og fjölmargir hafa reynt langa og árangurslausa atvinnuleit. Á það bæði við um vel menntað fólk og þá sem hafa minni skólagöngu. Það gleymist að fólk nær sér af geðsjúkdómum líkt og öðrum veikindum. Ólíkt mörgum öðrum sjúkdómum er það þó eitt af lykilatriðum fyrir bata geðsjúkra að hafa vinnu.

**ALMENNT** þarf að upptæta mjög margar ranghugmyndir um geðsjúka og ekki síst vegna þess að það eru fyrst og fremst þær sem virðast standa atvinnutækifærum fyrir þrifum. Bandarísku geðhjálparsamtökin hafa staðið sig ágætlega í að kynna atvinnurekendum þar í landi góða reynslu af geðveikum starfskröftum og benda þeim á þær fjölmörgu rannsóknir sem sýna að geðveiki starfsmaðurinn er ekki síðri. Allra mikilvægustu skilaboðin sem samtökin vilja koma áleiðis eru að það að greinast með geðsjúkdóm felur ekki í sér hvarf til frambúðar af vinnumarkaðinum. Sem er algengasta ranghugmyndin.

**ÞÁ** hafa þau bent á rannsóknir sem sýna að vinnuveitendur hafa í langflestum tilvikum góða reynslu af því að hafa manneskju í vinnu sem glímt hefur við geðræna erfiðleika. Og hafa jafnframt í yfirgnæfandi tilfella verið mjög ánægðir með þá starfskrafta. Framsæknar geðstofnanir ytra hafa jafnvel komið skjólstæðingum sínum með allra erfiðustu geðsjúkdómana í launaða vinnu og í meira en helmingi tilvika hafði viðkomandi verið í sömu vinnu ári seinna.

**MARGIR** geðsjúklingar búa að reynslu sem nýst getur í starfi. Innsæi og sköpunarkraftur er meðal þess sem talið er mörgum geðsjúklingum til tekna. Reynsluheim þeirra geta atvinnurekendur séð sér færi í að nýta.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









Ódýrast!
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur
Ofurdagur
ORKAN
5 kr.
afsláttur af lítranum í dag*
Skeljungur
Ath!
Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.
Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land
Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**
ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!
*Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti, Afsláttarkorti eða staðgreiðslukorti Skeljungs. Gildir ekki með öðrum tilboðum og afsláttarkjörum.
Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**
ENNEMM / SIA / NM46422



• 4 sneiða brauðrist

**4.989kr.**

**Kenwood TT890**
Einföld og góð brauðrist fyrir fjórar sneiðar. Afþýðingarmöguleiki og endurhitun.

**Aðeins brot af úrvalinu!**



• Super lift & Cut
• Reflex Action hnífar
• 10 daga rafhlaða

**9.989kr.**

**Philips HQ6920**
Philishave hleðslu- og rafmagnsrakvél með Reflex Action hnífum (3 fljótandi hnífar), Super Lift & Cut, Easy Grip. Rafhlaða endist allt að 10 daga.



• AUX In fyrir iPod
• Leðuráferð

**3.989kr.**

**Dantax P680**
Lítil og lífleg FM útvörp með leðuráferð. AUX In fyrir iPod og Mp3 spilara, notar rafmagn eða rafhlöður.



• Rakatæki með gufu
• Stillanlegt rakastig

**4.989kr.**

**DeLonghi VH300**
400w rakatæki með 4,5 l vatnstanki og stillanlegu rakastigi. Hrein gufa. Fyrir allt að 60m3 rými. Áfylling endist u.þb. 15 klst.



• Handþeytari
• Með skál

**4.989kr.**

**Ariete DC1565 10AR0**
300w handþeytari með 3ja lítra skál, 5 hröðum og túrbó takka. Standur og skál fylgja.



• 500w blandari
• Mylur ís

**4.989kr.**

**Kenwood SB250**
500w Smootie blandari með 1,5 lítra könnu. Auðvelt að þrífa og getur mulið ís.



• Shiatsu nuddkoddi

**6.989kr.**

**Exido 231014**
Shiatsu nuddkoddi með 2 sjálfstæðum nuddkúlum. 12v straumbreytir og 12v tengi í bíl fylgir. Stærð: (HxBxD): 40,5 x 33 x 12 sm.




• 1000w heilsugrill
• Hitastillir

**7.989kr.**

**Ariete DC1911**
1000w heilsugrill með hitastilli og hitaljósi. Efri hluti færist eftir þykkt matar. Non-Stick - Auðvelt að þrífa.



• 450w matvinnsluvél
• Með blandara

**9.989kr.**

**Kenwood FP180**
450w matvinnsluvél með 1,0l blandara, Dual Drive System, 1 hraða og púls, 0,8L skál, stálhnífur ofl.



• 185sm kæliskápur
• Með 87 lítra frysti
• Orkunýting A

**79.989kr.**

**Beko CSA34000**
185sm kæliskápur með 205 lítra kæli og 87 lítra frysti. Orkuflokkur A. Mál (hxbxd): 185x60x60sm.



**Aðeins brot af úrvalinu!**

• 105 lítra frystikista
• Hraðfrysting
• Orkunýting B

**49.989kr.**

**Whirlpool AFG610MB**
105 lítra frystikista með 7,5kg frystigetu á sólarhring, hraðfrystingu og orkunýtingu B. 1 karfa fylgir. Mál (hxbxd): 85x53x58sm.




• 1800w ryksuga
• 310w sogkraftur

**14.989kr.**

**Hoover TFS5184**
1800w vönduð ryksuga úr Freespace línunni. 310w sogkraftur, 8m snúra og filterar sem má þvo.

# RAFTÆKJATILBOÐ

## FRÁBÆRT ÚRVAL

**Panasonic 50" Plasma**

- 600Hz Sub Field Drive
- DVB-T móttakari
- 2000.000:1 dýnamísk skerpa

**159.989 kr.**

**Panasonic TXP50C3**
50" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamiskri skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakari (MPEG4), kortalesara ofl.

Aðeins brot af úrvalinu!

**UNITED 19" LCD**

- DVB-T móttakari
- Með innb. DVD spilara

**36.989 kr.**

**United 19DD92HD**
FHD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1920x1080p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

**GRUNDIG 42" LCD**

- Full HD LCD
- Háskerpu DVB-T móttakari
- 3 HDMI tengi

**119.989 kr.**

**Grundig 42VLC4120C**
42" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p WUXGA upplausn, 3.000:1 skerpu, 5ms svartíma, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 3x HDMI, 2x USB, Scart, S-Video, VGA tengi ofl.

**TOSHIBA 40" LCD**

- Full HD LED
- 24p Playback
- 4 HDMI tengi

**109.989 kr.**

**Toshiba 40LV833N**
40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, 7,5ms svartíma, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

**TOSHIBA 32" LED**

- Full HD LED
- 24p Playback
- 4 HDMI tengi

**99.989 kr.**

**Toshiba 32VL733N**
32" Full HD LED LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, 24p playback, Progressive scan, háskerpu stafr DVB-T/C móttakara, Digital Plus, Wi-Fi Ready, USB, 4x HDMI, 2x Scart, LAN, VGA tengi, SD kortalesara ofl.

- DVD DivX spilari
- 1080p uppskölun

**14.989 kr.**

**Philips DVP3880**
Vandaður DVD DivX spilari með Progressive Scan, USB, HDMI tengi og 1080p uppskölun.

- Ferða DVD spilari
- Snúningsskjár
- Heyrnartól fylgja

**19.989 kr.**

**Lenco DVP736**
Flott ur ferða DVD spilari með 7" skjá og heyrnartólum. Fæst í þremur litum.

- Snoopy MP3 spilari
- Innbyggður hátalari

**4.989 kr.**

**Lenco MPBlaster Snoopy**
Flottur MP3 spilari með innbyggðum hátalara og 2ja GB minni (allt að 500 lög), USB tengingu og microSD kortarauf fyrir viðbótarminni.

- 300w heimabíó
- Innbyggður Blu-Ray spilari
- 5 hátalarar og bassabox

**59.989 kr.**

**Philips HTS3560**
300w heimabíókerfi með Blu-Ray spilara með 1080p uppskölun, DTS-HD og Dolby TrueHD 5.1 Surround Sound, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS-HD Ambisound, Dolby True HD, MP3 line-in, HDMI, USB, RDS FM útvarpi með 40 minnum, NET TV, USB 2.0 flash drifi ofl.

- Flott heyrnartól
- Mjúk eyrnaskjól

**3.989 kr.**

**Lenco HP120**
Flott mjúk heyrnartól og eyrnaskjól. Fást svört hvít eða bleik.

*Tilboðin gilda til 22. nóvember eða meðan birgðir endast.*

**12 mánaða vaxtalausar greiðslur í boði!***

*Vaxtalausar raðgreiðslur með 3% lántökugjaldi og 295kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

**HILDIGUNNUR BIRGISDÓTTIR** ræðir við gesti um sýningu sína, Blettur, í Hafnarhúsinu á fimmtudag kl. 18. Sýningu hennar lýkur næstkomandi sunnudag, en hún er jafnframt næstsíðasta verkefni salarins um óákveðinn tíma. Sýningin er byggð út frá marbletti sem listamaðurinn fékk á upphandlegginn og sá stjörnuþoku.

# Upplestur og góðgæti

Sigríður Víðis Jónsdóttir höfundur bókarinnar Ríkisfang: Ekkert les upp úr bók sinni í Landnámssetrinu í Borgarnesi á fimmtudagskvöld. Með henni verða þær Lína Mazar og Abeer Mahmood, tvær af söguhetjum bókarinnar og elda spennandi rétti frá Írak og Palestínu. „Ilmur af möndlum, kanil, kardimommum og margvíslegum spennandi kryddum fylla salinn ásamt ljúfum, arabískum tónum,“ eins segir í fréttatilkynningu. Í bók Sigríðar er fjallað um Línu, Abeer og hinar flóttakonurnar sem fengu hæli á Akranesi haustið 2008. Uppákoman hefst klukkan sjö en bóka þarf fyrirfram.




Hádegistónleikar
í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45
ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR
Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil
LJÁÐU
OKKUR
EYRA



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Ársfundur
Listaháskólans
2011

Listaháskóli Íslands boðar til ársfundar
miðvikudaginn 16. nóvember kl. 16:30.

Fundurinn verður haldinn í tónlistarsal skólans við Sölvhólsgötu, gengið inn frá horni Sæbrautar og Klapparstígs.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opinn.

Stjórn Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

# Minnimáttarkennd vék fyrir yfirburðahyggju

**Ísland og ímyndir norðursins er heiti bókar sem er afrakstur fjögurra ára rannsóknarverkefnis íslenskra og erlendra fræðimanna. Sumarliði R. Ísleifsson, ritstjóri bókarinnar, segir bæði horft til fortíðar og samtímans í greinum fræðimannanna.**



**SUMARLIÐI R. ÍSLEIFSSON** Með útgáfu bókarinnar Iceland and Images of the North er fjögurra ára rannsóknarvinnu lokið. Sumarliði ritstýrir bókinni en samstarfsmaður hans í því verki er Daniel Chartier. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það eru nokkrir þræðir sem eru sameiginlegir þegar horft er á hvernig Íslandi er lýst í gegnum tíðina. Í fyrsta lagi má segja að landfræðilegar aðstæður, það að Ísland er eyja, hafi áhrif á það hvernig landinu er lýst en það eru sameiginlegir drættir í lýsingum á eyjum, hvar sem þær eru í heiminum. Svo má segja að norðrið, hið ímyndaða norður, hafi mikil áhrif. Fyrir 200 árum voru lýsingar á Grænlandi og Íslandi til að mynda mjög líkar. Svo má nefna smæðina sem litar frásagnir af landinu,“ segir Sumarliði R. Ísleifsson, ritstjóri bókarinnar Iceland and Images of the North, sem er nýkomin út í samstarfi Reykjavíkurakademíunnar og Háskólans í Québec.

Bókin er afrakstur rannsóknarverkefnis sem sett var á laggirnar árið 2007. Rannsóknarefnið var Ísland og ímyndir norðursins og í hópnum voru bæði íslenskir og erlendir fræðimenn með fjölbreytilegan bakgrunn á sviði hugvísinda. Sumarliði segir margbreytileikann ánægjulegan, fræðimenn úr ólíkum geirum eigi oft erfitt með að ná saman en það hafi tekist afar vel til að þessu sinni.

Í bókinni er bæði fjallað um hvernig ímyndir verða til og þróast sögulega en einnig hvernig þessar ímyndir birtast í samtímanum. Sumarliði segir áhugavert hversu stóran hlut sjálfsmyndar Íslendinga megi rekja til rómantískra hugmynda 19. aldarinnar.

„Þýska rómantíkin og þjóðernishyggja 19. aldarinnar móta að miklu leyti hugmyndir manna um Ísland í dag. Samkvæmt þessum hugmyndum hafa Íslendingar varðveitt kjarna norrænnar menningar, eru víkingar til orðs og æðis.“ Þessar hugmyndir verða svo órjúfanlegur þáttur íslenskrar sjálfsmyndar, sem að sögn Sumarliða einkenndist af mikilli minnimáttarkennd um aldamótin 1900. „Um 1920 verður til hugtak í Þýskalandi um hina heilögu eyju í norðri. Yfirburðahyggjan átti svo eftir að rata víða. Hún er stór þáttur í kennslubókum Jónasar frá Hriflu í sögu og hún var sannarlega til staðar í umræðunni um íslensku útrásarvíkingana.“

sigridur@frettabladid.is

## ÍMYND ÍSLANDS Í FRAMHALDI HRUNSINS

Hópurinn sem stendur að bókinni Iceland and Images of the North stendur fyrir málþingi í Reykjavíkurakademíunni í dag klukkan 15. Á málþinginu verður rætt um ímyndir Íslands og munu þátttakendur í pallborði velta fyrir sér hvort hrunið hafi haft einhver áhrif á ímynd Íslands. Málþingið hefst á því að Sumarliði Ísleifsson kynnir bókina og hugmyndafræði hennar. Kristinn Schram, forstöðumaður Þjóðfræðistofu á Ströndum, flytur opnunarerindi en í pallborði sitja Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri, Jón Karl Helgason, dósent við Háskóla Íslands, Tinna Grétarsdóttir mannfræðingur og Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður markaðssóknar Íslandsstofu. Umræðustjóri er Viðar Hreinsson, stjórnarformaður RA. Málþinginu lýkur klukkan 17.

# Konan er alltaf ein

Bækur ★★★★

**Konan við 1000°**
Hallgrímur Helgason

**JPV - útgáfa**




Herbjörg María Björnsson, kölluð Herra, sögumaður í skáldsögu Hallgríms Helgasonar Konan við 1000°, er einhver eftirminnilegasta persóna sem skotið hefur upp kollinum í íslenskum bókmenntum langa lengi. Hún er byggð á Brynhildi Georgíu Björnsson-Borger, sonardóttur Sveins Björnssonar forseta. Steingrímur Sigurðsson skráði æviminningar Brynhildar í bókinni Ellefu líf sem út komu 1983, en Hallgrímur tekur sér bessaleyfi og skáldar lífshlaup hennar upp á nýtt, fléttar inn í það sögum frá Svefneyjum í upphafi síðustu aldar, lýsingum á upplifunum hennar sjálfrar og föður hennar í seinni heimsstyrjöldinni, einsetu í Hrefnuvík, daglegu lífi á Bessastöðum í upphafi lýðveldis og fleiru og fleiru. Tekur enda fram í nótu í upphafi bókar að Herbjörg María, faðir hennar og móðir séu skáldsagnapersónur sem megi ekki rugla saman við fyrirmyndirnar. Engu að síður vekur sagan auðvitað forvitni um líf hinna raunverulegu persóna, ekki síst þar sem aðrar persónur sögunnar bera rétt nöfn fólksins í kringum þessar skálduðu persónur og sögulegar staðreyndir fléttast saman við skáldskapinn. Google-leitarvélin lendir í yfirvinnu hjá lesendum þessarar sögu, sem hamast við að skilja „sannleika“ frá skáldskap.

Saga Herbjargar Maríu er, þrátt fyrir glæsta ættartölu hennar, saga lítilmagnans í trylltum heimi tuttugustu aldarinnar. Tryllingi sem nær hámarki í heimsstyrjöldinni síðari þar sem unglingurinn Herra hrekst um á eigin vegum og berst fyrir lífi sínu frá degi til dags. Lýsingarnar á upplifunum hennar og föður hennar í stríðinu eru magnaðar og hrollvekjandi og öðruvísi en allt annað sem hefur verið skrifað á íslensku. Húmorinn er þó aldrei langt undan því Hallgrímur hefur einstakt lag á að sjá það spaugilega, jafnvel í hörmulegustu kringumstæðum. Raunar keyrir mælska hans og hnyttni stundum langt úr hófi og orðavaðallinn kæfir nánast myndir og merkingu á köflum, en því verður ekki á móti mælt að hann hefur gríðarleg tök á tungumálinu, teygir það og togar út á ystu nöf og nýyrðasmíðin lætur honum einstaklega vel.

Sem stílisti á hann fáa sína líka og toppar hér sjálfan sig trekk í trekk í frábærlega vel skrifuðum texta. Eini gallinn er að hann er stundum of hrifinn af eigin snilli, kann sér ekki hóf og keyrir út í mýri í frásagnargleðinni. Saga Herbjargar og persóna hennar eru þó það sterkar að lesandinn missir aldrei áhugann, sem betur fer því handan við næsta orðavaðal bíður alltaf mögnuð mynd, bráðfallegur texti og nýjar bugður á vegi frásagnarinnar.

Konan við 1000° gráður er mögnuð lesning sem best verður lýst með þeim orðum sem Hallgrímur leggur Herbjörgu í munn þegar hún hugsar um sögur allra þeirra einmana kvenna sem bíða bak við luktar dyr víðs vegar um Evrópu á meðan karlarnir eru á vígvellinum: „örlagaþrungin, harmræn, sorgleg, ævintýraleg, ótrúleg og alltof, alltof löng.“

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Mögnuð skáldsaga um einhverja eftirminnilegustu persónu sem íslenskar bókmenntir hafa alið.

# Lesa ljóð Jónasar

Börn úr grunnskólum höfuðborgarsvæðisins lesa sjálfvalin ljóð eftir Jónas Hallgrímsson á árlegri Jónasarvöku sem haldin er á morgun klukkan 17.15, á degi íslenskrar tungu. Vakan verður í bókasal Þjóðmenningarhússins við Hverfisgötu. Að vökunni standa Menningarfélagið Hraun í Öxnadal og Þjóðmenningarhúsið.

Markús Örn Antonsson, forstöðumaður Þjóðmenningarhússins, setur vökuna og býður gesti velkomna. Börn lesa síðan ljóðin, gera grein fyrir vali sínu og kynnum af Jónasi. Einar Clausen tenór syngur lög við ljóð Jónasar.


**JÓNAS HALLGRÍMSSON**

Tryggvi Gíslason, formaður Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal, kynnir.

# Er íslenskt landslag asnalegt?

Þýsk-bandaríski ljósmyndafræðingurinn og sýningarstjórinn Celina Lunsford heldur fyrirlestur sem ber heitið „Er íslenskt landslag asnalegt?“ í ráðstefnusal Arion banka á morgun klukkan 12.

Celina Lunsford er sýningarstjóri FotografieForum International og spannar sýningarstjóraferill hennar yfir 20 ár. Sérsvið hennar er alþjóðleg ljósmyndun. Lunsford er myndastjóri bókarinnar Ný náttúra / Frontiers of Another Nature sem bókaútgáfan Crymogea gaf út í tengslum við sýningu á verkum íslenskra samtímaljósmyndara í Frankfurter Kunstverein í Frankfurt am Main nú í haust.

Crymogea stendur fyrir fyrirlestrinum, sem fer fram í Arion banka, Borgartúni 19, og hefst sem fyrr segir klukkan 12.



**FYRIRLESTUR** Íslenskt landslag verður til umfjöllunar í erindi sem ljósmyndafræðingurinnn Celina Lunsford flytur í ráðstefnusal Arion banka á morgun.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 15. nóvember 2011**

### ➜ Tónleikar

**20.00** Fagottleikarinn Dagbjört Ingólfsdóttir, óbóleikarinn Gillian Haworth og píanóleikarinn Páll Barna Szabó leika ljúfa tóna á kammertónleikum í Hömrum. Miðaverð er kr. 2.900.



**20.30** Á þriðju tónleikum djasstónleikaraðar KEX Hostels kemur fram tríó söngkonunnar Kristjönu Stefánsdóttur. Aðrir meðlimir hljómsveitarinnar eru gítarleikarinn Ómar Guðjónsson og bassaleikarinn Valdimar K. Sigurjónsson. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Upplestur



**20.00** Árleg höfundakynning fer fram í Bókasafni Seltjarnarness. Þrír höfundar lesa úr bókum sínum. Jón Kalman Stefánsson les úr Hjarta mannsins, Ragna Sigurðardóttir úr Bónusstelpan og Ólafur Gunnarsson úr Meistaraverkið og fleiri sögur. Kaffi í boði Kvenfélagsins Seltjarnar. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Fyrirlesturinn Samanburðarlögfræði í framkvæmd verður fluttur af Antoine Lochet, hdl. sem útskrifaðist frá Háskólanum í París með meistarapróf í Evrópskum viðskiptarétti árið 2006 og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 2010. Erindið verður flutt á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í stofu M102 að Sólborg við Norðurslóð.

**12.05** Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni, mun fjalla um Hjálmar R. Bárðarson og sýningu á svarthvítum ljósmyndum hans sem nú stendur yfir í Þjóðminjasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**12.25** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Kínversk-íslenska menningarfélagið kynna fyrirlesturinn Samstarf Íslands og Kína á sviði menningar og skapandi greina í Öskju 131. Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður og Auður Edda Jökulsdóttir, menningarfulltrúi utanríkisráðuneytisins, munu fjalla um helstu þætti íslenskrar menningarkynningar í Kína. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




Myndskreyting: Kristján Þór / FÍT / dagsverk.is

# Yfir 10.000 áhorfendur

Íslandsbanki er aðalstyrktaraðili **Hvað ef?** skemmtifræðslu og býður grunnskólanemum á sýningar í vetur.

Yfir **10.000 manns,** unglingar, foreldrar og kennarar, hafa séð uppistands- og skemmtifræðslusýninguna **Hvað ef?** í Þjóðleikhúsinu frá haustinu 2010. Um 20.000 manns hafa séð sýninguna frá upphafi, en hún hóf feril sinn í Hafnarfjarðarleikhúsinu haustið 2005.

**Hvað ef?** hefur hlotið fádæma góðar viðtökur og lof áhorfenda og þeirra sem vinna við forvarnir og fræðslu. Með húmorinn og einlægnina að vopni er opnuð umræða um raunveruleika ungmenna á Íslandi og fjallað um mál eins og vímuefni, áfengi, kynferðisofbeldi, ölvunarakstur, einelti og foreldravandamál.

Íslandsbanki óskar aðstandendum verkefnisins til hamingju með frábæran árangur. Við erum stolt af að tengjast þessu glæsilega verkefni.

„Ein áhrifamesta forvarnarfræðsla sem ég hef upplifað. Frábær rússíbani og nemendur tala um atriðin lengi á eftir.“
*Stefán Helgi*

„Þetta var geðveikt leikrit ...(:“
*Guðrún*

„Þetta var mjög skemmtilegt og held að allavegana ég hafi lært eithvað á þessu :)“
*Magdalena*

HVAÐ EF · ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki



**18** ára aldursmunur er á Jennifer Lopez og dansaranum Casper Smart, en samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs eru þau kærustupar.



Tónlist ★★★★

**Svartir sandar**
Sólstafir

## Magnaður rokkpakki



Hljómsveitin Sólstafir er búin að vera starfandi síðan 1995. Svartir sandar er hennar fjórða útgáfa í fullri lengd, en síðasta plata, Köld, sem kom út fyrir tveimur árum, fékk mjög góðar viðtökur hjá gagnrýnendum á þungarokksmiðlum víða um heim. Sólstafir er líka mjög öflug tónleikasveit.

Svartir sandar er tvöfaldur tólf laga pakki. Fyrri plötuna kalla þeir Andvara og þá seinni Golu. Tónlistin er sem fyrr þróað þungarokk, kaflaskipt með löngum instrúmental köflum og flottri lagauppbyggingu. Það hafa lengi verið áhrif frá gotarokki níunda áratugarins í tónlist Sólstafa og þau eru augljós á svörtum söndum eins og áhrif frá sækedelíu og sýrurokki.

Þetta er mjög sterk plata. Sólstöfum hefur tekist að búa til magnaða stemningu á henni sem nær taki á manni strax í forspilinu í fyrsta laginu, Ljós í stormi, og heldur manni út plötuna. Fyrri platan, Andvari, er fjölbreyttari og stemningsfyllri. Á henni eru m.a. fyrrnefnt Ljós í stormi og smellurinn Fjara. Seinni platan er jafnari, en á henni er keyrt á spilagleðinni. Hið ríflega tíu mínútna langa lokalag Djákninn toppar hana. Báðar plöturnar eru þrælgóðar.

Á heildina litið er Svartir sandar bæði kraftmikil og sannfærandi rokkplata. Ein af þeim öflugri á árinu.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Ein af rokkplötum ársins.

# Lindex á Íslandi slær met

**Fjölmargir kaupglaðir Íslendingar lögðu leið sína í Smáralind um helgina í tilefni af opnun Lindex í Smáralind. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og sló opnunarhelgin 60 ára met í sögu sænsku verslanakeðjunnar, sem er þekkt fyrir tísku- og barnafatnað á lágu verði.**



**BÍÐA SPENNTIR** Viðskiptavinir biðu spenntir fyrir opnun verslunarinnar, en opnunarhelgin sló met í 60 ára sögu Lindex-verslanakeðjunnar.

„Við vissum að það var mikill áhugi á Lindex á Íslandi en þessi opnunarhelgi fór fram úr okkar björtustu vonum. Ísland tvöfaldaði síðasta met," segir Kaisa Lyckdal, upplýsingafulltrúi Lindex á aðalskrifstofu fyrirtækisins í Gautaborg. Lyckdal er ánægð með viðtökur Íslendinga á sænsku verslanakeðjunni. „Ísland er spennandi markaður og þar sem vörum okkar hefur verið svona vel tekið af íslenskum viðskiptavinum erum við að sjálfsögðu að skoða fleiri búðarstaðsetningar fyrir Lindex á Íslandi."

Ágangurinn var svo mikill í Lindex um helgina að það þurfti að hleypa inn í hollum og stórar raðir mynduðust eftir göngum Smáralindar. Eigendur Lindex á Íslandi, þau Albert Magnússon og Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, voru í skýjunum með viðtökurnar. Þegar Fréttablaðið náði tali af Alberti var hann nýbúinn að standa vaktina á kassanum í búðinni. „Við héldum að mánudagurinn yrði rólegri en svo er ekki og við tæmdum vörulagerinn okkar í nótt til að fylla búðina eftir helgina," segir Albert glaður í bragði, en þess má geta að nýjar vörur koma vikulega í Lindex svo það er engin hætta á að búðin tæmist.

**alfrun@frettabladid.is**




**HLEYPT INN Í HOLLUM** Búðin fylltist á örskömmum tíma eftir opnun á laugardaginn og þurfti að lokum að loka og hleypa viðskiptavinum inn í hollum.



**FORVITNI** Fjölmargir vildu sjá hvaða Lindex hefði að bjóða en verslunin sérhæfir sig í tískufatnaði á konur og börn á lágu verði.



**MIKILL ÁHUGI** Eins og sjá má var mikill áhugi á sænsku versluninni Lindex sem var opnuð í Smáralind um helgina.

# Hættir að leika fyrir fimmtugt

Brad Pitt segist vera tilbúinn til að leika í kvikmyndum í þrjú ár í viðbót en láta svo gott heita þegar hann verður fimmtugur.

Barnafjöldinn sem leikarinn á með Angelinu Jolie gæti haft eitthvað að gera með ákvörðunina, en Pitt segist verða reiður þegar hann hugsar um að börnin hans þekki ekki annan veruleika en að þurfa að búa bak við læst hlið til þess að vera laus við ágang ljósmyndara.

Hann viðurkennir að hann taki ákvarðanir á annan hátt eftir að hann eignaðist börn. „Þegar ég vel myndir sem ég vil leika í núna vil ég gjarnan að þær séu ekki jafn óþroskaðar og myndir sem ég hef áður leikið í. Ég er mjög meðvitaður um að börnin mín muni sjá myndirnar mínar þegar þau verða fullorðin. Ég vil að þau hugsi að pabbi þeirra sé alveg ágætur."



**FJÖLSKYLDUMAÐUR** Brad Pitt á sex börn með Angelinu Jolie og vill geta eytt meiri tíma með þeim. NORDICPHOTOS/GETTY

við prentum
TÍMARIT







- Bækur
- Tímarit
- Fyrir skrifstofuna
- Bæklingar
- Kynningarefni
- Fjölpóstur
- Dagblöð
- Stafræn prentun
- Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
UMHVERFISMERKI Prentgripur

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is



**Í ÁSTARSORG** Pippa Middleton ætti auðveldlega að geta fundið einhvern sem dreymir um frægð og frama eftir að sá síðasti gafst upp á fjölmiðlafárinu.

# Hætti við veisluhöld

**Pippa Middleton er í það mikilli ástarsorg að hún hætti við að fara á grímuball hjá hæstarétti landsins.**

Að fá boðskort í þá veislu þykir viðurkenning en Middleton, sem sló eftirminnilega í gegn í brúðkaupi systur sinnar Kate Middleton, treysti sér ekki til að fara. Breskir fjölmiðlar greindu frá því fyrir helgi að Middleton hefði hætt með kærasta sínum, Alex Loudon. Samkvæmt breska blaðinu Daily Mail er ástæðan sú að Loudon var orðinn þreyttur á öllum fjölmiðlasirkusnum sem hefur verið í kringum Pippu frá því að fjölskyldan tengdist bresku konungsfjölskyldunni. „Hann þoldi ekki að vera eltur af ljósmyndurum og mega ekki hreyfa sig án þess að birtast í blöðunum, hann elskar fjölskyldu sína og vini og hefur ekki tíma fyrir frægð.“



**TAKK!** Katy Perry ætlar að bjóða aðdáendum sínum á tónleika.

# Perry þakkar fyrir sig

**Söngkonan Katy Perry hyggst þakka aðdáendum sínum fyrir stuðninginn með því að bjóða þeim á tónleika í Los Angeles.**

Ekkert mun kosta inn á tónleika söngkonunnar í Stapleshöllinni í Los Angeles miðvikudaginn 23. nóvember, daginn eftir tónleika hennar í sömu höll sem verða hluti af tónleikaferðinni California Dreams.

Perry tilkynnti fríu tónleikana í þætti Ellenar Degeneres við mikinn fögnuð áhorfenda. Hún er nú að fylgja eftir plötunni Teenage Dream, sem hefur selst í milljón eintökum. Fimm lög af plötunni hafa náð toppi bandaríska Billboard-listans.

# Tilbúinn að kveðja

Hugh Laurie, sem leikur vandræðagemlinginn og lækninn House í samnefndum þáttum, telur að nú styttist í annan endann á framleiðslu þáttanna. Áttunda sería þáttanna er nú í sýningu og segir Laurie þann tíma liðinn að aðstandendur House þurfi að sanna sig fyrir gagnrýnendum eða framleiðendum.

„Þegar þessari seríu lýkur verða til 180 þættir af House. Það þykir mér eiginlega fáránlegt. Ég held að við séum komin á síðasta árið eða förum allavega að nálgast endinn.“



**GEÐÞEKKUR** Hugh Laurie segist eiga mest sameiginlegt með House áður en hann fær fyrsta kaffibollann sinn á morgnana.

# Justin í góðum gír

Justin Timberlake skemmti sér konunglega á árlegum dansleik hermanna í Bandaríkjunum. Honum var boðið þangað af Kelsey De Santis, en hún bjó til myndband á Youtube þar sem hún óskaði formlega eftir því að Timberlake yrði fylgdarsveinn sinn þetta kvöld. Fjölmiðlar þar vestra eru flestir mjög meðvitaðir um að Timberlake hafi notið góðs af þessu fjölmiðlatrixi sínu, en söngvarinn og leikarinn skrifar á vefsíðu sinni að hann hafi átt yndislegar stundir með De Santis. „Og ég hef aldrei upplifað það áður að konunni á stefnumótinu sé umhugað um að mér líði vel og að ég hafi allt sem ég þurfi,“ skrifar Timberlake, en leikkonan Mila Kunis þekktist svipað boð.



**Á HERMANNADANSLEIK** Justin Timberlake skemmti sér konunglega á hermannadansleik.




JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON

Flytjendur:

Jóhann Friðgeir Valdimarsson, tenór
Helga Rós Indriðadóttir, sópran

Guðný Guðmundsdóttir, *fiðla*
Gunnar Kvaran, *selló*
Svava Bernharðsdóttir, *víóla*
Victoria Tarevskaia, *selló*
Elísabet Waage, *harpa*
Richard Kork, *kontrabassi*
Daði Kolbeinsson, *óbó*
Eiríkur Örn Pálsson, *trompet*
Áslaug Rún Magnúsdóttir, *klarinett*
Helga Björg Arnardóttir, *klarinett*
Fiðlukór Guðnýjar Guðmundsdóttur
Vox feminae
Stúlknakór Reykjavíkur
Margrét J. Pálmadóttir, *kórstjórnandi*

STYRKTARTÓNLEIKAR

CARITAS ÍSLAND 2011

Í ÞÁGU MÆÐRASTYRKSNEFNDAR



HELGA RÓS INDRIÐADÓTTIR

Á efnisskránni eru meðal annars verk eftir:
Atla Heimi Sveinsson,
W.A.Mozart, J.S. Bach,
C. Franck, C. Gounod, G. F. Händel,
D. Scarlatti, F. Schubert, G. Verdi

Kristskirkju, Landakoti
Sunnudaginn 20. nóvember
kl. 16.00

Miðaverð kr. 3500
Allur ágóði rennur til Mæðrastyrksnefndar

Forsala aðgöngumiða er á midi.is og við innganginn

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
TOWER HEIST 700 KR. 12
IN TIME 700 KR. 16
BORGRÍKI 14
Þriðjudagur er tilboðsdagur.
TINNA 700 KR. 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér 7
THE THING 700 KR. 16

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| TOWER HEIST | 5.50, 8 og 10.15 |
| IN TIME 3D | 8 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | 5 |
| ÆVINTÝRI TINNA 2D | 5 |
| BORGRÍKI | 8 og 10 |
| THE THING | 10.15 |

SAMbio.is
SAMBÍÓIN
THE IDES OF MARCH – SVIKRÁÐ – Tilboð 750 kr.
TOWER HEIST – BEN STILLER EDDIE MURPHY – Tilboð 750 kr.
The Inbetweeners movie – Tilboð 750 kr.
Help – Tilboð 750 kr.
TINNA – 1000 kr. á 3D sýningar

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| TOWER HEIST | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| TOWER HEIST Luxus VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| THE IDES OF MARCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5:40 - 8:20 - 10:20 | 2D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:50 | 2D | 10 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| THE ADVENTURES OF TINTIN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 3D | 7 |
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE INBETWEENERS MOVIE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 5:40 | 3D | L |
| HELP | kl. 9 | 2D | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| HELP | kl. 5:30 | 2D | L |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS MOVIE | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 6 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 8 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| THE IDES OF MARCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5:40 - 8:30 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 8 | 3D | 12 |
| BANGSÍMON M/ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| TOWER HEIST | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:20 | 2D | 14 |
| WHAT'S YOUR NUMBER | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE THING | kl. 10:20 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
| --- | --- | --- |
| THE THING | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| JÓN OG SÉRA JÓN | kl. 6 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | L |
| KILLER ELITE | kl. 10:10 | 16 |
| TINTIN M/ Ensku Tali | kl. 6 | 7 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
TOWER HEIST – BEN STILLER EDDIE MURPHY – LÚXUS 12
THE HUMAN CENTIPEDE 2 ★★★ "STERK, FURÐULEG OG ÁHUGAVERÐ!" - EMPIRE – SÝND Í TAKMARKAÐAN TÍMA 18
IN TIME ★★★★ -K.K.L., MBL 12 midi.is
TINNA ★★★★ - T.V, KVIKMYNDIR.IS ★★★★ -Þ.Þ., FT ★★★★ - B.G., MBL. 7
BRAD PITT MONEYBALL ★★★★ „STÓRGÓÐ MYND. BRAD PITT ER ORÐINN EINS OG EÐALVISKÍ" -H.V.A., FBL L midi.is
"TIL HAMINGJU, ÍSLAND" ★★★★★ -H.S.S., MBL ★★★★ -R.E., FBL ★★★★ -Þ.Þ., FT L midi.is
JO NESBØ HEADHUNTERS 16 midi.is

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
| --- | --- | --- |
| TOWER HEIST | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| TOWER HEIST LÚXUS | KL. 4 - 10.20 | 12 |
| IN TIME | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 12 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 2D | KL. 3.20 | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 8 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.20 | L |
| BORGRÍKI | KL. 10.15 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
| --- | --- | --- |
| HUMAN CENTEPIDE | KL. 10.15 | 18 |
| HEADHUNTERS | KL. 5.45 - 8 | 16 |
| MONEYBALL | KL. 6 - 9 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| MIDNIGHT IN PARIS | KL. 10.15 | L |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 | L |

| BORGARBÍÓ (ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI) | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
| --- | --- | --- |
| TOWER HEIST | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| IN TIME | KL. 8 - 10 | 12 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 6 | 7 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

# Bók Tryggva Þórs fagnað

**Alþingismaðurinn Tryggvi Þór Herbertsson sendi á dögunum frá sér bókina Stjórnmál og hagfræði. Útgáfu bókarinnar var fagnað í Eymundsson á Skólavörðustíg á dögunum.**



Guðlaugur Þór Þórðarson og Tryggvi Þór Herbertsson.



Björgvin G. Sigurðsson þingmaður og Halldór Blöndal, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, komu í hóf Tryggva. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sólveig Baldursdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir, útgefandi hjá Bókafélaginu.



Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor og Einar K. Guðfinnsson alþingismaður.



Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Halldór Árnason.



Ragnar Árnason og Jóhann J. Ólafsson.

# Brosað út í annað

Bíó ★★

**Tower Heist**

Leikstjórn: Brett Ratner

**Aðalhlutverk:** Ben Stiller, Eddie Murphy, Casey Affleck, Alan Alda, Matthew Broderick, Téa Leoni

Þessi meinlausa gamanmynd segir frá hópi manna sem hyggjast ræna siðspilltan auðjöfur eftir að þeir, ásamt samstarfsmönnum þeirra, verða græðgi hans og fjárglæfrastarfsemi að bráð. Ben Stiller leiðir hópinn og er handviss um að einhvers staðar í íbúð auðjöfursins leynist falinn fjársjóður, en íbúðin er á efstu hæð í himinháum íbúðarturni sem er vaktaður allan sólarhringinn.

Söguþráðurinn er barnslega fallegur og býður upp á mikið grín. Áhorfandinn heldur með ræningjunum og vonar heitt og innilega að þeir nái að ræna ríka óbermið og fái til baka féð sem hann stal. Eddie Murphy gengur til liðs við ræningjana, en persóna hans á langan glæpaferil að baki og getur kennt ræningjunum eitt og annað. Það er gaman að sjá Murphy í nýrri mynd þar sem hann leikur aðeins eitt hlutverk, og það ekki í fitubúningi. Hann á fyndna spretti hér en hlutverkið hans er skammarlega lítið.

Tower Heist hefur allt sem til þarf nema brandarana. Leikarahópurinn er öflugur og Brett Ratner er enginn aukvisi þegar kemur að leikstjórn gamansamra spennumynda og hefði því átt að geta neglt þetta. Handritið er hins vegar ekki nógu fyndið og eftir stendur grínmynd þar sem grínið er af skornum skammti. Hvað er best að kalla myndir sem láta mann einungis brosa út í annað? **Haukur Viðar Alfreðsson**



**FJÁRSJÓÐSLEIT** Ben Stiller og Eddie Murphy leita að fjársjóði í íbúð siðspillts auðjöfurs.

**Niðurstaða:** Skítsæmileg flensumynd. Fleiri brandarar hefðu hjálpað.

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
ÞRIÐJUDAGUR: ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00, 20:00, 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ BORGRÍKI 18:00, 20:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.
VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!
ERKIFJENDUR
BAKKA-BALDUR EFTIR ÞORFINN GUÐNASON
BORGRÍKI

# SÝNDU DÆLULYKILINN OG FÁÐU AFSLÁTT!



LENGI LIFI SAMKEPPNI

AO ATLANTSOLÍA

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

**Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:**

MÁLNINGARVÖRUR EHF.

AÞ-ÞRIF BÍLAÞVOTTUR OG BÓN

AB VARAHLUTIR - ALLTAF BETRI

Aðalskoðun

kemi

GÚMMÍVINNSLAN

# sport

sport@frettabladid.is



**MAGNÚS ÞÓR GUNNARSSON** var í starfi jólasveinsins í gær er hann útdeildi 80 Lay's-snakkpokum á leik Keflavíkur og Hamars í Lengjubikarnum. Magnús var nappaður með slíkt snakk á bekknum í leik um daginn og heildsali snakksins sendi Magnúsi í kjölfarið heilan kassa af snakkinu. Hann leyfði stuðningsmönnum Keflavíkur að njóta þess í gær.

## ÚRSLIT

### *Eimskipsbikar karla:*

**Afturelding-Grótta 25-27 (17-13)**
Afturelding - Mörk (skot): Böðvar Páll Ásgeirsson 7 (18), Hilmar Stefánsson 5 (6), Sverrir Hermannsson 5 (7), Jóhann Jóhannsson 3/1 (4/1), Mark Hawkins 2 (7), Einar Héðinsson 1 (1), Helgi Héðinsson 1 (1), Daníel Jónsson 1 (7),
Varin skot: Hafþór Einarsson 5 (21/2, 24%), Davíð Svansson 3 (14/2, 21%),
Hraðaupphlaup: 11 (Hilmar 4, Böðvar 3, Sverrir, Jóhann, Mark, Einar )
Fiskuð víti: 1 ( Sverrir )
Utan vallar: 10 mínútur.
Grótta - Mörk (skot): Þórir Jökull Finnbogason 8/4 (9/5), Þorgrímur Smári Ólafsson 6 (8), Árni Benedikt Árnason 5 (8), Friðgeir Elí Jónasson 4 (5), Ágúst Birgisson 3 (3), Jóhann Jóhannsson 1 (9).
Varin skot: Magnús Sigmundsson 10 (28/1, 36%), Lárus Helgi Ólafsson 6 (13, 46%),
Hraðaupphlaup: 10 (Þorgrímur 4, Þórir 3, Friðgeir, Ágúst, Jóhann )
Fiskuð víti: 4 (Þórir 2,Þorgrímur, Jóhann, Hjálmar)
Utan vallar: 8 mínútur.

**ÍR-Valur 19-23 (11-10)**
Mörk ÍR: Hreiðar Haraldsson 6, Guðni Kristinsson 5, Davíð Georgsson 3, Ólafur Sigurgeirsson 2, Halldór Logi Árnason 1, Brynjar Steinarsson 1, Eggert Sveinn Jóhannsson 1.
Mörk Vals: Finnur Ingi Stefánsson 6, Sturla Ásgeirsson 5, Orri Freyr Gíslason 4, Anton Rúnarsson 4, Magnús Einarsson 2, Sigfús Sigurðsson 2.

**Stjarnan-HK**
Fréttablaðinu höfðu ekki borist úrslit er blaðið fór í prentun.

### *Lengjubikar karla:*

**KR-Skallagrímur 108-77**
KR: Edward Lee Horton Jr. 29/8 fráköst, David Tairu 22/8 fráköst, Kristófer Acox 11, Ólafur Már Ægisson 10, Emil Þór Jóhannsson 10, Finnur Atli Magnusson 8, Martin Hermannsson 8/8 stoðsendingar, Jón Orri Kristjánsson 6, Hreggviður Magnússon 5, Skarphéðinn Freyr Ingason 2.
Skallagrímur: Dominique Holmes 25/11 fráköst, Lloyd Harrison 15/11 fráköst, Sigurður Þórarinsson 11, Óðinn Guðmundsson 8, Hilmar Guðjónsson 6, Birgir Þór Sverrisson 3, Andrés Kristjánsson 3, Skúli Ingibergur Þórarinsson 2

**Keflavík-Hamar 111-64**
Keflavík: Charles Michael Parker 27, Jarryd Cole 16/12 fráköst, Almar Stefán Guðbrandsson 13, Ragnar Albertsson 11, Valur Orri Valsson 10, Hafliði Már Brynjarsson 9, Gunnar H. Stefánsson 8, Andri Þór Skúlason 5, Steven Gerard Dagustino 4/14 stoðsendingar, Andri Daníelsson 4.
Hamar: Halldór Gunnar Jónsson 22, Brandon Cotton 16, Bjarni Rúnar Lárusson 7, Louie Arron Kirkman 4, Kristinn Hólm Runólfsson 4, Bjartmar Halldórsson 4, Mikael Rúnar Kristjánsson 3, Ragnar Á. Nathanaelsson 2, Svavar Páll Pálsson 2

**Haukar-Fjölnir 90-68**
Haukar: Jovanni Shuler 20/12 fráköst, Christopher Smith 19/14 fráköst/5 stoðsendingar/7 varin skot, Örn Sigurðarson 14/9 fráköst, Haukur Óskarsson 13, Emil Barja 9, Sævar Haraldsson 7, Davíð Hermannsson 6, Guðmundur Sigurðs. 2.
Fjölnir: Calvin O'Neal 19, Nathan Walkup 13/12 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 12, Hjalti Vilhjálmsson 8, Árni Ragnarsson 6, Ægir Þór Steinarsson 5, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 3, Trausti Eiríksson 2/7 fráköst

# Reksturinn enn jafn erfiður og áður

**Körfuknattleikssamband Íslands hefur ákveðið að senda karlalandslið Íslands aftur til þátttöku í undankeppni Evrópumeistaramótsins eftir tveggja ára fjarveru. Landsliðsþjálfari kvenna verður ráðinn á næstu dögum. Forráðamenn KKÍ segja ríkið ekki styðja afreksíþróttamenn hér á landi nægilega vel.**

**KÖRFUBOLTI** Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands ákvað í síðustu viku að Ísland myndi aftur senda A-landslið karla til þátttöku í undankeppni Evrópumeistaramótsins eftir tveggja ára fjarveru. Þá er einnig fyrirhugað að setja aukinn kraft í allt landsliðsstarf sambandsins – hjá körlum, konum og yngri landsliðum.

Ákvörðunin hefur legið í loftinu enda réði KKÍ Svíann Peter Öqvist í starf landsliðsþjálfara fyrr á þessu ári og keppti liðið á Norðurlandamótinu í Svíþjóð nú í sumar. Kvennalandsliðið er enn án þjálfara en Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, segir að þjálfari verði ráðinn á næstu tveimur vikum. Ákveðið hefur verið að senda lið á Norðurlandamót kvenna í Osló í vor.

„Það var í raun bara tímaspursmál hvenær þessi ákörðun yrði formlega tekin," sagði Hannes í samtali við Fréttablaðið í gær.

**Rétt ákvörðun**

KKÍ fór í mikinn niðurskurð á þessum vettvangi fyrir fáeinum árum og segir Hannes að sú ákvörðun hafi verið rétt.

„Við höfum náð skuldum sambandsins niður að verulegu leyti á þessum tíma. Okkur hefði annars aldrei tekist það á þessum tveimur árum og þvert á móti aukið við skuldirnar. Þetta var ekki auðveld ákvörðun og við höfum hugsað mikið um hana. En ég tel að hún hafi verið rétt," segir Hannes.

„Hún var líka góð að því leyti að hún vakti til umhugsunar hvað þyrfti til að taka þátt í afreksstarfi sem þessu. Það er mjög dýrt og vitum við til að mynda ekki enn hvernig við ætlum að fjármagna rekstur landsliðanna næsta sumar," segir Hannes, en Ísland mun taka þátt í undankeppni EM á næsta ári.

**Ekkert hefur breyst**

Hannes segir að ekkert hafi í raun breyst í rekstarumhverfi sambandsins sem muni auðvelda rekstur landsliðanna nú. „Nema að við höfum náð skuldunum það mikið niður að við erum ekki lengur með þungan skuldabagga í eftirdragi. Við þurfum enn að fjármagna þessi verkefni sem við stöndum frammi fyrir og því miður hefur ríkisvaldið ekki staðið sig þegar kemur að því að styðja við afreksstarf í íþróttum á Íslandi," segir Hannes og bætir við:

„Við gerum okkur grein fyrir því að það eru erfiðir tímar á Íslandi í dag en ef það er vilji ríkisvaldsins og í raun þjóðarinnar allrar að halda úti afreksstarfi í íþróttum verður að styðja almennilega við það með viðeigandi fjárframlögum. Annars gengur slíkt starf aldrei upp, sama í hvaða íþrótt sem er."



**JÓN ARNÓR** Hér í leik með íslenska landsliðinu gegn Svartfjallalandi árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Ef það er vilji ríkisvaldsins og í raun þjóðarinnar allrar að halda úti afreksstarfi í íþróttum verður að styðja almennilega við það með viðeigandi fjárframlögum.
>
> **HANNES S. JÓNSSON**
> FORMAÐUR KKÍ

Forráðamenn KKÍ munu nú leita sér styrktaraðila til að geta sent landslið Íslands til þátttöku í alþjóðlegum keppnum. „Við teljum okkur geta fundið þetta fjármagn og ætlum okkur að gera það," segir Hannes.

**Áhuginn skilar sér til landsliðsins**

Hannes segir að KKÍ hafi fundið fyrir auknum áhuga á körfuboltaíþróttinni hér á landi, sérstaklega í Iceland Express-deildunum og víðar, og vonast til að hægt verði að yfirfæra þann áhuga á landsliðið. „Við höfum mikið verið spurðir út í landsliðsmálin, enda sjá menn að við höfum ýmislegt fram að færa á þessu sviði. Körfuboltaáhuginn mun því nýtast landsliðinu vel," segir Hannes.

Undankeppni EM fer nú fram með nýju sniði, en keppt verður með riðlafyrirkomulagi líkt og þekkist í fótbolta og handbolta. Það er því möguleiki á að Ísland dragist í riðil með sterku liði og að hingað til landsins komi þekktar kempur. Dregið verður 4. desember næstkomandi en allir leikirnir í undankeppninni fara fram á tímabilinu 15. ágúst til 11. september á næsta ári.

„Fyrir þessum breytingum höfum við verið að berjast undanfarin ár og rann okkur því blóðið til skyldunnar að taka þátt í þessu nú," segir Hannes, en Ólafur Rafnsson, fyrrverandi forseti KKÍ og núverandi formaður FIBA Europe, Körfuknattleikssambands Evrópu, átti stóran þátt í því að fyrirkomulaginu var breytt. „Þetta var í raun ákveðið á fyrsta fundi stjórnar FIBA Europe eftir að hann tók við. Hann fékk stuðning til þess og þetta er breyting sem þessi keppni þurfti á að halda."

eirikur@frettabladid.is

Tevez enn í Argentínu:

# Of dýr fyrir Boca Juniors

**FÓTBOLTI** Forseti Boca Juniors í Argentínu hefur útilokað að félagið bjóði í Carlos Tevez hjá Manchester City, þar sem hann sé einfaldlega of dýr.

Tevez fór í leyfisleysi til Argentínu í síðustu viku og er fullyrt í The Sun í gær að hann ætli sér að halda kyrru fyrir eitthvað áfram. Blaðið segir meira að segja möguleika á því að Tevez muni aldrei aftur stíga niður fæti á æfingasvæði Manchester City.

Daily Mirror birtir í gær frétt þar sem segir að forráðamenn Manchester City hafi gefið Tevez frest til dagsins í dag til að snúa aftur.

Það eru þó engar líkur á því að hann fái að spila með Boca Juniors á ný, en hann lék með félaginu í þrjú ár og er goðsögn hjá stuðningsmönnum.

„Út frá kostnaðarhliðinni er þetta einfaldlega ómögulegt," sagði forsetinn Jorge Amor Ameal. „Carlos er mikilvæg persóna hjá félaginu. Ég ræddi nýlega við hann og veitti honum minn stuðning." - esá

Grótta gaf gagnrýnendum sínum öllum langt nef í gær er liðið vann upp átta marka forskot Aftureldingar:

# Ótrúleg endurkoma hjá Gróttu í Mosfellsbæ

**HANDBOLTI** Grótta gerði sér lítið fyrir og sigraði Aftureldingu 27-25 á útivelli í 16 liða úrslitum Eimskipsbikars karla í gærkvöld.

Það blés ekki byrlega fyrir Gróttu, sem hefur tapað síðustu leikjum sínum í N1-deildinni stórt, þegar fimm mínútur voru til hálfleiks. Afturelding var átta mörkum yfir, 16-8, og gjörsamlega með leikinn í hendi sér. Þá myndaðist skyndilega barátta í liði Gróttu, sem minnkaði muninn í fjögur mörk fyrir hálfleik, 17-13.

„Við vöknuðum til lífsins. Menn fóru kannski að hugsa um Akureyrarleikinn þar sem við skitum í buxurnar með að lenda svona undir, hættum að berjast og koðnuðum niður. Núna fóru menn allt í einu í gang, hugsuðu um að berjast og gera þetta af fullum krafti. Þá er útkoman svona," sagði glaðbeittur Guðfinnur Kristmannsson, þjálfari Gróttu, en gestirnir af Seltjarnarnesi héldu uppteknum hætti í seinni hálfleik.

Grótta náði að minnka muninn í eitt mark en Afturelding náði aftur fjögurra marka forystu, 22-18. Þá lokaði Grótta vörninni og Magnús Sigmundsson markinu og skoraði Grótta fimm mörk í röð á næstu tíu mínútum.

Æsispennandi lokakafli tók við, þar sem taugar leikmanna Gróttu héldu betur og því verður Grótta í pottinum þegar dregið verður í átta liða úrslit en Afturelding er úr leik.

„Við slökuðum á, það kom upp einbeitingarleysi. Við hættum að keyra út í mennina, hættum að keyra hraðaupphlaupin. Við hættum að spila kerfin okkar. Við urðum óagaðir og eftir það var þetta jafn leikur. Menn lögðu sig fram en það var allt í járnum og þetta hefði getað dottið hvorum megin sem var," sagði Reynir Þór Reynisson, þjálfari Aftureldingar, spurður hvernig lið hans hefði kastað frá sér nánast unnum leik. - gmi



**GRIMMIR OG GLAÐIR** Gróttumenn fagna hér í gær eftir ævintýralegan sigur í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# AFSLÁTTARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# AFSLÁTTARDAGAR

**Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM



> **Stöð 2 kl. 21.45**
**Terra Nova**

***Spennan magnast í ævintýraþáttaröðinni Terra Nova sem er úr smiðju Stevens Spielberg. Josh lofaði kærustu sinni að hann myndi finna leið til að koma henni til Terra Nova en til þess gæti hann þurft að svíkja sína nánustu.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ SPYR

# *Er þetta ekki komið ágætt?*

Fróðleiksþorsti er til fyrirmyndar og það getur verið hin ágætasta skemmtun að svala honum. Þess vegna eru spurningaþættir oftar en ekki vinsælir, hvort sem er í útvarpi eða sjónvarpi. Nú eða á pöbbunum, því nú er svo komið að á hverju kvöldi er hægt að finna spurningakeppni á einhverjum pöbbnum á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta er allt saman ágætt. Stundum læðist þó að manni sá grunur að þetta sé að verða nóg. Er virkilega nauðsynlegt að allar sjónvarpsstöðvar landsins hafi sinn spurningaþátt? Slíkir þættir eru í eðli sínu eins: spurninga er spurt og svör koma fram. Tilbrigði við þetta stef eru í besta falli mínimalísk, grunnurinn er sá sami í öllum þáttunum.



Popppunktur, Útsvar, Spurningabomban, Ha!, Gettu betur, Nei hættu nú alveg, Viltu vinna milljón, Meistarinn, hvað þeir nú heita þessir þættir sem tröllríða, eða tröllriðu, öldum ljósvakans. Það er alveg sama hvernig menn krydda þessa þætti, undirstaðan er alltaf sú sama. Það er hægt að krydda lafskássu á ótal vegu en í grunninn verður hún alltaf lafskássa.

Þess vegna mætti gera hlé á þessum blessuðu spurningaþáttum, þó ekki væri nema eins og einn vetur. Hlé frá góðlátlegu gríni þáttastjórnenda, vandræðalegum svörum keppenda, sömu andlitunum að svara sömu spurningunum og frá sveittum efri vörum framhaldsskólanema. Það er ekki spurning.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eilífðarsmáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fótspor á himnum **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (32:52)
**17.31 Þakbúarnir** (31:52)
**17.43 Skúli skelfir** (14:52)
**17.54 Jimmy Tvískór** (24:26)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Laus og liðugur** (13:20)
**18.45 Maður og jörð - Á tökustað** (5:8) (Human Planet: Behind the Lens) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 360 gráður**
**20.35 Dans dans dans – Dansar í úrslitum**
**20.40 Fjársjóður framtíðar** (2:3) (Annar þáttur) Fylgst er með rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands.
**21.15 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Luther** (3:4) (Luther II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Anna Pihl** (10:10) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 Land of the Lost**
**08.00 As Good as It Gets**
**10.15 When In Rome**
**12.00 Prince and Me II**
**14.00 As Good as It Gets**
**16.15 When In Rome**
**18.00 Prince and Me II**
**20.00 Land of the Lost**
**22.00 Severance**
**00.00 Ghost Image**
**02.00 The Illusionist**
**04.00 Severance**
**06.00 Lethal Weapon**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (64:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (12:25)
**11.00 Hawthorne** (3:10)
**11.45 Hot In Cleveland** (5:10)
**12.10 Wonder Years** (20:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (8:23)
**14.25 So You Think You Can Dance** (9:23)
**15.10 Sjáðu**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (8:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (14:16)
**19.45 The New Adventures of Old Christine** (18:21)
**20.10 Two and a Half Men** (14:16)
**20.35 Mike & Molly** (10:24) Rómantískir gamanþættir úr smiðju Chuck Lorre og fjalla um Mike og Molly, tvo ofurvenjulega einstaklinga sem kynnast á fundi fyrir fólk sem glímir við matarfíkn.
**21.00 Chuck** (9:24)
**21.45 Terra Nova**
**22.30 Community** (6:25)
**22.55 Daily Show: Global Edition**
**23.25 The Middle** (4:24)
**23.50 Cougar Town** (16:22)
**00.15 Grey's Anatomy** (6:24)
**01.00 Medium** (3:13)
**01.45 Satisfaction** (9:10)
**02.35 The Nutty Professor**
**04.10 The Science of Sleep**
**05.55 Two and a Half Men** (14:16)

## SPORT *besta sætið*

**17.30 Danmörk - Svíþjóð**
**19.15 Fréttaþáttur**
**19.45 EAS þrekmótaröðin**
**20.15 Herminator Invitational 2011**
**21.00 OneAsia Tour - Highlights**
**21.55 Juventus - Man. Utd 21.4. 1999** Knattspyrnuárið 1999 líður stuðningsmönnum Manchester United seint úr minni. Nánast allt gekk upp hjá Rauðu djöflunum, sem hrósuðu sigri á þremur stórmótum.
**23.45 F1: Við endamarkið**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.40 Premier League Review 2011/12**
**18.35 Luis Enrique** Þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Luis Enrique, fyrrum leikmann Barcelona á Spáni.
**19.00 Premier League World**
**19.30 Man. Utd - Arsenal**
**21.20 Man. City - Wigan**
**23.10 Football League Show**
**23.40 QPR - Blackburn**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** (156:175)
**20.10 Bones** (5:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (4:22)
**22.40 Covert Affairs** (6:11) Ný og spennandi þáttaröð í anda Chuck um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA. Annie Walker er nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún er skyndilega kölluð til starfa en er alls ekki tilbúin til að fást við þær hættur sem starfinu fylgja.
**23.25 Twin Peaks** (4:8)
**00.15 Fangavaktin**
**00.55 The New Adventures of Old Christine** (18:21)
**01.15 Bones** (5:22)
**02.00 The Doctors** (156:175)
**02.45 Sjáðu**
**03.10 Fréttir Stöðvar 2**
**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.35 Parenthood** (13:22) (e)
**16.25 Rachael Ray**
**17.10 Dr. Phil**
**17.55 Got to Dance** (13:21) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (26:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (18:22) (e)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (17:22) (e)
**20.10 Outsourced** (10:22)
**20.35 Mad Love** (2:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um fjóra vini í New York. Tvö þeirra eru ástfangin en hin tvö þola ekki hvort annað – allavega ekki til að byrja með. Ben og Kate fara á sitt fyrsta formlega stefnumót en Larry og Connie sjá til þess að það gengur ekki smurt fyrir sig.
**21.00 Nýtt útlit** (10:12)
**21.30 Nurse Jackie** (7:12)
**22.00 United States of Tara** (7:12)
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Tobba** (8:12) (e)
**23.45 CSI: New York** (22:22) (e)
**00.35 Falling Skies** (4:10) (e)
**01.25 Smash Cuts** (47:52) (e)
**01.45 Everybody Loves Raymond** (18:22) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** World Golf Championship 2011 (1:4) **12.00** Golfing World **12.50** World Golf Championship 2011 (1:4) **16.40** LPGA Highlights (19:20) **18.00** Golfing World **18.50** Opna breska meistaramótið 2011 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2006 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**09.30** Inspector Lynley Mysteries **10.15** Inspector Lynley Mysteries **11.05** EastEnders **11.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **12.20** Come Dine With Me **13.10** ,Allo ,Allo! **13.35** ,Allo ,Allo! **14.00** Dalziel and Pascoe **14.50** Dalziel and Pascoe **15.40** Deal or No Deal **16.15** Come Dine With Me **17.05** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **17.50** QI **18.20** QI **18.50** Top Gear **20.05** Top Gear **21.00** The Graham Norton Show **21.45** QI **22.15** Free Agents **22.40** Skavlan **23.35** The Graham Norton Show **00.20** Top Gear

## DR 1

**11.35** Tæt på Dyrene **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.30** Et liv uden stoffer **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Den lille røde traktor **15.15** Tagkammerater **15.30** Lille Nørd **16.00** Hercule Poirot **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hvor er vi landet? **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Spise med Price **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Vera **22.30** Camilla Läckbergs Ulykkesfuglen **23.30** Borgen

## NRK 1

**11.00** Nyheter **11.15** Førkveld **12.00** Nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Folk **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Bondeknolen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.15** Min idrett **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.30** Bare Egil **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket

## SVT 1

**11.45** Skavlan **12.45** The Trip **13.15** Moln över Hellesta **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Sommarpratarna **20.00** Veckans brott **21.00** Michael Jackson och doktor Murray - en farlig relation **21.50** Dag **22.15** Broarna i Madison County **00.25** Rapport **00.30** Plus **01.30** Rapport **01.35** Boardwalk Empire

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:

ÚTTEKT Á PENINGAMÁLASTEFNUM ALLRA NORÐURLANDANNA.

GREINING Á HINDRUNUM VIRKS HLUTABRÉFAMARKAÐAR Á ÍSLANDI.




MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN




Allt sem þú þarft


★★★★★
„Bókin er svo jafngóð, að það er eiginlega lygilegt.“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ
Meistaralega skrifuð og ískrandi húmorísk skáldsaga eftir Hallgrím Helgason
„Ekki hægt að loka þessari bók.“
DER SPIEGEL
Hallgrímur Helgason
KONAN VIÐ 1000°
Herbjörg María Björnsson segir frá
Þeir sem kynnast Herbjörgu gleyma henni aldrei!
„Besta bók hans síðan Höfundur Íslands kom út.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN
★★★★
„... leiftrandi sagnalist [Hallgríms] er yndisleg ...“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN
„Stórvirki! Besta bók höfundarins.“
FREYR EYJÓLFSSON / RÁS 2
„... sprúðlandi fyndin bók.“
EGILL HELGASON / KILJAN
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



*„Tapashúsið er nýr staður sem er alveg frábær. Þar er ofboðslega fjölbreyttur og skemmtilegur matseðill og umhverfið er frábært.“*

Sigríður Aðalsteinsdóttir söngkona.

# Ragga Magg stofnar grínhóp í LA

„Þetta er verulega skemmtilegt og ég fæ góða útrás við þetta,“ segir Ragnhildur Magnúsdóttir, mastersnemi í New York Film Academy í Los Angeles og fyrrverandi útvarpskona á Bylgjunni.

Ragnhildur stofnaði nýlega grínhópinn Icelandic Poniez, sem framleiðir grínefni og birtir á vefsíðum á borð við Funnyordie.com. Ragga tekur þátt í að framleiða og skrifa grínið ásamt því að leika þegar hún er í stuði. „Í fyrsta verkefninu ákvað ég að leika sjálf þegar að stelpan sem ég vildi ráða komst ekki þann dag. Ég ákvað að láta vaða,“ segir hún.

Pétur Gautur Magnússon, bróðir Röggu, er með henni í hópnum ásamt nokkrum leikurum og tökuliði. „Þetta eru bæði nemar og fólk sem er að vinna í bransanum,“ segir Ragga. „Stelpan sem leikur Sylviu í myndbandinu Carlos & Brandi er til dæmis að leika í mynd með Andy Garcia. Svo eru tvær hörkuduglegar og yndislegar íslenskar stelpur í hópnum.“

Ragga segir framleiðsluna ekki vera tómt flipp, enda starfi allt að 15 manns á tökustað. Spurð hvert hópurinn sækir áhrif segir hún hversdagsleikann fullan af uppákomum, augnablikum og samtölum til að sækja í. „En það er stundum alvara á bak við grínið,“ segir hún. „Fyrsta myndbandið fjallaði um tilgerðarlegan umhverfishippa og hræsnara á stefnumóti, en seinna myndbandið um alkóhólisma og verulega sorglegt par. Þar gerðum við grín að glamúrnum hjá raunveruleikasjónvarpsþörum.“ - afb



**Í HOLLYWOOD** Ragga hefur stofnað grínhóp í Los Angeles.
MYND/GORGE VILLALPANDO

## FRÉTTIR AF FÓLKI





Teiknimyndin Þór virðist ætla að gera harða atlögu að þriðju Sveppamyndinni, en alls hafa 22 þúsund gestir séð þessa rándýru teiknimynd, sem var sjö ár í vinnslu. **Sveppi** er þó enn með í baráttunni, en rúmlega þrjátíu þúsund gestir hafa séð fjölskyldumyndina sem var „ögn“ ódýrari en teiknimyndin frá Caoz. Aðstandendur Borgríkis geta einnig vel við unað, fimmtán þúsund gestir hafa séð myndina. Þá hafa rúmlega átta þúsund séð Eldfjall **Rúnars Rúnarssonar** sem hlaut enn eina rósina í hnappagatið um helgina því hún fékk fyrstu verðlaun á kvikmyndahátíð í Denver. - fgg


## VIÐ ERUM FLUTT!

Fótaaðgerðastofan á **Heilsuhvoli** hefur flutt aðsetur sitt í Álfheima 74, 2.hæð, Glæsibæ.

Guðbjörg Hafsteinsdóttir löggiltur fótaaðgerðafræðingur, sjúkraliði og svæðanuddari.

Tímapantanir í síma 821 2627 eða 511 1000
omgh@isl.is – www.heilsuhvoll.is

HEILSUHVOLL

★ ★ ★ ★ RollingStone ★ ★ ★ ★

# 250 bestu plötur sögunnar

Nú geta viðskiptavinir Skífunnar gengið að bestu plötum sögunnar samkvæmt Rolling stone

**Úrvalið er í Skífunni!**




KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44
591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N


## JÓHANNA METÚSALEMSDÓTTIR: ÞRÖNGSÝNI OG TÍKARSKAPUR Á NETINU

# Umtöluð auglýsingaherferð með íslenskum mæðgum

„Það hefur enginn stoppað okkur úti á götu eða hringt en gagnrýnin á netinu hefur ekki farið fram hjá okkur,“ segir Jóhanna Metúsalemsdóttir skartgripahönnuður um viðbrögðin við auglýsingaherferð sem skartar henni og dóttur hennar, Indíu Salvöru Menuez, í aðalhlutverki.

Auglýsingaherferðin er fyrir nærfatahönnuðinn The Lake & Stars en þar sitja Jóhanna og India saman fyrir klæddar nærfatnaði frá hönnuðinum. Herferðin hefur vakið misjöfn viðbrögð og á vefsíðu The Huffington Post er að finna grein þar sem greinarhöfundur getur hreinlega ekki ákveðið hvort honum finnst herferðin snilldarlega framsett eða hreinlega vandræðaleg. „Kynþokkafullt? Fallegt? Mjög vandræðalegt? Við bara getum ekki ákveðið okkur,“ segir í greininni og viðbrögð lesenda við greininni láta ekki á sér standa. Flestum finnst myndirnar óþægilegar enda óvanalegt að sjá mæðgur saman í nærfatnaði einum klæða.

„Einn af hönnuðunum er nágranni minn hérna í Brooklyn og spurði hvort við hefðum ekki áhuga á að sitja fyrir í næstu herferð hjá þeim. Við samþykktum strax og fannst ekkert athugavert við það enda treystum við þeim algjörlega,“ segir Jóhanna í samtali við Fréttablaðið og bætir við að The Lake & Stars sé þekkt fyrir að búa til herferðir sem veki athygli og hristi upp í fólki.





**VEKUR UMTAL** Það er óneitanlega óvanalegt að sjá mæðgur saman í nærfataauglýsingu og hafa myndirnar vakið misjöfn viðbrögð netverja. **Jóhanna Metúsalemsdóttir** skartgripahönnuður er ánægð með auglýsingarherferðina sem skartar henni og dóttur hennar Indíu í aðalhlutverkum.

„Við erum mjög ánægðar með myndirnar og finnst þær gerðar á fallegan hátt. Mér finnst þær sýna hlýju, ást og einlægni milli mín og dóttur minnar,“ segir Jóhanna en viðurkennir vissulega að myndirnar séu sérstakar. „Ég ætla ekki að lesa meira af þessum viðbrögðum á netinu og þykir leiðinlegt að það sé svona mikil þröngsýni og tíkarskapur í gangi á netinu.“

Jóhanna er búsett í New York þar sem hún er með skartgripaframleiðsluna Kríu og hefur India dóttir hennar verið að prufa sig áfram í fyrirsætustörfum, en hún varð 18 ára í maí.

„Ég stend fyllilega á bak við þá ákvörðun að gera þetta og ég meina, hvaða mamma færi í fýlu yfir standa stolt með fallegri dóttur sinni á svona fögrum myndum?“ alfrun@frettabladid.is

# Louis Vuitton pantar íslenskan kór

„Þetta er feykilega spennandi,“ segir Hörður Áskelsson, stjórnandi kammerkórsins Schola cantorum.

Í lok mánaðar heldur átta manna hópur úr kórnum til Osaka í Japan þar sem hann mun syngja í tengslum við opnun tískuverslana Louis Vuitton. Schola cantorum er einn þekktasti kammerkór landsins og hefur komið víða við og hlotið fjölda viðurkenninga síðan hann var stofnaður árið 1996.

Kórinn er þekktur fyrir fjölbreytni í verkefnavali, til að mynda vann hann með Björk að Medúllu og tók þátt í flutningi Hrafnagaldurs Sigur Rósar, en þetta er frumraun kórsins í tískuheiminum. „Það er tískuhúsið Louis Vuitton í París sem pantar okkur í verkefnið. Böndin bárust að okkur í gegnum umboðsmann sem hafði spurnir af okkur, en þau vildu fá lítinn, góðan, norrænan kór til að flytja jólatónlist og norræna tónlist.“

Tískurisinn Louis Vuitton ætlar greinilega að opna með pompi og prakt í Osaka, því vinnan verður mikil að sögn Harðar. „Við munum syngja þarna nokkrum sinnum á dag í þrjá daga, á þremur stöðum í borginni. Þau vilja hafa efnisskrána fjölbreytta þannig að við munum flytja þjóðlega, íslenska tónlist í bland við hátíðlega jólatónlist. „Þetta er afskaplega skemmtilegt fyrir okkur sem erum svo heppin að vera boðið að gera þetta. Við ætlum bara að standa okkur vel og hafa gaman af.“

Þeim sem vilja sjá Schola cantorum áður en kórinn heldur í langferðina er bent á aðventutónleika sem haldnir verða 27. nóvember í Hallgrímskirkju. - bb



**HLAKKAR TIL JAPANSFARAR** Hörður Áskelsson segir þreifingar eiga sér stað um að kórinn syngi líka hjá Louis Vuitton í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.
58 · 12345 | dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tróð upp á Næsta bar

Það var kátt á hjalla á Næsta bar á fimmtudagskvöldið í síðustu viku. Staðurinn var þétt setinn af fastagestum úr lista- og menningargeiranum eins og lög gera ráð fyrir en öllum að óvörum mætti trúbador á svæðið, stillti sér upp og hóf að flytja lög eftir tónlistarmenn á borð við Rihönnu. Eins og kunnugt er hefur tónlist sjaldnast verið leikin á Næsta bar en stefnubreyting hefur greinilega orðið þar á. Umræddur trúbador var **Guðmundur Reynir Gunnarsson**, sem einnig er þekktur sem bakvörður úr knattspyrnuliði KR. Skemmst er frá að segja að fastagestirnir voru ekki lengi að láta sig hverfa þegar hann hóf leik en í staðinn fylltist staðurinn af ungu fólki og voru konur þar í miklum meirihluta.



### Fótboltamót fjölmiðlanna

Hið árlega fótboltamót fjölmiðlanna fór fram í Fífunni í Kópavogi á laugardag. Sjö lið skráðu sig til leiks og léku í einum riðli sem skar svo úr um hverjir komust í undanúrslit. Þar mættust annars vegar lið Fréttablaðsins og Morgunblaðsins og hins vegar lið Stöðvar 2 og Símans, sem var gestalið í mótinu. Í leik dagblaðanna bar Mogginn, með tónlistar- og knattspyrnumanninn Jón Jónsson í broddi fylkingar, sigur úr býtum 1-0 og leikur Stöðvar 2 og Símans fór í framlengingu þar sem stórstjörnur Stöðvar 2 höfðu betur. Meðal leikmanna liðsins voru **Guðmundur Benediktsson,** Tryggvi Guðmundsson, Hjörvar Hafliðason, Heimir Guðjónsson, Ívar Guðmundsson og Þorbjörn Þórðarson en í liði Símans var Arnar Sveinn Geirsson, leikmaður Vals. Í úrslitunum höfðu Stöðvar 2-menn betur gegn Morgunblaðinu og eru því fjölmiðlameistarar 2011.



**- hdm, mþl**

## Mest lesið vísir

1. Lindex tekið opnum örmum
2. Dómarinn þurfti ítrekað að biðja Breivik að halda kjafti
3. Ferðamaður stal dollurum af flugfreyju Icelandair
4. TF Sif fann hátt í 40 flóttamenn - smyglarar handteknir
5. Kirkjukórar hætta að syngja vegna þreytu


Katla
PIPARKÖKUHÚSALEIKUR



Taktu þátt og þitt hús gæti unnið til verðlauna
Sjá nánar á **www.katla.is**
Smáralind



# TILBOÐSDAGAR
## Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

### FREYJA, SAGA OG ÞÓR
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



**Verðdæmi:**
FREYJA / SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




2x90x200
Nú aðeins **399.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

### IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**




**10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.**
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



**BOAS**
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Hægindastóll **79.900**

## 20% AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurver og valdar vörur.

**VALHÖLL**, dýnur, á tilboði, 80 og 90 cm með botni og fótum, áður á 69.900, nú aðeins **59.900**.



**Hægindasófi**
í ljósu leðri
2 sæta verð áður 179.900
**tilboðsverð 99.900**




Svefn & heilsa




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**